Rannsakar pappírssögu

Menning ➤ 24

Tískan sem tungumál

Lífið ➤ 28

Sigraðu innkaupin
með appinu
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

87. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 5. MAÍ 2022

„Ég er bæði sorgmædd og reið,“ sagði Anna Jóna Jónsdóttir líffræðingur við Lambhagafoss í Vestur-Skaftafellssýslu í gær. Hnútuvirkjun mun raska fossinum og svæðinu í kring verulega. SJÁ SÍÐU 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kæra ákvörðun um notkun kopars í fiskeldi

Náttúruverndarsamtök vilja stöðva notkun koparoxíðs í fiskeldi. Efnið sest á botninn og er skaðlegt lífríki. Hafrannsóknastofnun bendir á níu ára leyfislausa notkun.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NÁTTÚRUVERND Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að sleppa fiskeldisfyrirtækinu Arctic Sea Farm við umhverfismat vegna notkunar koparoxíðs á net sín hefur verið kærð til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Um er að ræða þrjár kærur vegna eldis í Patreksfirði, Tálknafirði og Dýrafirði.

Koparoxíðið er til svokallaðra ásætuvarna og heitir Netwax E5 Greenline. Það er efni sem sett er á netin svo að gróður og annað setjist ekki á þau.

Hafrannsóknastofnun er mjög harðorð í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar og telur að notkunin ætti að krefjast umhverfismats. Varan flokkist í áhættuflokkana H400 og H410 sem þýði að varan sé mjög eitruð lífi í vatni og sjó og með langvarandi áhrifum. 80 prósent af koparnum losist út í umhverfið.

„Þó svo að kopar safnist ekki upp í lífkeðjum þá virkar hann staðbundið sem eitur á til dæmis þörunga og ýmsa hryggleysingja með því að hafa neikvæð áhrif á lífeðlisfræðilega ferla. Kopar virkar sem ásætuvörn einmitt vegna þess að hann er eitraður þessum lífverum,“ segir í umsögninni.

> Ef Arnarlax hefur notað þetta þá er það án heimildar og hefði fyrir löngu átt að stoppa þá starfsemi.

Óttar Yngvason, stjórnarmaður í Laxinn lifi

Tvær af kærunum koma frá náttúruverndarsamtökunum Laxinn lifi og ein frá einstaklingi.

„Þetta efni hverfur af nótunum og sest á botninn. Þetta er efni sem eyðist aldrei og er mjög skaðlegt fyrir lífríkið,“ segir Óttar Yngvason, stjórnarmaður í Laxinn lifi. „Það safnast upp og eitrar botninn.“

Í kynningu Arctic Sea Farm segir að Arnarlax hafi notað koparoxíð í ásætuvörnum í Arnarfirði síðan árið 2012 og vöktun hafi átt sér stað.

Í umsögn sinni bendir Hafrannsóknastofnun hins vegar á að Arnarlax hafi fyrst fengið leyfi fyrir notkuninni árið 2021.

„Ef Arnarlax hefur notað þetta þá er það án heimildar og hefði fyrir löngu átt að stoppa þá starfsemi,“ segir Óttar. Flestar eftirlitsstofnanirnar, svo sem Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun, hafi lengi verið meðvirkar með fiskeldisfyrirtækjunum.

Umhverfisstofnun taldi notkun koparoxíðsins ekki þurfa að fara í umhverfismat og Matvælastofnun tók ekki afstöðu.

Segist Óttar mátulega bjartsýnn á að kærurnar nái að snúa ákvörðuninni því úrskurðarnefndin hafi ekki tekið afstöðu með íslenskri náttúru nema í undantekningartilfellum. ■

Bandaríkin tryggi öryggi Svíþjóðar

gar@frettabladid.is

SVÍÞJÓÐ Bandaríkin munu tryggja öryggi Svíþjóðar á meðan hugsanleg umsókn Svía um aðild að Nató er til meðferðar.

Þetta sagði Ann Linde, utanríkisráðherra Svía, eftir fund með Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í gær.

Ann Linde, utanríkisráðherra Svíþjóðar

Finnar eins og Svíar íhuga nú alvarlega að sækja um aðild að Nató í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu. Linden segir Bandaríkjamennina hafa lýst miklum áhuga á inngöngu þjóðanna.

Í gær greindu Finnar frá því að rússneskri herþyrlu hefði verið flogið í leyfisleysi fjóra til fimm kílómetra inn í lofthelgi Finnlands.

Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, ávarpaði í gær dönsku þjóðina sem 4. maí minnist þess að hafa losnað undan hernámi Þjóðverja. „Þegar þið tendrið ljósin í þetta sinn bið ég ykkur að minnast barnanna í Úkraínu," bryndi Selenskíj fyrir Dönum. ■

Blásið í lúðra fyrir HönnunarMars

HönnunarMars var settur í Hörpu við hátíðlega athöfn í gær. Eins og nafnið gefur til kynna hefur hátíðin verið haldin í marsmánuði ár hvert. Sökum ánægju með tímasetningu hátíðarinnar nær sumri ákvað stjórn HönnunarMars að hátíðin færi fram fyrstu helgina í maí nú í ár, en hún fór fram í júní í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Borgi rútufyrirtæki hundruð milljóna

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað að Strætó þurfi að greiða rútufyrirtækinu Teiti Jónassyni ehf. rúmlega 205 milljónir króna með vöxtum frá árinu 2010 og málskostnað upp á rúmar 5 milljónir. Er það vegna brots á útboði 15 leiða árið 2009.

Málið hefur velkst lengi um í dómskerfinu og árið 2017 var Strætó dæmt skaðabótaskylt í Hæstarétti. Hafði Strætó brotið lög um opinber innkaup með því að semja við Hagvagna um aksturinn en það fyrirtæki uppfyllti ekki kröfur útboðsins.

Nú var verið að takast á um upphæð skaðabótanna. Teitur Jónasson fór fram á bætur upp á tæpar 440 milljónir króna með vöxtum frá árinu 2010 til 2019, auk dráttarvaxta frá þeim degi og málskostnaðar.

Strætó var dæmt skaðabótaskylt árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Strætó taldi að Teitur Jónasson hefði ekki sannað tjón sitt. Til að mynda hefði fyrirtækið getað hætt við kaup á vögnum. Krafa Teits Jónassonar var hins vegar byggð á hagnaði sem fyrirtækið varð af vegna útboðsins. Samkvæmt matsgerð frá árinu 2016 varð fyrirtækið af 100 milljónum króna en samkvæmt annarri matsgerð frá árinu 2018 varð það af 266 milljónum. ■

Segja lög um náttúruvernd brotin með Hnútuvirkjun

Formaður Landverndar segir skýrt brot á náttúruverndarlögum ef Hnútuvirkjun rís. Einstökum víðernum spillt.

bth@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR Anna Jóna Jónsdóttir, líffræðingur og hreppsnefndarfulltrúi í Skaftárhreppi, segir að brot verði framið á lögum um náttúruvernd ef Hnútuvirkjun í Hverfisfljóti verði að veruleika. Formaður Landverndar er sama sinnis.

Hnútuvirkjun mun rísa á fáförnum stað við einstæða náttúruperlu í Vestur-Skaftafellssýslu ef grænt ljós meirihluta hreppsnefndar á virkjunina leiðir til framkvæmdar.

Fréttablaðið lagði leið sína að Lambhagafossi á hinu fyrirhugaða virkjunarsvæði í gær en engir vegir eru að fossinum. Upplifun þess sem þangað kemur er að mannshöndin hafi aldrei komið nálægt svæðinu en það mun breytast mjög ef vegur verður lagður yfir hluta Eldhrauns Skaftáreldahraunsins, vatnsmagn fossins skrúfað niður og stöðvarhús rís steinsnar frá þessari fáförnu náttúruperlu.

Anna Jónsdóttir segir að í náttúruverndarlögum njóti staðir eins og þessi sérstakrar verndar vegna sögulegs og jarðfræðilegs mikilvægis.

„Hvað er sögulegra en móðuharðindin?" Spyr Anna Jóna og á þar við að með virkjuninni verði umhverfinu raskað með óafturkræfum hætti, svæði sem ætti að njóta sérstakrar verndar. Þar falli undir Lambhagafoss, Eldhraunið og fleiri staðir við eitt yngsta gljúfur landsins sem býr yfir tilkomumiklu stuðlabergi.

Auður Önnu Jónsdóttir, formaður Landverndar, segir þetta hárrétt hjá Önnu Jónu eins og fram komi í áliti Skipulagsstofnunar. Lög um

Vatnið í Lambhagafossi minnkar við Hnútvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Hvað er sögulegra en móðuharðindin?

Anna Jóna Jónsdóttir líffræðingur og hreppnefndarfulltrú

náttúruvernd verði þverbrotin ef Hnútuvirkjun verði að veruleika en óhægt sé að bregðast við, þar sem engin stofnun fjalli um brot sveitarfélaga af þessu tagi.

Auður bendir á að ef virkjanir séu yfir 10 megavöttum gildi aðrar reglur því þá þurfi virkjanir að fara í gegnum rammaáætlun. Þetta fyrirkomulag bjóði þeirri hættu heim að fámenn sveitarfélög taki ófaglegar ákvarðanir sem kunni að taka mið af frændsemi og skammtímahagsmunum með ómældum tilkostnaði.

Líkur eru á að kært verði til umhverfis- og auðlindanefndar þegar kemur til framkvæmdaleyfis. Einnig er mál fyrir ESA þar sem reynt verður að fá því hnekkt að sveitarstjórnir taki svo stórar og í raun ólöglegar ákvarðanir, að sögn Önnu.

„Ég er bæði sorgmædd og reið," sagði Anna Jóna þar sem hún horfði í átt að Lambhagafossi í gær. ■

Herra.
fatnaður
outlet
líka fyrir konur
Troðfull
verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur af öllum vörum
BOSS HUGO BOSS
Stenströms
HUGO HUGO BOSS
gardeur
SAND COPENHAGEN
EMPORIO ARMANI
bugatti
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Fjöldi útlendinga á kjörskrá hefur þrefaldast milli kosninga

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Á kjörskrá fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar eru 31.703 erlendir ríkisborgarar.

Í kosningunum fyrir fjórum árum síðan voru þeir 11.680. Fjöldinn hefur því nærri þrefaldast á aðeins fjórum árum, eða um 28.222 kjósendur.

Á þessum tíma hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað talsvert, úr 37.830 í 51.333. Það eru hins vegar aðeins 13.503 og hluti af þeirri tölu eru börn. Stærstur hluti fjölgunar útlendinga á kjörskrá er því vegna rýmkunar kosningalaga sem gerð var um áramót.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru stjórnmálamenn farnir að reyna að höfða til þessa kjósendahóps í auknum mæli og virkja hann til þátttöku í lýðræðinu.

En í síðustu sveitarstjórnarkosningum nýttu aðeins 30 prósent útlendinga hérlendis sinn kosningarétt.

Árið 2018 voru 248.025 manns á kjörskrá og hlutfall útlendinga aðeins 4,7 prósent af því. Nú eru 277.127 á kjörskrá og hlutfall útlendinga orðið 11,4 prósent.

Kjörsóknin gæti tekið stóra dýfu í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kjörsóknin í tvennum síðustu sveitarstjórnarkosningum var afar lág, milli 66,5 og 67,6 prósent, samanborið við 73,5 prósenta kjörsókn árið 2010 og 78,7 prósent árið 2006. Verði kosningaþátttaka útlendinga áfram lítil má búast við því að kjörsókn minnki enn meir í ár.

Árið 2018 var kjörsókn einstaklega lág í sumum sveitarfélögum. Til dæmis 57 prósent í Reykjanesbæ þar sem hlutfall útlendinga af íbúafjölda er 25 prósent. ■

Opnað var fyrir kynhlutlausa skráningu fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjötíu og fjórir með hlutlausa kynskráningu

kristinnhaukur@frettabladid.is

JAFNRÉTTISMÁL Alls 74 einstaklingar á kjörskrá eru skráðir sem kynsegin eða annað samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár. Meira en helmingur þeirra, 39 einstaklingar, er skráður í Reykjavík.

Þjóðskrá opnaði fyrir hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá í byrjun árs 2021. Er þetta byggt á lögum frá árinu 2019 um kynrænt sjálfræði. Í samvinnu við Samtökin '78 var kynsegin/annað fyrir valinu sem heiti enda talið að sem flestir gætu samsamað sig því.

Næstflestir með hlutlausa skráningu eru í Hafnarfirði, 7 talsins. Sex eru á kjörskrá á Akureyri, 4 í Kópavogi, 3 í Garðabæ og 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þrettán önnur sveitarfélög hafa einn kjósanda á kjörskrá með hlutlausa skráningu. Mosfellsbær er fjölmennasta sveitarfélagið þar sem enginn hefur slíka skráningu. ■

Vaxtahækkanirnar gríðarlegt högg

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans í gær hefur vakið hörð viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðsleiðtogar tala um stríðsyfirlýsingu og segja bankann leggja línurnar fyrir kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar í komandi kjarasamningum.

olafur@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Stýrivaxtahækkun Seðlabankans upp á 1 prósent, upp í 3,75 prósent, veldur skuldugum heimilum búsifjum.

Heimilin eru með um 700 milljarða í óverðtryggðum húsnæðislánum á breytilegum vöxtum. Vaxtahækkunin í gær hækkar greiðslubyrði þeirra um sjö milljarða á ári. Fyrir ári voru stýrivextir 0,75 prósent. Þeir hafa hækkað um þrjú prósentustig á einu ári. Sú hækkun hækkar vaxtabyrði heimilanna um 21 milljarð á ári.

Hægt er að taka dæmi um tvær íslenskar fjölskyldur. Önnur skuldar 25 milljónir í húsnæðislán og hin 50 milljónir. Báðar fjölskyldurnar eru með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum.

Gangi stýrivaxtahækkun Seðlabankans að fullu yfir í útlánavexti banka og lífeyrissjóða, eins og verður að telja mjög líklegt að verði, hækkar greiðslubyrði fjölskyldunnar sem skuldar 25 milljónir um 250 þúsund krónur á ári, eða ríflega 20.800 krónur á mánuði.

Sé húsnæðislánið 50 milljónir tvöfaldast þessar fjárhæðir, þannig að árleg greiðslubyrði hækkar um hálfa milljón og mánaðarleg um 41.666 krónur.

Frá því í maí í fyrra hefur greiðslubyrði húsnæðislána þessara fjölskyldna hækkað um 750 þúsund og 1,5 milljónir á ári. Mánaðarleg greiðslubyrði fjölskyldunnar með 25 milljón króna lán hefur hækkað um 62.500 krónur og sú sem skuldar 50 milljónir þarf nú að greiða 125 þúsund krónum meira í hverjum mánuði en áður en Seðlabankinn hóf vaxtahækkunarferli sitt í maí í fyrra.

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans getur aukið greiðslubyrði venulegra fjölskyldna um tugi þúsunda á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins

Til samanburðar er vert að nefna að séu þessi lán til 25 ára er greiðslubyrði af höfuðstól lægra lánsins 83.333 krónur á mánuði en 166.667 krónur af hærra láninu.

Af þessu er ljóst að vaxtahækkanir Seðlabankans valda íslenskum heimilum miklum búsifjum, jafnvel svo miklum að hægt sé að tala um forsendubrest.

Einnig er ljóst að vaxtastefna Seðlabankans mun hafa mikil áhrif á kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningunum sem eru lausir í haust.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir stýrivaxtahækkun Seðlabankans galna. Með henni hafi Seðlabankinn lagt línurnar fyrir kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningum sem eru lausir í haust.

„Þetta er í raun ekkert annað en skýr stríðsyfirlýsing Seðlabankans gagnvart launafólki í landinu. Bankinn stendur með bönkunum og fjármagninu gegn almenningi. Þetta fer að verða spurning um að mótmæla fyrir framan Seðlabankann," segir Ragnar Þór.

„Við hljótum að miða kröfugerð okkar við endurheimt þess sem Seðlabankinn tekur með því að láta launafólk bera allar byrðar af baráttu hans við innflutta verðbólgu," segir Ragnar Þór.

Vilhjálmur Birgisson segir ljóst að aukinn fjármagnskostnaður fyrirtækja mun fara beint út í verðlag og þjónustu sem á endanum lendi á herðum neytenda.

„Gott væri ef seðlabankastjóri gæti útskýrt á mannamáli hvernig kjarasamningar á almennum vinnumarkaði ógna ætíð stöðugleika í íslensku samfélagi þegar bara þessi stýrivaxtahækkun kostar fyrirtækin jafnmikið og að ganga frá kjarasamningi á hinum almenna vinnumarkaði," segir Vilhjálmur. ■

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.
Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

Dekkja- og felgugangar:
32" 255/75R17 - 199.000 kr.
33,5" 285/60R20 - 199.000 kr.
33" 275/70R18 - 179.000 kr.

Dekkjagangur:
32" 255/75R17 - 69.960 kr.
30,5" 285/60R20 - 79.600 kr.
33" 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323

ISBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

2017 - 2021
Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
2016 - 2021
Framúrskarandi fyrirtæki
HÖRKU PLANKA
HARÐPARKET &
LÚXUS VÍNYLPARKET
MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ TIL AFGREIÐSLU STRAX
DER BLAUE ENGEL
weil emissionsarm und recyclinggerecht
JURY UMWELTZEICHEN
FEUCHTESCHUTZ
MOISTURE GUARD CORE
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Telur Rússa standa höllum fæti á vígvellinum

Sjötíu dagar eru liðnir frá því innrás Rússa í Úkraínu hófst. Enn er hart barist en talið er að Rússar hafi misst um fjórðung af öllum herafla sem þeir sendu til Úkraínu í upphafi.

tsh@frettabladid.is



Maríupol er að mestu í rúst eftir stöðugar árásir Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ÚKRAÍNA Stríðið í Úkraínu hefur nú staðið yfir í rúma 70 daga. Enn er hart barist víða um landið þótt Rússar séu nú farnir að einblína mest á austurhéruðin á Donbass-svæðinu.

Hafnarborgin Maríupol hefur meira og minna verið lögð í rúst eftir linnulausar árásir Rússa. Haft var eftir Sergej Sjoígú, varnarmálaráðherra Rússlands, að eftirstandandi herlið Úkraínumanna væri „kirfilega lokað inni“ í borginni.

Hart er barist um Asovstal-stálverið, síðasta blettinn í Maríupol sem enn er undir stjórn Úkraínumanna. Tekist hefur að bjarga um hundrað almennum borgurum frá stálverinu undanfarna daga en talið er að hundruð, þar á meðal börn, séu þar enn og hafa sumir hafst þar við frá upphafi innrásar.

Að sögn Óskars Hallgrímssonar, sem er búsettur í Kænugarði, er höfuðborgin óðum að lifna við og segir hann æ fleira fólk streyma þangað með degi hverjum.

„Maður var kominn í pínu svona falskt öryggi hérna um daginn, síðan allt í einu komu tvær sprengjur meðan við vorum að horfa á sjónvarpið. Það var alveg svaka hvellur sem fyllti húsið okkar alveg.“

Um var að ræða rússneskt flugskeyti sem slapp í gegnum loftvarnir Úkraínumanna og sprakk í um 1,5 kílómetra fjarlægð frá heimili Óskars. Úkraínuher fékk nýtt loftvarnakerfi að gjöf frá Slóvakíu á dögunum en ljóst er að mikil þörf er á slíkum viðbúnaði á meðan Rússar halda áfram loftárásum á helstu borgir og hernaðarleg skotmörk.

„Úkraína er risastór og þú ert með fullt af borgum og loftvarnakerfi eru þannig að þú verður að dreifa þeim. Sérstaklega ef þú ert að vernda Kíjív til dæmis þá eru það þrír hringir. Það er ysti hringurinn sem er svona í útjaðri borgarinnar, svo er annar hringur mitt á milli miðju og útjaðars og svo er innsti hringurinn í miðborginni utan um þingið og forsetahöllina, akkúrat þar sem við búum,“ segir Óskar.

Allt frá upphafi innrásarinnar, sem Vladímír Pútín Rússlandsforseti þrástagast enn á að kalla „sérstaka hernaðaraðgerð“, hafa Rússar bundið vonir við að stríðið muni vinnast fyrir 9. maí sem er táknrænn dagur þar í landi. Dagurinn er haldinn hátíðlegur til að minnast sigurs Rússa á nasistum í síðari heimsstyrjöldinni og gæti haft mikla þýðingu fyrir innrásina í Úkraínu.

„Að öllum líkindum mun Pútín þá lýsa yfir stríði, þótt hann sé búinn að vera í stríði í yfir tvo mánuði, til þess að geta þvingað fram herkvaðningu,“ segir Óskar.

> Maður var kominn í pínu svona falskt öryggi hérna um daginn, síðan allt í einu komu tvær sprengjur meðan við vorum að horfa á sjónvarpið.
>
> Óskar Hallgrímsson, ljósmyndari

Evrópusambandið ákvað í gær að herða þvingunaraðgerðir sínar gegn Rússum og tilkynnti Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, að allur innflutningur á rússneskri olíu yrði bannaður á næstunni.

Almennt telur Óskar að rússneski herinn standi mjög höllum fæti en samkvæmt nýjustu hernaðarupplýsingum breska varnarmálaráðuneytisins eru Rússar búnir að tapa fjórðungi þess herafla sem þeir sendu til Úkraínu við upphaf innrásar og talið er að þeir hafi misst rúmlega 15.000 hermenn.

„Þeir eru bara svo hrikalega lélegir í stríði,“ segir Óskar sem telur Rússa engan veginn vera í stakk búna til að berjast á móti þeim vopnum sem vestræn ríki hafa sent til Úkraínu. ■

Ráðuneytið segist ekki hafa hunsað eigin leiðbeiningar

ggunnars@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sent frá sér tilkynningu þar sem frétt á forsíðu Fréttablaðsins á þriðjudag er vísað á bug.

Í fréttinni kom fram að ráðuneytið hefði greitt tveimur erlendum ráðgjöfum 62 milljónir króna. Vísað var í útgefið rit ráðuneytisins um opinber innkaup á vöru og þjónustu þar sem segir að kaup á þjónustu yfir 18,5 milljónum skuli fara í útboð.

Ráðuneytið vísar í tilkynningu sinni í 11. grein laga um opinber innkaup þar sem fram kemur að kaup opinberra aðila á fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum fjármálagerningum falli ekki undir útboðsskyldu. Í frétt Fréttablaðsins var því ekki haldið fram að ráðuneytið hefði farið á svig við lög heldur aðeins að það hefði ekki fylgt eigin reglum sem vera eiga til leiðbeiningar.

Michael Ridley, ráðgjafi fjármálaráðuneytisins

Í leiðbeiningum ráðuneytisins segir að markmið opinberra innkaupa sé að tryggja hinu opinbera hagstæð innkaup. Það verði aðeins gert með virkri samkeppni á milli þeirra sem telja sig geta sinnt tilteknu verkefni. Kynning á fyrirhuguðum verkefnum sé því lykillinn að hagstæðum opinberum innkaupum.

Bankasýsla ríkisins fylgdi fyrirmælum ráðuneytisins við kaup á þjónustu í tengslum við bankasöluna og bauð verkið út á Evrópska efnahagssvæðinu í samráði við Ríkiskaup. Ráðuneytið réð sinn ráðgjafa án útboðs.

Að mati sérfræðinga í stjórnsýslu sem Fréttablaðið ræddi við þarf hið opinbera að huga vel að undirbúningi slíkra innkaupa. Mat á kostnaði þurfi að liggja fyrir og afmörkun verkefnis að vera skýr.

Fréttablaðið hefur óskað eftir að gögn, sem lágu til grundvallar ákvörðun um að bjóða ekki út fjármálaþjónustu í tengslum við bankasöluna, verði gerð opinber. ■

LANCÔME PARIS

9 AF HVERJUM 10 KONUM MYNDU VELJA
ÞAÐ FREKAR EN SITT VENJULEGA SERUM*

SERUM MEÐ ÞRÍSKIPTUM SKAMMTARA SEM INNIHELDUR:
HÝALÚRONSÝRU, C+ NÍASÍNAMÍÐ OG FERULÍNSÝRU.

BYGGIR UPP ÖLL ÞRJÚ LÖG HÚÐAR
LAG 1: MEIRI FYLLING - LAG 2: VINNUR GEGN HRUKKUM OG LÍNUM -
LAG 3: DREGUR ÚR DÖKKUM BLETTUM

LANCÔME KYNNING

DAGANA 5.-11. MAÍ

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir
12.000** kr. eða meira á meðan birgðir endast

20% AFSLÁTTUR

*417 konur í Asíu, Evrópu og USA ætla að skipta út núverandi serumi eða nota til móts við annað serum gegn öldrun, eftir 4 vikna notkun. **Fyrir afslátt

HAGKAUP

Sveitarfélög misgóð í að auka framboð íbúða

Ólafur Arnarson
olafur
@frettabladid.is

Sveitarfélögin standa sig mjög misvel í því að bæta úr húsnæðisskorti. Þrátt fyrir að íbúðum í byggingu hafi fjölgað að undanförnu og stefni í aukið framboð benda mannfjöldaspár til þess að áfram verði viðvarandi skortur á íbúðarhúsnæði.

Húsnæðismálin eru eitt þeirra mála sem brenna á kjósendum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess, í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna eftir rúma viku.

Framboðsskortur íbúða hefur verið alvarlegt vandamál sem sést vel af því að fjöldi nýrra íbúða á söluskrá hefur farið úr því að vera á landinu öllu nálægt 1.300 í rétt ríflega 150 á tveimur árum.

Samhliða hefur verð íbúða hækkað til muna. Yfir síðustu tólf mánuði hefur íbúðaverð hækkað um ríflega 19 prósent. Verðhækkunin hefur kynt undir verðbólgu sem nú mælist 7,2 prósent. Seðlabankinn hefur brugðist við með því að hækka stýrivexti sína um 3 prósentustig á einu ári.

Hagstofa Íslands reiknar með því að í lok ársins 2024 verði landsmenn ríflega 27 þúsund fleiri en um síðustu áramót. Þetta er um 7,4 prósenta fólksfjölgun. Til þess að hún geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að byggja íbúðarhús því að nánast ekkert er til af nýju óseldu íbúðarhúsnæði í landinu. Til að mæta íbúðaþörfinni sem þessi fólksfjölgun kallar á þarf viðlíka fjölgun íbúða.

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir sveitarfélögin standa misvel að því að bæta úr litlu framboði íbúðarhúsnæðis. Ef skoðað sé hversu margar íbúðir séu í byggingu eftir sveitarfélögum í talningu Samtaka iðnaðarins (SI) og Húsnæðis og mannvirkjastofnunar (HMS) í mars síðastliðnum komi í ljós að þær séu flestar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ. Hins vegar þurfi að taka tillit til þess að þetta séu allra stærstu sveitarfélögin og því þurfi ekki að koma á óvart að þar séu flestar íbúðir í byggingu.

Mest byggt í Garðabæ

Þegar fjöldi íbúða í byggingu í hverju sveitarfélagi er skoðaður sem hlutfall af fjölda íbúða kemur önnur mynd í ljós. Byggingarmagnið núna er þá hlutfallslega mest í Garðabæ, Akranesi, Hveragerði, Árborg og Hafnarfirði. Á eftir koma Kópavogur, Reykjavík, Reykjanesbær, Mosfellsbær og Akureyri.

Garðabær er með hæsta hlutfall íbúða í byggingu á móti heildarfjölda íbúða, eða um 9,8 prósent. Fjöldi íbúða í byggingu í sveitarfélaginu er 688 og eykst nokkuð frá síðustu talningu SI og HMS sem gerð var í september á síðasta ári, en þá voru íbúðir í byggingu þar 478. „Þetta háa hlutfall er vísbending um að hlutfallslega muni íbúðum í sveitarfélaginu fjölga talsvert umfram önnur sveitarfélög á næstu 2-3 árum, en á þeim tíma ættu flestar þeirra íbúða sem nú eru í byggingu samkvæmt talningu SI og HMS að koma fullbúnar inn á markaðinn. Aukningin í sveitarfélaginu á milli talninga er aðallega á fyrstu byggingarstigum þannig að hún mun ekki birtast í auknu framboði fyrr en á næsta og þarnæsta ári," segir Ingólfur.

Hann bendir á að Hafnarfjörður sé annað af stóru sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hlutfall íbúða í byggingu á móti heildarfjölda íbúða í sveitarfélaginu sé hátt. „Þar eru 811 íbúðir í byggingu samkvæmt talningu SI og HMS sem er umtalsverð aukning frá síðustu talningu í september síðastliðnum, en þá voru íbúðir í byggingu í sveitarfélaginu 236. Aukningin skýrist af fjölgun íbúða á fyrstu byggingarstigum, það er þeim sem eru komnar fram að fokheldu, og því er nokkuð í að þær komi fullkláraðar inn á íbúðamarkaðinn."

Íbúðir í byggingu sem hlutfall af heildarfjölda íbúða í sveitarfélagi í mars 2022



HEIMILD: SAMTÖK IÐNAÐARINS OG HÚSNÆÐIS- OG MANNVIRKJASTOFNUN

> Gallinn við þetta er sá að hækkun stýrivaxta dregur einnig úr vilja til að byggja með því að hækka byggingarkostnað og það á tíma þegar markaðurinn þjáist af framboðsskorti og auka þarf fjölda íbúða í byggingu.

Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Önnur sveitarfélög sem ná hátt í þessu hlutfalli eru sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þar hefur verið talsverð fjölgun íbúða undanfarin misseri og virðist sú þróun ætla að halda áfram. Þau sveitarfélög eru að svara kallinu eftir hagkvæmari íbúðum en finnast á þeim þéttingarsvæðum sem helst er verið að byggja á, til dæmis í höfuðborginni sjálfri.

Meðal þessara þriggja sveitarfélaga er Akranes þar sem heildarfjöldi íbúða í byggingu er nú 288 eða tæplega 9 prósent af íbúðum á svæðinu. Nokkur vöxtur er í fjölda íbúða í sveitarfélaginu frá því í september, en þá voru 197 íbúðir í byggingu þar. Hin tvö sveitarfélögin í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru Hveragerði og Árborg. Í Hveragerði eru nú 113 íbúðir í byggingu sem er nokkur fækkun frá síðustu talningu í september þegar 141 íbúð var þar í byggingu. Í Árborg eru 357 íbúðir í byggingu sem er aukning frá því í september, en þá voru 327 íbúðir í byggingu í sveitarfélaginu.

Að sögn Ingólfs er hlutfall íbúða í byggingu á móti heildarfjölda íbúða mun lægra í stóru sveitarfélögunum Reykjavík, Kópavogi og Akureyri en þeim sem nefnd eru hér að ofan. Í Kópavogi er það 5,5 prósent, í Reykjavík 4,6 prósent og á Akureyri er hlutfallið ekki nema 2,8 prósent.

„Í Reykjavík eru samt 2.637 íbúðir í byggingu og fjölgar þeim nokkuð frá síðustu talningu þegar þær voru 2.449. Í Kópavogi eru 828 íbúðir í byggingu og hefur þeim fækkað frá því september þegar þær voru 885. Á Akureyri eru 248 íbúðir í byggingu og fjölgar þeim nokkuð frá því í september síðastliðnum þegar þær voru 163."

Engin viðbót á kjörtímabilinu

Eitt sveitarfélags sker sig úr. Á Seltjarnarnesi voru 1.729 íbúðir í upphafi þessa kjörtímabils. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá eru þær nákvæmlega jafn margar nú, fjórum árum síðar, 1.729. Ekki ein einasta íbúð bættist við á heilu kjörtímabili.

Samkvæmt talningu SI og HMS í september síðastliðnum var ein íbúð í byggingu á Seltjarnarnesi. Í talningunni í mars hafði þeim fjölgað í níu.

Mikil eftirspurn áfram

Í heild eru íbúðir í byggingu í landinu 7.260 samkvæmt talningu SI og HMS. Áætla SI og HMS að tæplega 2.600 af þessum íbúðum komi inn á markaðinn í ár fullbúnar og tæplega 3.100 á næsta ári. HMS hefur áætlað að þörf sé fyrir um 3.500-4.000 íbúðir á ári og byggir þá áætlun meðal annars á spá Hagstofunnar um fólksfjölgun í ár og á komandi árum. Samkvæmt þessu virðist ljóst er að áfram verði skortur á íbúðum.

Seðlabankinn hækkaði vexti í gær um eitt prósentustig vegna mikillar verðbólgu sem meðal annars er tilkomin vegna mikillar hækkunar á húsnæðisverði undanfarið. Í yfirlýsingu Peningastefnunefndar vegna vaxtaákvörðunarinnar segir: „Gert er ráð fyrir að samspil vaxtahækkana og hertra lánþegaskilyrða muni hægja á verðhækkun húsnæðis og innlendri eftirspurn."

„Það er alveg ljóst að með þessu vill bankinn draga úr eftirspurn á íbúðamarkaði og þannig úr verðhækkun íbúða," segir Ingólfur Bender. „Gallinn við þetta er sá að hækkun stýrivaxta dregur einnig úr vilja til að byggja með því að hækka byggingarkostnað og það á tíma þegar markaðurinn þjáist af framboðsskorti og auka þarf fjölda íbúða í byggingu. Ekkert bendir til annars en að áfram verði húsnæðisskortur næstu árin." ■

Hagstofan spáir mikilli fólksfjölgun hér á landi næstu tvö árin. Ekki er útlit fyrir að aukið framboð íbúðarhúsnæðis dugi til að mæta eftirspurn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

WWW.BILALAND.IS

NOTAÐIR
BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Traust og **áreiðanleiki** skipta öllu máli í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.

Rnr. 393366

LAND ROVER Discovery 5 SE SDV6
Nýskr. 06/19, ekinn 95 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
10.890.000 kr.

Rnr. 148585

SUBARU Outback LUX Harman Kardon
Nýskr. 08/20, ekinn 10 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
6.990.000 kr.

Rnr. 149095

NISSAN Juke Tekna 2wd
Nýskr. 05/20, ekinn 8 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.190.000 kr.

Rnr. 148213

MINI Cooper SE 33 kWh
Nýskr. 06/20, ekinn 7 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.590.000 kr.

Rnr. 261102

SUBARU Forester LUX+
Nýskr. 05/17, ekinn 60 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.290.000 kr.

Rnr. 148827

MG ZS EV Luxury
Nýskr. 10/21, ekinn 2 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.

VERÐ:
4.690.000 kr.

Rnr. 148988

JAGUAR F-Pace 180d R-Sport
Nýskr. 01/19, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:
7.990.000 kr.

Rnr. 210030

BMW X3 XDrive30e
Nýskr. 02/20, ekinn 15 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:
8.290.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM010782

VIÐ ERUM Á K7

Bílaland og **Hyundai notaðir** bjóða ykkur velkomin á nýtt og glæsilegt bílasöluplan

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18,
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland og Hyundai notaðir
Krókhálsi 7, 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland
www.facebook.com/bilaland.is

Verðhækkanir í kortunum hjá flugfélögum

Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Forstjóri Icelandair segir ljóst að hár kostnaður í flugrekstri muni leiða til verðhækkana hjá öllum flugfélögum. Fyrirtæki eins og Icelandair verði að tempra þessar hækkanir eins og hægt er svo þær hafi ekki of mikil áhrif á eftirspurn.

Það eru blikur á lofti í rekstrarumhverfi flugfélaga. Eldsneytisverð hefur hækkað mikið í kjölfar stríðsins í Úkraínu. Staðan í dag bætist svo ofan á áföll í rekstrinum árin á undan.

Heimsfaraldurinn lék flugfélög grátt og hafði mikil áhrif á ferðaþjónustu og farþegaflutninga um allan heim. Útlit er fyrir enn meiri hækkanir og verðbólgu á þessu ári og ljóst að næstu mánuðir verða krefjandi í greininni.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir ljóst að þessi þróun sé í gangi um allan heim. „Kostnaður er að hækka og verðbólga að aukast á öllum okkar helstu mörkuðum.“ Bogi segir ljóst að þetta muni ekki ganga svona til lengdar. Kostnaðarhækkanir muni á endanum velta út í verðlagið og hafa í för með sér hækkanir hjá flugfélögum. Það eigi við um Icelandair eins og önnur flugfélög.

„En við þurfum að vera varkár. Það hefur alltaf áhrif á eftirspurn ef verð hækkar mikið og við þurfum að finna eitthvert jafnvægi. Þessar hækkanir á verði eldsneytis hafa verið alveg gríðarlegar. Nær allir kostnaðarliðir hafa hækkað en ekkert í líkingu við hækkanir á eldsneyti, sem hafa numið tugum prósenta.“

Að mati Boga er það eðli flugrekstrar að þurfa stöðugt að bregðast við sveiflum og endurmeta áætlanir. Icelandair birti afkomuspá í febrúar síðastliðnum, í tengslum við uppgjör síðasta árs. Markmið stjórnenda félagsins þá var að skila hagnaði á árinu 2022.

„En síðan hefur ýmislegt gerst. Bókunarstaðan er vissulega góð fyrir sumarið en óvissan fyrir síðari hluta ársins er bara of mikil til þess að við treystum okkur til að spá fyrir um afkomu ársins eins og sakir standa. En þetta eru bara þær aðstæður sem við búum við og höfum ekki stjórn á,“ segir Bogi.

Síðan stríðið braust út í Úkraínu hafa flugfélög brugðist við breyttum aðstæðum með því að hagræða í flugáætlunum sínum.

Það hefur gerst mun hraðar en áður tíðkaðist. Framboð á flugferðum til og frá Íslandi hefur til að mynda aukist hratt. Það er þegar orðið meira en það var árið 2019. Bogi Nils segir þetta mjög óvenjulegt. Flugfélög hafi alltaf verið mjög kvik í sinni stýringu en aldrei eins og nú.

„Þetta gerir það líka að verkum að það er mjög erfitt að spá fyrir um þróunina. Við erum að sjá viðtöl við forstjóra stórra flugfélaga í Bandaríkjunum sem segjast ekki sjá nema tvo til þrjá mánuði fram í tímann. Það segir manni heilmikið um óvissuna í greininni.“ ■

Útilokar ekki skipti yfir í Airbus

Icelandair hefur markað flotastefnu fyrirtækisins til næstu ára. Greiningarvinna leiddi í ljós að núverandi floti hentar félaginu vel. Bogi Nils Bogason forstjóri segir ljóst að Icelandair muni bæta við fleiri Boeing Max-vélum á næstu árum.

Á seinni hluta þessa áratugar standi félagið hins vegar frammi fyrir tveimur valkostum. Annars vegar að halda áfram að styrkja og endurnýja Boeing-flota félagsins, eða skipta öllum Boeing-vélum félagsins út fyrir Airbus-vélar.

Ef það verður raunin mun sú vinna hefjast á árunum 2026 og 2027.

„Þetta mun hafa í för með sér samkeppni á milli framleiðenda og það er okkur í hag. Þess vegna er frábært að vera með tvo álitlega kosti á borðinu fyrir okkar framtíðarflota. En við erum bara að undirbúa þessa risastóru ákvörðun. Þetta mun væntanlega skýrast á næstu 12 til 18 mánuðum,“ segir Bogi.

> Þessar hækkanir á eldsneytisverði hafa verið alveg gríðarlegar.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

Hóflega bjartsýnn um að ákall Seðlabankans gangi eftir

magdalena@frettabladid.is

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir að ákall peningastefnunefndar Seðlabankans sé athyglisvert. MYND/HRINGBRAUT

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segist vera hóflega bjartsýnn á að ákall Seðlabankans um að teknar verði ábyrgar ákvarðanir í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum, gangi eftir. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðinum sem sýndur var á Hringbraut í gærkvöldi.

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gærmorgun að stýrivextir yrðu hækkaðir um 1 prósentustig og eru stýrivextir því nú 3,75 prósent.

Í yfirlýsingu Peningastefnunefndar kom fram að ákvarðanir í atvinnulífi, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum muni skipta miklu máli um hversu hátt vextir þurfi að fara.

„Þetta ákall nefndarinnar er athyglisvert. Þau hafa stundum áður talað um þýðingu vinnumarkaðarins og hlutverk hans í hagstjórninni og það sama á við ríkisfjármálin. En það er nýlunda að kalla svo ákveðið eftir þessari breiðu samstöðu fyrirtækjanna, hreyfingar launafólks og hins opinbera um að hjálpa Seðlabankanum að ná tökum á verðbólgunni,“ segir Jón Bjarki en bætir við að hægt sé að taka heils hugar undir ákall bankans.

„Til þess að verðbólgan hjaðni að nýju eftir að skellirnir eftir Covid og stríðið í Úkraínu hafa dunið á okkur verður að tryggja að há verðbólga festist ekki í sessi. En við sjáum það meðal annars í viðbrögðum verkalýðshreyfingarinnar að þau vilja að minnsta kosti ekki taka á sig meginþungann af þessum byrðum og vilja meina að það sé fremur hlutverk stjórnvalda og fyrirtækjanna.“

Jón Bjarki segir auk þess að ríkisstjórnin hafi kynnt áætlanir til að draga fyrr úr halla á fjárlögum heldur en áætlað var.

„Hallinn í fyrra var góðu heilli minni en útlit hafði verið fyrir og það var annars vegar vegna þess að Covid aðgerðir þurftu ekki að verða eins umfangsmiklar og áætlanir höfðu gert ráð fyrir og hins vegar vegna þess hversu vel hagkerfið tók við sér. En ég get tekið undir það sem Seðlabankinn segir að ef hann er aðeins einn í aðgerðum um að ná tökum á verðbólgunni og ef aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld skella ábyrgðinni á bankann þá þurfa vextir að hækka meira en ella.“

Greiningardeildir bankanna höfðu spáð að stýrivextir myndu hækka á bilinu 0,5 til 1,0 prósentustig. Greining Íslandsbanka var með bjartsýnustu spána en bankinn spáði 0,5 prósentustiga hækkun. Aðspurður hvers vegna spáin hafi verið svo bjartsýn segir Jón Bjarki að þau hafi vanmetið hversu ríkan vilja peningastefnunefndin hefði til að koma böndum á verðbólguvæntingar. „Við vorum að vega saman annars vegar verðbólguvæntingarnar sem hafa hríðversnað og þar er okkar spá keimlík spá Seðlabankans en horfurnar um áframhaldið eru vissulega tvísýnar. Á móti vegur svo að áhrif peningastefnunnar á íbúðalánamarkað eru orðin sterkari en áður og ýmis innlend fyrirtæki eru enn í viðkvæmri stöðu eftir tveggja ára faraldur. Maður átti von á því að þeir myndu dreifa hækkunartaktinum meira en það kom á daginn að mestu áhyggjur Seðlabankans eru af því að missa stjórn á verðbólguvæntingum.“ ■

> Það kom á daginn að mestu áhyggjur Seðlabankans eru af því að missa stjórn á verðbólguvæntingum.

Algalíf 10 ára

Stofnað 5. maí 2012



„Íslenskt samfélag hefur tekið okkur opnum örmum frá fyrsta degi og við hefðum aldrei náð þeim frábæra árangri sem raunin er án almenns stuðnings og einvala starfsliðs.“

– Orri Björnsson, forstjóri Algalífs

Fjárfesting það sem af er	Útflutnings-verðmæti á ári	Skattspor 2012-2022	Starfsmenn 2022	Bundið kolefni á ári	Losað súrefni á ári	Jarðefna-eldsneyti á ári
7 milljarðar	**1,5** milljarðar	**1** milljarður	**50** manns	**75** tonn	**60** tonn	**0** tonn

Algalif Iceland ehf. | Bogatröð 10, 262 Reykjanesbær | www.algalif.com

Klæðlítill keisari

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Seðlabanki Íslands afréð í gærdag að velta auknum byrðum yfir á alþýðu manna og þrengja kverkatak sitt á atvinnufyrirtækjum landsins með því að hækka stýrivexti um eitt prósent. Fyrir vikið er svo komið að heimili landsins með hefðbundin húsnæðislán þurfa að punga aukalega út tuttugu þúsundum króna í afborganir í hverjum mánuði – og þá er miðað við hófleg lán.

Seðlabanki Íslands lætur með þessu móti íslensk heimili og atvinnulíf gjalda fyrir innflutta verðbólgu. Frammi fyrir ofríki hans stendur almenningur varnarlaus. Hann þarf að játa sig sigraðan gagnvart yfirgangi embættismannavaldsins á Íslandi.

Frá því fyrir réttu ári hafa vextir bankans hækkað um þrjú prósentustig, úr 0,75 prósentum í 3,75 prósent. Það jafngildir árás á heimili landsins. Það er ígildi andróðurs gegn atvinnulífinu í landinu.

Seðlabankinn ber fyrir sig að allan þennan tíma hafi hann reynt að kveða niður verðbólgu og þenslu á húsnæðismarkaði með reglulegum og endurteknum vaxtahækkunum. Það hefur ekki gengið eftir. Það hefur þvert á móti mistekist.

Og þessi tilraunastefna bankans bitnar sem fyrr segir á þeim sem síst skyldi, fólkinu í landinu sem getur ekki annað en greitt keisaranum það sem keisarans er. En skyldi hann vera nakinn, sjálfur einvaldurinn atarna, eins og í ævintýrasögunni forðum daga?

Klæðlítill er hann að minnsta kosti ef horft er til annarra seðlabanka álfunnar sem líta á það sem hagfræðilegu fávisku að hækka vexti í samfélögum sem fá engu ráðið um orsakir og ástæður þeirrar þenslu sem gætir í hagkerfum þeirra. Miklu fremur þurfi að styðja við almenning og atvinnulíf á tímum stríðs og faraldurs.

Um þetta eru nítján seðlabankastjórar evrulandanna innan Evrópusambandsins sammála. Og sömuleiðis Christine Legarde, æðsti stjórnandi Seðlabanka Evrópu. Til viðbótar eru fimm virtustu hagfræðingar Evrópu en til samans myndar þessi hópur sérfræðingaráð Seðlabanka Evrópu sem fundar reglulega um leiðir til hagsældar fyrir fólk og fyrirtæki.

Það hvarflar ekki að þessum hópi að fara íslensku leiðina. Hann er á einu máli um að frekari stýrivaxtahækkun slökkvi ekki verðbólgueldana heldur helli hún olíu á þá með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir velferð almennings. Eina forsendan fyrir því að hækka vexti á nýjaleik sé fólgin í efnahagslegum bata og lægri verðbólgu.

Á Íslandi borgar almúginn fyrir einangraða visku. Honum blæðir fyrir stefnu sem hvarflar ekki að öðrum að reka. ■

> Og þessi tilraunastefna bankans bitnar sem fyrr segir á þeim sem síst skyldi, fólkinu í landinu sem getur ekki annað en greitt keisaranum það sem keisarans er.

Halldór



Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Harkan sex í Skerjafirði
Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra og formaður Framsóknarflokksins lætur til sín taka í kosningabaráttunni í höfuðborginni þar sem fylgi flokks hans er á uppleið eftir eyðimerkurgöngu. Segist formaðurinn nú ekki ætla að láta Reykvíkinga hafa land ríkisins undir nýja byggð í Skerjafirði. Segir hann borgina ekki geta byggt þar á meðan nýr flugvöllur er ekki kominn í gagnið eins og borgin hafi lofað. Segist hann vanur því úr sinni sveit að staðið sé við gerða samninga. Sýnast þá áform Reykvíkinga út af borðinu.

Að koma sér til vinnu
Í gær byrjaði átakið Hjólað í vinnuna. Nú við endalok kórónaveirufaraldursins er fólk einmitt farið að tínast á starfsstöðvar sínar eftir langt tímabil fjarvinnu í bland við veikindafrí. Sumir eru enn tregir til að yfirgefa heimili sín til að skila framlagi sínu á þann hátt sem venjan var áður en allt fór á hliðina. Atvinnurekendur eru vitaskuld ekki óánægðir með að fólk hjóli til vinnu þótt þeir geri ekki endilega svo nákvæma kröfu því þeir vilja fyrst og fremst bara að fólk komi yfirhöfuð. Kannski íhuga þeir nú að hrinda af stað hógværara átaki: Mætt í vinnuna. ■

Hundrað milljarða klúður

Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

> Það munar um samgönguúrbætur sem hægt væri að tryggja, um brýr, jarðgöng og Sundabraut.

Það munar um 100 milljarða. Um það getum við öll verið sammála. Það munar um þann pening í úrbætur í heilbrigðiskerfinu. Það munar um biðlistana sem hægt væri að stytta; liðskiptaaðgerðir og augasteinaaðgerðir. Kransæðaaðgerðir og aðgerðir á hjartalokum. Brjóstnám, offituaðgerðir og gallsteinaaðgerðir. Svo dæmi séu tekin.

Það munar um alvöru innspýtingu í fjársvelta geðheilbrigðisþjónustu, um niðurgreiðslu á sálfræðiþjónustu. Um styttri biðlista eftir sjúkraþjálfun og eftir talmeinaþjónustu. Það munar um ný hjúkrunarheimili. Það munar um betri þjónustu við börn og styttri biðlista eftir fjölþættum úrræðum þar. Svo fleiri dæmi séu tekin.

Það munar um samgönguúrbætur sem hægt væri að tryggja, um brýr, jarðgöng og Sundabraut. Um alvöru framkvæmdir við Borgarlínu. Það munar um nýjan þjóðarleikvang. Það munar um aukinn kraft í loftslagsmálin. Svo enn fleiri dæmi séu tekin.

Það munar sem sagt um 100 milljarðana sem ríkisstjórnin klúðraði. 100 milljarðana sem áttu að renna í ríkissjóð á næsta ári eftir sölu á þriðja og síðasta hlut ríkisins í Íslandsbanka. Eftir klúðrið á sölu annars áfanga hefur ríkisstjórnin gefið frekari sölu á hlut í bankanum upp á bátinn. Það liggur þá fyrir að báknið á fjármálamarkaði verður ekki minnkað á kjörtímabilinu. Og 100 milljarðarnir munu liggja þar inni ónýttir.

Þetta bakslag er í sjálfu sér eðlilegt. Kannski jafnvel þakkarvert að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir því að hún ræður ekki við verkefnið. En mikið fjári er það dýrkeypt. Það vantar betri einkavæðara, sagði félagi minn Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, í beittri grein í Viðskiptablaðinu í liðinni viku. Það er hverju orði sannara. Viðreisn hefur alla tíð talað fyrir mikilvægi þess að virkja krafta einkaframtaksins. Við studdum söluna á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Forsenda þess stuðnings var að salan yrði á grundvelli almannahagsmuna með gegnsæi, jafnræði og traust í fyrirrúmi. Svo varð ekki í meðförum ríkisstjórnarinnar eins og þekkt er. Það skiptir máli hverjir stjórna og í þágu hverra. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Fórnarkostnaðurinn

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Í viðtali við Ríkisútvarpið fyrir réttri viku sagði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra að traust forsætisráðherra á fjármálaráðherra myndi koma ríkisstjórninni í gegnum bankasölustríðið.

Þarna hitti matvælaráðherra naglann á höfuðið. Eina leiðin fyrir forsætisráðherra til að halda stjórninni saman í þessari krísu var að víkja til hliðar pólitískum gildum og lýsa yfir skilyrðislausu trausti.

Ótakmarkað traust án tengsla við pólitísk gildi mun tryggja framhald stjórnarsamstarfsins. Hin hliðin á því dæmi er fórnarkostnaðurinn.

Formenn í bjarghring forsætisráðherra

Engum vafa er undirorpið að í byrjun fórnar VG málefnalega miklu með þessum leik um traust án skilyrða. Ástæðan er sú að þær ákvarðanir, sem ríkisstjórnin tók sjálf um söluaðferðina, eru lengst frá pólitískri ímynd VG.

Hitt er að með þessu hefur formaður VG treyst áhrifavald sitt. Málefnaleg sérstaða hefur gufað upp eins og sakir standa. En taflstaðan gagnvart samstarfsflokkunum er sterkari í framhaldinu.

Á skömmum tíma hefur forsætisráðherra kastað bjarghring til beggja leiðtoga samstarfsflokkanna í tveimur aðskildum málum. Tilvera þeirra í ríkisstjórn byggist því um sinn á náð hennar.

Enginn veit í hversu ríkum mæli formaður VG mun nýta sér þessi undirtök. En möguleikinn liggur á borðinu. Að sama skapi hafa málefnaleg tök samstarfsflokkanna veikst.

Stærsta málið út af borðinu

Sala á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka og Landsbanka var langsamlega stærsta málið á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar. Að auki var það eina kerfisbreytingin, sem stjórnarflokkarnir gátu sammælst um.

Bankasalan var svo eina sérmál Sjálfstæðisflokksins. Pólitískt mikilvægi hennar var því mest fyrir hann.

Nú hefur VG ýtt þessu eina stóra máli stærsta flokksins út af borðinu. Það er gert með móðurlegum orðum um að það verði ekki tekið aftur upp á borðið fyrr en búið er að endurvinna glatað traust.

Þetta þýðir að það ákvæði í stjórnarsáttmálanum sem tryggði að fjármálaráðherra gæti lokið bankasölunni í áföngum, er óvirkt. Framhaldið er alfarið komið undir mati formanns VG.

Þetta er fyrsta dæmið um það hvernig VG hefur styrkt málefnastöðu sína með björguninni. Og samstarfsflokkurinn sættir sig við undanhaldið.

Beðið eftir vinnumarkaðnum

Ríkisfjármálin eru veigamesta ímyndarmál Sjálfstæðisflokksins. Ríkisstjórnin var komin í vörn á þessu sviði fyrir bankasölustríðið.

Í vetur sem leið sagði Viðskiptaráð að ríkisfjármálastefnan kynti undir verðbólgu og Samtök atvinnulífsins sögðu að ríkisstjórnin væri að flytja skuldavandann yfir á næstu ríkisstjórn.

Þyngst er nýleg gagnrýni fjármálaráðs, sem telur að fjármálaáætlunin feli áfram í sér kerfislægan stöðugt vaxandi halla umfram skuldavandann, sem faraldurinn leiddi til.

Þessir dómar varpa ljósi á þann pólitíska veruleika að ríkisstjórnin hefur enga efnahagspólitík. Hún bíður nú eftir því að aðilar vinnumarkaðarins komi fram með tillögur. (Bara að það endi ekki eins og biðin eftir Godot.)

> Í taflinu um völd og málefni fórnaði VG peði fyrir hrók.

Efnahagspólitíkin til vinstri

Vandinn er að kjarasamningar geta dregist fram á næsta ár vegna innbyrðis átaka í verkalýðshreyfingunni. Það seinkar kauphækkunum og væntanlega líka stefnumótun vinnumarkaðarins í efnahagsmálum.

Vilji forsætisráðherra nýta sér það að hafa bjargað leiðtogum beggja samstarfsflokkanna á hún þann leik á borði að taka stöðu með væntanlegum útgjaldakröfum ASÍ og sveigja efnahagsstefnuna lengra til vinstri í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins.

Að réttu lagi ætti hins vegar ekki að bíða heldur taka tafarlaust mark á ábendingum fjármálaráðs til þess að styrkja samkeppnishæfni Íslands og stefna að stöðugleika fyrir fólk og fyrirtæki. Tal í þá veru verður ekki trúverðugt rétt fyrir kosningar eftir þrjú ár.

Peð fyrir hrók

Þessi dæmi sýna að tvö helstu ímyndarmál Sjálfstæðisflokksins verða í uppnámi út kjörtímabilið. Menn losa ekki þann gaffal með því að leggja niður Bankasýsluna.

Stærsti flokkurinn í stjórnarsamstarfinu er þannig kominn í málefnalega bóndabeygju minnsta flokksins. Það er öfugsnúið, en er einfaldlega fórnarkostnaður fyrir björgunina.

Framsókn er í opnari stöðu. Hún hefur enga sjálfstæða skoðun á því hvort efnahagsstefnan sveigist til hægri eða vinstri. Björgunin hefur því málefnalega minni áhrif á hana.

Í taflinu um völd og málefni fórnaði VG peði fyrir hrók. Það þyngir endatafl kjörtímabilsins fyrir Sjálfstæðisflokkinn. ■

Börn skilin eftir

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, formaður velferðarráðs og ofbeldisvarnarnefndar

Þegar sveitarfélögin tóku við rekstri málaflokks fatlaðs fólks árið 2011 „gleymdist“ að gera ráð fyrir úrræðum fyrir börn með þroska- og geðraskanir og að það kostaði eitthvað að þjónusta þau. Sveitarfélög fengu því ekki til þess fjármagn. Þessi börn eru skilgreind sem hættuleg sjálfum sér og öðrum og þurfa stuðning og gæslu allan sólarhringinn. Það er ábyrgð samfélagsins að tryggja að þau fái það. Þau búa við mjög flókinn heilbrigðisvanda og þurfa þjónustu sem er samþætt félagslegri þjónustu, gagnreynd meðferðarúrræði, búsetu og gæslu allan sólarhringinn.

Farsæld fyrir öll börn?

Sveitarfélög hafa kallað eftir að heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytin komi upp sérhæfðri þjónustu fyrir þessi börn auk barna og ungmenna í barnaverndarkerfinu sem glíma við margs konar tilfinninga- og hegðunarvanda. Það hefur enn ekki tekist og nú á loks að skipa starfshóp um málið. Á hverju ári eru um 30 börn í þessari stöðu á öllu landinu og fyrir utan að það er ekki hlutverk sveitarfélaga að byggja upp svo sérhæfð meðferðarúrræði þá er það ógerlegt að öll sveitarfélög geti komið sér upp svo sérhæfðri þekkingu.

Laumueinkavæðing

Þetta tómarúm hefur skilað því að heilbrigðis- og búsetuþjónusta fyrir þennan hóp hefur verið einkavædd án þess að það hafi nokkurs staðar verið ákveðið. Einkafyrirtæki hafa stigið inn og selja úrræðalausum sveitarfélögum þjónustu. Algengur kostnaður fyrir þjónustu við hvert barn er um 60 til 80 milljónir á ári. Nú ætla ég ekki að efast um að einkafyrirtæki rækti sitt hlutverk vel en það er ekki eðlilegt að skilja þessi börn eftir. Þau eru svipt þeirri heilbrigðisþjónustu sem þau eiga rétt á og skortur er á að byggð verði upp viðeigandi þekking og gagnreynd meðferð á vanda þessara barna.

Fyrir öll börn

Reykjavík er öflugasta sveitarfélagið í velferðarmálum og hvers kyns félagslegri uppbyggingu og þjónustu. Við höfum lagt áherslu á málefni barna á þessu kjörtímabili, erum að innleiða verkefnið „betri borg fyrir börn“ sem á að tryggja snemmtæka þjónustu á vettvangi barnanna og fjölskyldna þeirra. Við höfum eflt stuðnings- og stoðþjónustu, stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun og barnaverndarmál hafa aldrei verið jafn mörg. Við erum að auglýsa eftir málstjórum og erum tilbúin að innleiða farsældarlög sem barnamálaráðherra hefur lagt áherslu á. Ef vel tekst til mun það koma í veg fyrir vanda fjölda barna og fjölskyldna. En þau börn sem þurfa sérhæfð úrræði þurfa að geta fengið þau, strax. Samfylkingin leggur áherslu á að málefni þessara barna verði tekin föstum tökum, íslenskt samfélag getur ekki innleitt farsældarlög barna og skilið veikustu börn Íslands eftir. ■

> Nú ætla ég ekki að efast um að einkafyrirtæki rækti sitt hlutverk vel en það er ekki eðlilegt að skilja þessi börn eftir.

Biðlistar drepa

Helga Þórðardóttir
varaþingmaður, kennari og skipar 2. sætið á framboðslista Flokks fólksins

Kolbrún Baldursdóttir
oddviti Flokks fólksins og sálfræðingur, skipar 1. sætið á framboðslista Flokks fólksins

Eitt af helstu baráttumálum Flokks fólksins er að útrýma biðlistum í borginni. Biðlistar eru rótgróið mein í Reykjavík. Aðeins hafa skitnar 140 milljónir verið settar til að stemma stigu við lengingu listanna sem hafa fimmfaldast á kjörtímabilinu. Um 1.900 börn bíða nú eftir aðstoð fagaðila, s.s. sálfræðinga og talmeinafræðinga, hjá Skólaþjónustu borgarinnar. Covid faraldurinn leiddi til aukningar á tilvísunum til fagfólks skóla sem þyngdi enn frekar ástandið sem var slæmt fyrir.

Tökum dæmi:

Nú er tveggja ára bið í þroskamat hjá skólasálfræðingi hjá borginni sem kallast frumgreining. Liggi slík undirstöðugreining ekki fyrir er oft rennt algerlega blint í sjóinn með réttu viðbrögðin og úrræðin fyrir barnið. Tugir barna eru á þessum biðlista með sterkar vísbendingar um ADHD vanda. Dæmi eru um að börn séu útskrifuð úr grunnskóla þegar röðin kemur að þeim. Ekki þarf að spyrja um afleiðingarnar.

Þessi mismunun og ójöfnuður hefur aukist á vakt Samfylkingar sem vill þó láta kalla sig jafnaðarmannaflokk. Sláandi dæmi um óréttlætið undir forystu Samfylkingar er að á meðan börn efnaminna fólks og fátækra foreldra bíða mánuðum og árum saman eftir að fá þörfum sínum og vanda mætt, geta efnameiri foreldrar farið með barn sitt á einkarekna stofu. Kostnaður við skimun og greiningu hleypur á 200 þúsundum og viðtal hjá sálfræðingi út í bæ kostar um 20.000 kr.

Þegar björgunarskipið siglir fram hjá

Til þess að hægt sé að halda úti hugmyndafræðinni „skóla án aðgreiningar“ svo að sómi sé að, duga ekki orð heldur verður fjármagn að fylgja. Annars er einfaldlega ekki hægt að ráða fagfólk til að sinna mismunandi þörfum barna. Þess vegna er stoðþjónusta og önnur sértæk þjónusta við börn ófullnægjandi í Reykjavík. Auk þess eru börn af erlendum uppruna, sem eru útsettur hópur vegna tungumálaerfiðleika, á biðlista eftir að komast í íslenskuver.

Sýndarmennskan sem felst í því að ætla kennurum að uppfylla drauma stjórnmálamanna um „skóla án aðgreiningar“ í fjársveltu skólakerfi er svo skaðleg gagnvart foreldrum og börnum sem gera sér væntingar um allt annað. Bið eftir nauðsynlegri fagþjónustu getur valdið óbætanlegu tjóni fyrir viðkvæma einstaklinga og getur hreinlega kostað líf. Meðan börnin bíða siglir björgunarskipið fram hjá og þau svamla í ísköldum sjónum bjargarlaus.

Barnasáttmálinn

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur ekki enn verið innleiddur í Reykjavík. Nýlega lagði Flokkur fólksins til að skipaður verði stýrihópur sem leggi mat á hvað þurfi til til að Reykjavík geti farið í innleiðingarferli á Barnasáttmálanum líkt og gert var í Kópavogi. Tillögunni var vísað til borgarráðs þar sem hún er enn óafgreidd. Mörgum tugum mála, sem Flokkur fólksins hefur lagt fram á tímabilinu, hefur ýmist verið vísað frá eða þau felld. Enn er fjölda tillagna og fyrirspurna ósvarað.

Fái Flokkur fólksins umboð kjósenda í komandi borgarstjórnarkosningum verður hans fyrsta verk að útdeila fjármagni borgarsjóðs í að bæta þjónustu og vinna niður biðlista Skólaþjónustunnar. Skortur á fjármagni er ekki vandamálið heldur hvernig því er dreift til verkefna, sumra fjárfrekra sem geta beðið betri tíma.

> Taka þarf á bruðli og sóun sem víða má finna í borgarkerfinu.

Taka þarf á bruðli og sóun sem víða má finna í borgarkerfinu. Það hefur þanist út einna helst í miðlægri stjórnsýslu og á þjónustu- og nýsköpunarsviði, borgarbúum að engu gagni.

Flokkur fólksins hefur í fjögur ár barist með kjafti og klóm fyrir auknum lífsgæðum þeirra sem búa við skort og er tilbúinn að berjast áfram fái hann umboð borgarbúa. ■

Stóru málin fram undan

Páll Erland
framkvæmdastjóri Samorku

Orku- og veitustarfsemi er hornsteinn hvers nútímasamfélags. Atvinnulíf getur vaxið og dafnað með öruggu aðgengi að grænu rafmagni og heitu vatni, því sjálfbær nýting grænna orkulinda er undirstaða allrar verðmætasköpunar. Heimilin njóta þeirra lífsgæða að fá umhverfisvænt rafmagn og heitt vatn á góðu verði sem er eftirsóknarverð staða um allan heim.

Það er ábyrgðarhlutverk að sinna þessari mikilvægu starfsemi og lagaumgjörðin um hana þarf að vera til þess fallin að hún geri orku- og veitufyrirtækjunum kleift að sinna sínu hlutverki eins og best verður á kosið fyrir samfélagið. Um þessi stóru mál verður fjallað ítarlega á Samorkuþingi, sem haldið verður á Akureyri dagana 9. og 10. maí.

Grænn framtíð á öllum sviðum

Á Samorkuþinginu er bæði fjallað um beina starfsemi aðildarfyrirtækja Samorku, eins og til dæmis framkvæmdir fram undan, nýjar tæknilausnir sem koma til með að umbylta orku- og veitustarfsemi í náinni framtíð, heitavatnsöflun, uppbyggingu fráveitna og raforkuframleiðslu, og svo leggjum við áherslu á að fjalla um þau tækifæri og áskoranir sem felast í því stóra verkefni sem stjórnvöld hafa sett á dagskrá; Græna framtíð fyrir Ísland. Þar spila orku- og veitufyrirtækin stórt hlutverk.

Vegna þeirrar sérstöðu hér á landi að orkuþörf er svarað að langstærstum hluta með endurnýjanlegri orku er rökrétt að markið sé sett hátt í loftslagsmálum. Samkvæmt nýjum stjórnarsáttmála er stefnt að því að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaust árið 2040.

Grænn framtíð fyrir Ísland snýst ekki eingöngu um að útrýma notkun jarðefnaeldsneytis. Hlúa þarf að öðrum mikilvægum umhverfis- og lýðheilsumálum eins og hreinu neysluvatni og uppbyggingu fráveitna um allt land. Mikilvægi vatnsverndar og vatnsverndarsvæða þarf einnig að endurspeglast í allri löggjöf og kröfum til allra aðila sem umgangast þau. Þá hefur mikill árangur náðst á undanförnum árum við endurbætur fráveitukerfa og uppbyggingu hreinsistöðva. Áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu fráveitna um allt land er því nauðsynlegur og að fram komi ný reglugerð sem styðji sveitarfélög og fráveitur í þeirra eigu í að sinna þessu mikilvæga hlutverki.

Grænn framtíð er risastórt verkefni fyrir samfélagið allt og ekki má gleyma því að um leið felur hún í sér umtalsverð tækifæri fyrir íbúa landsins.

Tryggja þarf nægja raforku og heitt vatn til framtíðar

Notkun á rafmagni og heitu vatni hefur farið vaxandi ár frá ári, en ekki hefur orðið samsvarandi aukning í orkuframleiðslu. Eftirspurn eftir grænni orku mun svo stóraukast með þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett í loftslagsmálum. Það verður að tryggja nægja raforku og heitt vatn til framtíðar, svo hægt verði að mæta fólksfjölgun, nýjum atvinnutækifærum, aukinni rafvæðingu samfélagsins, vályndu veðri og ekki síst metnaðarfullum markmiðum í loftslagsmálum.

Til þess að gera það þarf að einfalda laga- og regluverkið og gera það skilvirkara. Eitt brýnasta verkefnið er uppbygging og viðhald flutnings- og dreifikerfis raforku því aðeins með sterku, áfallaþolnu kerfi sem lágmarkar töp skilar græna orkan sér þangað sem hennar er þörf.

Þá verður framboðið að vera til staðar. Núverandi fyrirkomulag um nýtingu og vernd orkuauðlinda, rammaáætlun, hefur ekki skilað tilætluðum árangri í að fá skýra niðurstöðu um hvar eða hvernig megi auka framleiðslu á grænni orku og ár eftir ár hefur engin niðurstaða fengist. Þetta hefur áhrif á hitaveiturnar í landinu sem og framboð af raforku. Samorka fagnar því að í nýjum stjórnarsáttmála sé boðuð endurskoðun á rammaáætlun frá grunni og að til standi að setja sérstaka löggjöf sem liðkar fyrir hagnýtingu vinds í þágu samfélagsins en horfir um leið til umhverfisins. Um leið lýsir Samorka yfir áhyggjum af því að markvisst hefur verið unnið að því að takmarka orkunýtingu á sífellt stærra landsvæði sem ríkt er af endurnýjanlegum orkulindum. Áður en frekari ákvarðanir um slíkar takmarkanir eru teknar er nauðsynlegt að því sé svarað hvaðan hreina orkan, sem uppfylla á þarfir samfélagsins nú og til framtíðar, eigi að koma.

Stjórnsýslan styðji við framtíðarsýnina

Orku- og veitufyrirtækjum landsins hefur verið falið stórt hlutverk í þeim miklu umbreytingum sem fram undan eru. Til þess að þau geti sinnt því hlutverki þarf stjórnsýslan öll að styðja við þá vegferð.

Orku- og veitumál eru í eðli sínu flókinn málaflokkur sem krefst umfangsmikillar þekkingar og skilnings. Samorka hefur bent á að styrkja þurfi sérþekkingu á orku- og veitumálum innan stjórnkerfisins svo hún endurspegli það mikilvægi sem málaflokkurinn hefur í daglegu lífi íbúa í landinu og metnað stjórnvalda í loftslagsmálum. Með samhentu átaki sérfræðinga innan stjórnsýslunnar og orku- og veitufyrirtækjanna verður hægt að gera græna framtíðarsýn að veruleika.

Orkuöryggi landsins er undir og markmið stjórnvalda um græna framtíð og því áríðandi að vel takist til. ■

Heimur í spennitreyju hernaðarhyggju

Stefán Karlsson
stjórnmálafræðingur og fyrrverandi framhaldsskólakennari á eftirlaunum

Ég ætla að hefja umræðuna á tveimur sögum, sem ég hef heyrt, og ég sel þær ekki dýrar en ég keypti þær. Önnur þeirra er höfð eftir Íslendingi sem var eitt sinn staddur á bar í Moskvu. Þar hitti hann mann sem reyndist vera skipstjóri á rússneskum kjarnorkukafbáti. Þessi maður spurði landa okkar hvaðan hann væri og þegar hann heyrði svarið sagði hann: „Já, Ísland er í Atlantshafsbandalaginu og þar hafa Bandaríkin hernaðaraðstöðu. Við beinum kjarnorkuflaugum okkar að Reykjavík og ef við lendum í átökum við Vesturveldin byrjum við á því að gjöreyða höfuðborg ykkar þeim til viðvörunar og segjum svo við yfirstjórn NATO; þessa erum við megnugir. Viljið þið meira?“

Önnur sagan er höfð eftir Pútín. Hann ólst upp við mikla fátækt í Leníngrad. Fjölskylda hans bjó í blokkaríbúð og þar var mikill rottugangur. Eitt sinn var þessi tilvonandi forseti að leika sér að því að smala saman rottunum og króa þær af út í horni. Þá tók ein rottan sig skyndilega út úr hópnum og stökk beint framan í andlitið á honum. Það er haft eftir Pútín að hann hafi lært af þessu atviki að það sé óráðlegt að þrengja svo að öðrum að þeir grípi til óyndisúrræða í örvæntingu sinni.

Átökin um Úkraínu hófust miklu fyrr en 24. febrúar 2022. Á fundi í Búkarest 2008 samþykktu ríki NATO að bjóða Úkraínu og Georgíu inngöngu þrátt fyrir harða andstöðu rússneskra stjórnvalda. Þau litu á samþykktina sem ögrun og að sífellt væri verið að þrengja að þeim. Árið 2014 var lýðræðislega kjörinn forseti, Viktor Yanukovych, við völd í Úkraínu. Bandaríkjamönnum þótti hann of hallur undir rússnesk stjórnvöld. Að undirlagi Obamastjórnarinnar og CIA var hafist handa við að skapa upplausn í landinu til að koma honum frá völdum. Eftir pantaðar óeirðir í Kænugarði var gerð hallarbylting í landinu og Yanukovych flúði til Rússlands. Pútín brást við með því að leggja undir sig Krímskagann og viðskiptabann var sett á Rússland.

Í kjölfar þessara atburða lýstu tvö héruð í austurhluta Úkraínu, byggð rússneskumælandi fólki, yfir sjálfstæði. Her landsins réði ekki við uppreisnarmenn og svonefndir Azovliðar voru sendir á vettvang. Þeir eru liðssveit sjálfboðaliða skipuð harðskeyttum úkraínskum þjóðernissinnum sem Pútín kallar nasista. Síðan þá hafa staðið yfir látlaus átök í austurhéruðunum. Tvær milljónir íbúa þeirra hafa flúið til Rússlands og rúmlega 14 þúsund verið drepnir.

Þegar Zelenski var kjörinn forseti Úkraínu hét hann því að stöðva blóðbaðið í austurhéruðunum.

> Heimurinn virðist vera á brún hengiflugs þar sem kjarnorkustríð virðist yfirvofandi.

Hann heimsótti vígstöðvarnar og bað Azovliðana að hætta að skjóta fólk. En þjóðernissinnarnir hæddust bara að honum og Zelenski sneri heim til Kænugarðs með skottið á milli lappanna.

Átökin í Úkraínu eru harmleikur. Þjáningar íbúanna eru ólýsanlegar og eyðileggingin gríðarleg. Rússar bera mikla ábyrgð því engum ætti að vera heimilt að ráðast inn í fullvalda ríki. En ábyrgð Bandaríkjanna og NATO er líka mikil. Það hefði vel mátt koma í veg fyrir hörmungarnar. Strax í desember á síðasta ári varaði Pútín hinn herskáa aðalritara NATO við afleiðingunum ef samtökin héldu áfram óbreyttri stefnu gagnvart Úkraínu en Stoltenberg vildi ekki hlusta. Í hans huga eru Rússar ekki þjóð meðal þjóða sem taka verður tillit til. Bandaríkin virðast heldur ekki hafa neinn vilja til samninga til að enda stríðið. Þvert á móti virðist það vera stefna þeirra að kynda undir stríðinu í þeim tilgangi að veikja Rússland. Biden forseti hefur reyndar lýst því yfir að það sé tilgangurinn. Og vopnaframleiðendur kætast. Úkraínustríðið virðist vera staðgengilsstríð þar sem Vesturlönd etja Úkraínubúum á foraðið í stríði sem þeir geta ekki unnið. Þetta er ljótur og háskalegur leikur í kjarnorkuvæddum heimi sem utanríkisráðherra Íslands tekur þátt í. Heimurinn virðist vera á brún hengiflugs þar sem kjarnorkustríð virðist yfirvofandi.

Spurningin er bara sú hvort og hvenær „rottan“ er orðin svo aðþrengd að hún tekur stökkið í andlit okkar vígreifa utanríkisráðherra og íslensku þjóðarinnar. ■

Verið velkomin á viðburði Rammagerðarinnar á *Hönnunarmars*

1 *Hlaðborð íslenskrar hönnunar í Hörpu*

2 *Saumaklúbburinn Skólavörðustígur 12*

3 *Blóm By Hlín Reykdal*

RAMMAGERÐIN *á* Hnoss

heill heimur íslenskrar hönnunar og matreiðslu

4 *Rammagerðin × Hnoss í Hörpu*

---

1 *Hlaðborð íslenskrar hönnunar í Hörpu*

Í nýrri og glæsilegri verslun Rammagerðarinnar í Hörpu verður slegið upp borðhaldi, þar sem nokkrir hönnuðir sýna hluti sem á einhvern hátt tengjast borðhaldi. Sýndar verða fullunnar vörur, sem og fyrstu frumgerðir að vörum sem síðan verða í áframhaldandi þróun hjá fyrirtækinu.

Miðvikudagur
FRÁ 17:00 TIL 19:00

2 *Saumaklúbburinn Skólavörðustígur 12*

Þér er boðið í saumaklúbb í Rammagerðinni með myndlistarmanninum Sísí Ingólfsdótttur. Sem lokaverkefni í mastersnámi sínu saumaði hún út tugi afsakana í 7 metra langan dúk, nú býður hún gestum og gangandi að setjast með sér og sauma út.

Fimmtudagur, 5. maí
FRÁ 18:00 TIL 20:00

3 *Blóm By Hlín Reykdal*

Hlín Reykdal skartgripahönnuður frumsýnir nýja línu í Rammagerðinni, Blóm By Hlín Reykdal. Línan einkennist af fallegum litasamsetingum og vönduðu handverki. Sumarleg og litrík lína sem gleður augað.

Fimmtudagur, 5. maí
FRÁ 17:00 TIL 19:00

4 *Rammagerðin × Hnoss í Hörpu*

Veitingastaðurinn Hnoss í Hörpu sem hefur í samstarfi við Rammagerðina sett upp heilan heim íslenskrar hönnunar og matreiðslu. Boðið er í alíslenskt borðhald, þar sem hráefnin kom öll beint frá býli og punktinn yfir i-ið setur síðan Rammagerðin sem býr til borðhald þar sem hver hlutur er sérhannaður fyrir þennan tiltekna viðburð.

Miðvikudagur 4. maí—8. maí
FRÁ 18:00 TIL 22:00

RAMMAGERÐIN *Ísland 1940*

Skólavörðustígur 7
Skólavörðustígur 12
Kringlunni
Harpa
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

INSTAGRAM @rammagerdin
FACEBOOK @rammagerðin
www.rammagerdin.is
+354 535 6689

Fær grænt ljós á endurkomu eftir hjartastopp

Aron Guðmundsson
aron
@frettabladid.is

Liðið er rúmt hálft ár síðan Emil Pálsson fór í hjartastopp í leik með norska knattspyrnuliðinu Sogndal. Við tók bataferli hjá Emil og það ferli hefur nú skilað sér í því að hann hefur fengið grænt ljós á að halda áfram með knattspyrnuferil sinn.

„Þetta hefur verið á leiðinni í þessa átt í smá tíma en nú finnst mér rétti tímapunkturinn til þess að greina frá því að ég hef fengið grænt ljós frá sérfræðingum á að halda áfram með knattspyrnuferilinn," segir knattspyrnumaðurinn Emil Pálsson í samtali við Fréttablaðið.

Var dáinn í fjórar mínútur

Emil fór í hjartastopp og hneig niður í leik með norska knattspyrnuliðinu Sogndal í upphafi nóvembermánaðar á síðasta ári. Segja má að Emil hafi verið dáinn í tæpar fjórar mínútur eftir að hafa hnigið niður en endurlífgunartilraunir báru hins vegar árangur og undanfarna mánuði hefur hann, í nánu samstarfi með sérfræðingum, unnið að því að koma sér aftur í gott stand.

„Ég hef verið að halda mér við í einkaþjálfun hjá Hákoni Hallfreðssyni sem hefur reynst mér alveg svakalega vel. Hann hefur, í samstarfi við aðra sérfræðinga, getað hjálpað mér að æfa rétt og af þeim krafti sem læknateymið hefur viljað að ég æfi eftir."

Emil hefur undanfarna mánuði verið í nánu eftirliti læknateymis hér heima sem og hjá norska knattspyrnufélaginu Saarpsborg 08 sem hann er á samningi hjá.

„Í síðustu viku kláraði ég síðasta prófið sem læknateymið setti mér fyrir og í kjölfarið fékk ég grænt ljós á það að halda knattspyrnuferli mínum áfram."

Löngunin er mikil

Ferlið hefur að sögn Emils gengið ótrúlega vel. „Ég fann strax í byrjun hversu mikið mig langaði að láta á þetta reyna. Löngunin í að komast aftur á þann stað sem ég var á fyrir hjartastoppið var sömuleiðis mikil og ég fann það með hverri vikunni sem leið að þetta væri það sem ég vildi stefna að. Líkamlegt stand á mér í dag er mjög gott."

Emil er byrjaður að æfa knattspyrnu á ný. Honum var tekið opnum örmum hjá FH, sínu fyrrverandi félagi, þar sem hann hefur æft undanfarið og af sama krafti og fyrir hjartastoppið.

„Þegar ég byrjaði að sparka í bolta aftur fann ég hvernig eftirvæntingin varð bara meiri og meiri hjá mér. Þetta er það sem ég þekki best og það hefur verið frábært að vera hjá FH að undanförnu, í aðstæðum sem ég þekki vel. Það hefur hjálpað mér að komast í gang aftur inni á knattspyrnuvellinum."

Með báða fætur á jörðinni

Hann segir mjög góða tilfinningu fylgja því að vera kominn aftur af stað. „Í gegnum þetta ferli hef ég aldrei verið hræddur við að láta á þetta reyna, að reyna fyrir mér aftur í boltanum. Þetta hefur miklu frekar bara verið bið eftir því að fá þetta græna ljós til að geta farið aftur af stað. Núna þegar það er loksins komið er tilfinningin alveg frábær.

Á sama tíma er ég með báða fætur á jörðinni. Ég er enn þá kominn frekar stutt í þessu ferli og er í raun að koma mér af stað en það að vera að taka þátt af fullum krafti á fótboltaæfingum er stórt skref fyrir mig, skref sem ég hélt á tímabili að ég væri ekki að fara að taka."

Emil hefur öðlast nýja sýn á lífið. „Þetta er týpískt dæmi um að maður þurfi að lenda í einhverju áfalli til þess að átta sig á hlutunum, opna augu manns fyrir því hvað þarf í rauninni lítið til að líf manns breytist og að njóta hvers dags.

Núna mun ég njóta þess svo ótrúlega mikið að mæta á hverja einustu æfingu, spila hvern einasta leik. Ég mun klárlega horfa á þetta hjartastopp með það fyrir augum að draga lærdóm af þessu ferli. Það mun nýtast mér, ekki bara í fótboltanum heldur í lífinu sjálfu líka."

Mun njóta þess meira að spila

Emil segir að í framhaldinu muni hann njóta þess enn þá meira að spila fótbolta, að gera það sem hann þekkir best og elskar. „Án þess þó að setja of mikla pressu á sjálfan mig, frekar að vera bara sæmilega kærulaus og hafa gaman af þessu, sama hvar það verður sem ég mun spila."

Emil mun á næstunni halda út til Noregs þar sem hann endurnýjar kynnin við liðsfélaga sína hjá Saarpsborg 08. Framtíðin mun svo bera í skauti sér næstu skref hans á knattspyrnuferlinum.

„Hvort sem það verður í Noregi eða einhvers staðar annars staðar. Ég held út til Noregs núna í maí, kem mér enn þá betur af stað þar og svo verður staðan bara tekin seinna. Það er mjög erfitt að segja til um það núna hvar ég kem til með að spila, hvort það verði hjá Saarpsborg eða öðru félagi, en ég tek þetta bara einn dag í einu og nýt þess að koma mér af stað í boltanum á ný," segir Emil. ■

> Það að vera að taka þátt af fullum krafti á fótboltaæfingum er stórt skref fyrir mig, skref sem ég hélt á tímabili að ég væri ekki að fara að taka.

Emil er uppalinn á Ísafirði og hefur undanfarin ár starfað sem atvinnumaður í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hjartastoppið breytti sýn Emils á lífið.

> Í gegnum þetta ferli hef ég aldrei verið hræddur við það að láta á þetta reyna

Bati Eriksen gaf Emil kraft

Christian Eriksen, landsliðsmaður Danmerkur í knattspyrnu, fór í hjartastopp og hneig niður í leik með danska landsliðinu á Evrópumótinu í knattspyrnu í júní í fyrra. Hann hefur náð góðum bata og er núna reglulegur byrjunarliðsmaður með Brentford í ensku úrvalsdeildinni.

„Það hefur hjálpað mér alveg rosalega mikið að sjá hvernig honum hefur tekist að snúa aftur á knattspyrnuvöllinn. Hans endurkoma hefur hvatt mig áfram og það hefur verið mikilvægt fyrir mig að hafa fyrir framan mig dæmi um knattspyrnumann sem sneri til baka inn á knattspyrnuvöllinn eftir hjartastopp, dæmi sem ég hef getað fylgt. Þetta er ekki eitthvað sem gerist reglulega. Ég gat haft hans bata til hliðsjónar í mínu ferli sem hefur gefið mér ákveðinn tímaramma í mínum bata."

Eriksen hefur komið af miklum krafti inn í ensku úrvalsdeildina með Brentford síðan hann gekk í raðir liðsins í janúar. Frammistaða hans, bæði með Brentford og danska landsliðinu, gefur Emil, sem hefur um árabil spilað í efstu deildum Noregs, vonir um að geta spilað á sama gæðastigi knattspyrnunnar og hann var vanur fyrir hjartastoppið.

„Ef ekki hærra gæðastigi," segir Emil Pálsson knattspyrnumaður í samtali við Fréttablaðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 5. maí 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Með fjölgun rafbíla eykst þörfin á litíum og kóbalti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eiturefni í rafbílum

elin@frettabladid.is

Rafbílaflotinn í heiminum vex hratt og þörfin fyrir hráefni eins og litíum, kóbalt og nikkel, sem eru í rafhlöðum bíla, eykst sífellt. Litíum er létt efni og hentar mjög vel til að geyma orku og því hentugt í rafhlöður. Litíum skilur þó eftir sig ör í umhverfinu og það verður erfitt að framleiða litíumfríar rafhlöður, fáir aðrir kostir reynast jafn vel.

Slæma samviska rafbíla er þó ekki litíum heldur kóbalt. Um 60% af því er unnið í Kongó í Afríku sem er óstöðugt land. Námuvinna þar er gagnrýnd enda er hún lífshættulegt starf, unnin af börnum en efnið er eitrað. „Kóbalt er eitt dýrasta hráefnið í bílarafhlöðunni. Vegna alls þessa hafa bílaframleiðendur verið að leita eftir kóbaltlausum valkostum og sérstaklega er horft til þess að fá umhverfisvænan kost," segir prófessor Dorthe Bornholdt Ravnsbæk við netmiðilinn videnskab.dk en hún rannsakar endurhlaðanlegar rafhlöður.

Aukin eftirspurn

Á næstu fimm til tíu árum þurfa að koma fleiri rafhlöður án kóbalts. Árið 2030 gætu allt að 245 milljónir rafbíla verið á ferðinni í heiminum. Því er búist við að eftirspurn eftir kóbalti og ýmsum öðrum málmum í rafbíla aukist mikið. Það getur tekið langan tíma að koma nýjum kóbaltnámum í gang. ■

Ingvar Ómarsson hóf atvinnuferil sinn í hjólreiðum eftir að hafa hjólað í vinnuna í öllum veðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valdi hjólið fram yfir strætó

Átakið Hjólað í vinnuna hófst í gær en það er hugsað sem hvatning til að fólk nýti eigin orku til að komast til og frá vinnu. Ingvar Ómarsson, atvinnumaður í keppnishjólreiðum, hóf sinn feril á því að hjóla daglega þvert yfir höfuðborgarsvæðið til vinnu. 2

Heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), Hjólað í vinnuna, var sett í tuttugasta sinn í gær. Hjólað í vinnuna stendur að vanda yfir í þrjár vikur, eða frá 4. til 24. maí. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur frá árinu 2003 staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með verkefninu.

Undanfarinn áratug hefur orðið gríðarleg vakning í þjóðfélaginu um hjólreiðar sem heilsusamlegan og umhverfisvænan samgöngumáta. Starfsmenn vinnustaða hér á landi hafa tekið vel við sér því þátttakan hefur margfaldast á nokkrum árum að sögn aðstandenda verkefnisins. Þegar Hjólað í vinnuna rúllaði af stað árið 2003 tóku alls 533 einstaklingar þátt en þátttakan hefur heldur betur aukist síðan þá. Síðustu tvö ár hafa þátttakendur verið nálægt 700.

Ætla má að margir þátttakendur hafi tekið hjólreiðar upp sem lífsstíl í framhaldi af þátttöku sinni í verkefninu. ÍSÍ er stolt af því að hafa stuðlað að bættri hjólamenningu á Íslandi og orðið til þess að vinnustaðir og sveitarfélög hafi bætt til muna aðstöðu fyrir hjólandi fólk. Hjólað í vinnuna er nú orðið hluti af menningu margra vinnustaða í landinu í maí ár hvert. Meginmarkmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakendur eru hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu í þrjár vikur í maí ár hvert.

Ingvar Ómarsson við setningu átaksins í Laugardal í gær. Verkefnið er hugsað sem hvatning til fólks til að nota heilsusamlegan ferðamáta. MYNDIR/AÐENDAR

Verkefnið Hjólað í vinnuna var sett formlega í gær. Hér gæðir hjólreiðakappinn Ingvar sér á afmælisköku í tilefni 20 ára afmælis verkefnisins.

Gestir gæddu sér á afmælisköku í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær.

Hjólið varð að atvinnumennsku

Ingvar Ómarsson er atvinnumaður í keppnishjólreiðum. Hann keppir aðallega í fjallahjólreiðum en segja má að það að hjóla í vinnuna hafi ýtt honum út í atvinnumennskuna.

„Í dag stunda ég eiginlega allar hjólreiðar nema samgönguhjólreiðar. Ég stunda hjólreiðar til að æfa og keppa. En áður fyrr hjólaði ég mjög mikið í vinnuna. Það byrjaði árið 2008 þegar ég var 17 ára. Þá bjó ég í Staðarhverfi í Grafarvogi en var að vinna í Myndformi sem er með skrifstofur sínar í Hafnarfirðinum. Það eru um það bil 16 kílómetrar þarna á milli og á þessum tíma fannst mér góð hugmynd að hjóla á milli. En þú kemst eiginlega ekki lengri vegalengd á höfuðborgarsvæðinu. Ég var næstum því uppi í Mosó og var kominn langleiðina upp á flugvöll þegar ég kom í vinnuna," segir hann.

„Það var bara svo hrikalega leiðinlegt að taka strætó á þessum tíma. Þetta var alveg klukkutími í strætó en ég var búinn að finna út að ég væri 40 mínútur að hjóla þetta, svo af hverju ekki?"

160 km á viku

Ingvar segist ekkert hafa verið að æfa hjólreiðar sem íþrótt á þessum tíma en allt í einu var hann farinn að hjóla 160 kílómetra á viku í og úr vinnu. Hann hélt áfram að hjóla í vinnuna í mörg ár eftir þetta.

„Ég var að skipta um sumarstörf næstu árin og hélt alltaf áfram að hjóla einhverjar vegalengdir í vinnuna. Þegar maður er í Staðarhverfinu í Grafarvogi þá er langt í allt, nema maður sé að vinna í Mosó," segir hann og hlær.

Hjólaði í öllum aðstæðum

„Það var svo skemmtilegt að maður lét sig hafa það að hjóla í öllum aðstæðum. Einhvern veturinn, mér finnst eins og það hafi verið árið 2011, þá var hrikalega vont veður og snjóskaflar um allt og maður lét sig bara hafa það að hjóla í vinnuna. Þá var maður kannski klukkutíma að hjóla úr Grafarvogi og efst á Laugaveginn. Það er engin vegalengd en maður kom frosinn í gegn í vinnuna út af þessum aðstæðum. Það skildi enginn í því hvernig ég nennti þessu yfir höfuð. Þarna var klárlega komin vísbending um hvað ég var að fara að gera næstu árin. Ef maður lét sig hafa þetta hlaut maður að hafa gaman af þessu," segir Ingvar.

> **Það er svolítið skemmtilegt hvernig þetta hefur farið í hring. Ég byrjaði á að hjóla í vinnuna og núna vinn ég við að hjóla.**
>
> Ingvar Ómarsson

Íslandsmeistari á fjallahjóli

Samhliða því að hjóla í vinnuna fór Ingvar að æfa hjólreiðar sem íþrótt og var farinn að keppa.

„Ég byrjaði að keppa eitthvað af viti árið 2010 og 2011 í keppnum eins og Blása Lóns-þrautinni. Svo allt í einu árið 2012 var ég orðinn Íslandsmeistari í fjallahjólreiðum. Ég hef eiginlega haldið í þann titil alla tíð síðan," segir Ingvar um aðdraganda þess að hann gerðist atvinnumaður í hjólreiðum.

„Áður en ég vissi af var ég kominn í hjólaferð með æfingahópi hjá Karen Axels, sem á þeim tíma var besta þríþrautarkona landsins. Þetta var árið 2014 og allt í einu var ég kominn til Tenerife að hjóla. Það var voðalega gaman. Ég var á samningi við fjárfestingafélagið Novator. Einn af þeirra aðalmönnum, Birgir Már Ragnarsson, er mikill hjólari og hafði því persónulegan áhuga á þessu. Hann bauð mér peningastyrk svo ég gæti séð hvað ég gæti gert í þessu sporti. Ég hef verið að keppa fyrir þá síðan þá. Núna get ég fókusað 100% á hjólreiðar sem vinnu."

Íþrótt og samgöngumáti

Ingvar segir að ef hann hefði ekki byrjað á að hjóla í vinnuna væri ekkert víst að hann væri atvinnuhjólreiðamaður í dag.

„Ég þekki fullt af fólki sem kom inn í sportið í gegnum samgöngur því hjólreiðar eru bæði samgöngutæki og íþrótt. Sumir sem taka þátt í átakinu Hjólað í vinnuna búa kannski í Grafarvogi og slysast til Þingvalla á leið í vinnuna og leiðin því allt í einu orðnir 100 kílómetrar, það er svo gaman að safna kílómetrum. Þannig blandast þetta saman og er keppnisíþrótt og samgöngumáti," segir hann.

„Það virkaði allavega vel fyrir mig að hjóla í vinnuna. Það er svolítið skemmtilegt hvernig þetta hefur farið í hring. Ég byrjaði á að hjóla í vinnuna og núna vinn ég við að hjóla," segir hann kíminn.

Verkefnið sett í gær

Verkefnið Hjólað í vinnuna var sett formlega í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær. Þar hlýddu gestir á hressandi hvatningarávörp, gæddu sér á afmælisköku í tilefni tuttugu ára afmælis verkefnisins og hjóluðu að því loknu verkefninu táknrænt af stað.

Keppnisgreinar í Hjólað í vinnuna eru tvær. Í fyrsta lagi vinnustaðakeppni þar sem keppt er um flesta þátttökudaga hlutfallslega miðað við heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum. Keppt er í átta keppnisflokkum út frá fjölda starfsmanna. Í öðru lagi kílómetrakeppni þar sem keppt er á milli liða um annars vegar heildarfjölda kílómetra og hins vegar hlutfall kílómetra miðað við fjölda liðsmanna í liði.

Allir geta tekið þátt í Hjólað í vinnuna og engin vegalengd er of stutt til að skrá hana ekki. Eina sem þarf er að þátttakendur nýti eigin orku til og frá vinnu, það er að hjóla, ganga, hlaupa, nota línuskauta og svo framvegis. Einnig má nota rafhjól og margfalda þá vegalengdina með 0,75. Þeir sem nýta almenningssamgöngur geta einnig tekið þátt en þá er skráð sú vegalengd sem er gengin eða hjóluð til og frá stoppistöð. Þá má nota rafhlaupahjól eins og strætisvagn og skrá þá einungis gengna vegalengd.

Ýmsir leikir í gangi

Meðan á átakinu stendur eru ýmsir leikir í gangi, svo sem skráningarleikur þar sem nöfn allra þátttakenda fara sjálfkrafa í pott og þeir eiga möguleika á að vera dregnir út í þættinum Morgunverkin á Rás 2 alla virka daga. Hjólreiðaverslunin Örninn gefur glæsilega vinninga og þann 27. maí er dregið út glæsilegt reiðhjól að verðmæti 100.000 kr. Myndaleikur verður í gangi á Instagram, Facebook og á vefsíðu Hjólað í vinnuna þar sem fólk er hvatt til að taka skemmtilegar myndir af þátttöku sinni í verkefninu og merkja myndina með #hjoladivinnuna. Þátttakendur eru hvattir til að vera duglega að deila myndum. En með því gætu þátttakendur unnið veglega vinninga frá Erninum. ■

Auðvelt er að skrá sig til leiks ásamt því að finna allar frekari leiðbeiningar um verkefnið á www.hjoladivinnuna.is.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Mikil ástríða á bak við hvern hatt

Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Sigurður Ernir Þórisson hannar og framleiðir hatta undir merkinu SigzonHats. Hann sýnir úrval hatta á HönnunarMars sem hófst í gær.

Í starfi sínum sem verslunarstjóri hjá Kormáki og Skildi heillaðist Sigurður Ernir Þórisson af hinum sérviskulega heimi höfuðfata. Ástríðan hafði nú kviknað og fyrsta hattinn bjó hann til í desember árið 2020 og gaf í jólagjöf. Síðasta vor setti hann svo á fót hönnunarmerkið SigzonHats og sýnir hann hönnun sína á HönnunarMars sem hófst í gær.

Sigurður hefur verið titlaður sveitamaður og þúsundþjalasmiður og er sjálflærður hattari. „Ég sæki helst innblástur til tónlistarfólks og kvikmynda þegar ég hanna hattana mína. Í mörgum kvikmyndum má til dæmis sjá ýmsa sterka karaktera ganga um með fallega hatta auk þess sem fallegir hattar tengjast mörgum tónlistarmönnum og ýmsum tónlistarstefnum.“

Sigurður Ernir Þórisson er maðurinn á bak við SigzonHats. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Engir tveir hattar eins

Sigurður vinnur alla hatta í höndunum úr náttúrulegum efnum og engir hattar eru eins. Það er því óhætt að segja að mikil ástríða sé á bak við hvern hatt. „Ég nota mest ull en einnig kanínuhár og otrahár. Fyrst er efnið hitað með gufu svo hægt sé að móta það á sérstöku móti sem býr til stærð hattsins. Það tekur um sólarhring fyrir efnið að taka sig og þá er barðið skorið í þá stærð sem óskað er eftir. Næst sauma ég svitaband inn í hattinn og handmóta í það lag sem hann á að fara í. Svo tekur við að hanna útlit hattsins.“

Stefnir á breiðari vörulínu

Þessa dagana er hann að safna

> **Í mörgum kvikmyndum má til dæmis sjá ýmsa sterka karaktera ganga um með fallega hatta auk þess sem fallegir hattar tengjast mörgum tónlistarmönnum og ýmsum tónlistarstefnum.**
>
> Sigurður Ernir Þórisson

eins mörgum verkfærum og góð hattasmiðja þarf. „Þannig get ég haldið áfram að þróa hatta mína og um leið boðið upp á enn breiðari línu en áður og meiri fjölbreytni.“

Hattarnir verða til sýnis í sérstöku pop-up rými á Laugavegi 53. Á laugardag verður boðið upp á viðburð þar sem tónlist, hattar, og tweed verður í forgrunni í samstarfi við Olafsson Gin og Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar.

Hægt er að kynna sér hatta Sigurðar á Instagram (@sigzonhats)

Sigurður Ernir að leggja lokahönd á einn hattinn. Þessi er úr 100% ull og er með fasanafjaðrir til skrauts.

Hér má sjá hatt úr 100% ástralskri ull. Hatturinn er skreyttur með íslenskum hanafjöðrum.

Stjúri Sigurðsson flottur með hatt úr smiðju SigzonHats.

Hér er Hafliði Ragnarsson með hatt úr 100% otrahárum.

Gunni Hilmars með fyrsta hattinn úr smiðju SigzonHats.

FRANDSEN sumarjakki/vendingur
Fæst líka í bláu
Stærðir 38-54
Verð 32.980 kr

NORMANN útivistarjakki
Fæst líka í dökkbláu
Stærðir 38-56
Verð 32.980 kr

Normann sumarjakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-56
Verð 32.980 kr

ZE-ZE úlpujakki
Fæst í fleiri litum
Stærðir 38-48
Verð 11.990 kr

ZHENZI úlpuvesti
Fæst líka í dökkbláu
Stærðir 42-52
Verð 11.990 kr

yesta yest noSecret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE-ZE Nordic OPHILIA

IVY BEAU pífukjóll
Stærðir 38-48
Verð 8.980 kr

ZHENZI kjóll
Fæst líka í **Navybláu**
Stærðir 42-56
Verð 8.990 kr

QUE skyrta
Stærðir 38-54
Verð 32.980 kr

ROBELL Bella09 sumarbuxur
Stærðir 36-52
Verð 15.980 kr

ZHENZI pils með buxum undir
Fæst í fleiri litum
Stærðir 42-52
Verð 6.990 kr

SYBEL festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR
FRANDSEN Tamaris Handberg Jana

YEST/YESTA gallajakki
Stærðir 36-56
Verð 13.980 kr

YEST/YESTA leggings
Stærðir 36-52
Verð 4.980 kr

LASESSOR silkiklútur
Fæst í fleiri litu og mynstrum
Verð 6.990 kr

LOU Mommy bag
Fæst líka í svörtu
Verð 7.990 kr

JANA court skór
Stærðir 37-41
Verð 11.990 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Með þráðhyggju fyrir viskastykkjum

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Fatahönnuðirnir Bosk og Sól frumsýna frumlega fatalínu úr endurnýttum þæfðum viskastykkjum í Listasafni Einars Jónssonar á HönnunarMars í dag.

„Já, við Sól erum með 100 prósent þráðhyggju. Úrgangstextíll er algjörlega þess virði að nýta í nýsköpun og ég trúi að það sé upp að vissu marki framtíðin," segir Berglind Ósk Hlynsdóttir, eða fatahönnuðurinn Bosk, sem frumsýnir í dag fatalínuna Þráðhyggju úr endurnýttum, þæfðum viskastykkjum í garðskála Listasafns Einars Jónssonar. Sýningin er hluti af HönnunarMars.

Bosk vinnur verkefnið Þráðhyggju með fatahönnuðinum Sól Hansdóttur.

„Við Sól erum vinkonur til margra ára og höfum unnið aðeins saman í gegnum tíðina, beint og óbeint, en þetta er fyrsta samstarf okkar af þessari stærðargráðu. Við fengum styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2021, til að prófa okkur áfram með nýjar leiðir til að endurnýta textíl og útkoman endaði í þremur góðum leiðum. Í haust hlutum við svo styrk frá Hönnunarsjóði til að þróa fatalínu úr textílnum og ákváðum þá að velja þæfðu bómullina, en þar þæfum við heil viskustykki og grisjóttan textíl saman," upplýsir Bosk.

Á sýningunni gefa þær stöllur áhugaverða innsýn í endurvinnsluferli á textíl og er sjón að sjá flíkurnar sem þær hafa unnið úr þæfðum viskastykkjum.

„Viskastykkin eru oft mjög falleg og okkur finnst köflótta mynstrið, sem þau skarta oft, mjög klæðileg og á ákveðinn hátt nostalgísk. Viðbrögðin hafa verið góð og kemur fólki oft á óvart hversu hlýjar flíkurnar eru. Hönnunin er innblásin af íslenskum prjónauppskriftum og lögð er áhersla á að mynstur viskustykkjanna njóti sín, en textíllinn er unninn úr staðbundnum auðlindum."

Textílbeinagrind til sýnis

Í rannsóknarverkinu Þráðhyggju er einblínt á að lengja líftíma úrgangstextíls með endurnýtingu og þróun aðferða sem byggðar eru á þekktu íslensku handverki og klassískum aðferðum.

„Með verkefninu er vonast eftir því að leggja grunn að hringrásarhagkerfi fyrir úrgangstextíl á Íslandi sem miðar að því að fullnýta textíl sem fargað hefur verið frá hrávöru, þar sem hann er tættur niður í þræði eða trefjar, og endurunninn í nýja afurð," útskýrir Berglind og þar kemur skýring á skemmtilegu nafninu Þráðhyggju, sem er alls ekki það sama og þráhyggja.

Markmið Þráðhyggju er að minnka sóun, útflutning og umhverfisáhrif textíls. Verkefnið var unnið í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Textílmiðstöð Íslands og var aðstaða miðstöðvarinnar könnuð til verðmætasköpunar á úrgangstextíl. Rauði krossinn á Íslandi útvegaði verkefninu textíl úr fatasöfnun Rauða krossins og var allur afgangs textíll af flíkunum sem notaðar voru í verkefnið varðveittur og nýttur í uppsetningu þar sem fagurfræði „textílbeinagrinda" gefur innsýn í ferli og heildarumfang verkefnisins.

„Sýningin verður opnuð í dag og stendur til sunnudags, þegar ferilsmyndband verkefnisins verður sýnt í lokahófinu. Það verður boðið upp á að máta flíkur og sérpanta fyrir áhugasama. Eins og á öllum góðum samfundum verða léttar veitingar í boði og til sýnis handbók Þráðhyggju sem verður mögulega hægt að festa kaup á," greinir Berglind frá, og þess má geta að frítt er inn á safnið. ■

Mynstur viskastykkja eru margvísleg en Bosk og Sól þykja köflótta, kunnuglega mynstrið bæði klæðilegt og nostalgískt.
MYNDIR/AÐSENDAR

Vinkonurnar og fatahönnuðirnir Berglind Ósk Hlynsdóttir og Sólveig Hansdóttir kalla sig Bosk og Sól.
MYND/AÐSEND

Glæsilegur jakki úr mismunandi mynstruðum stykkjum.

Eitursvalar buxur úr viskastykkjum.



Bómull viskastykkja er þæfð saman.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Miðvikudaginn 11. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Utanlandsferðir

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Sumargrill

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 5. maí 2022

Kynningar: Samkaup/Nettó, Járn og gler, Þykkvabæjar

Gabríel er mikill keppnismaður og byrjar árið með trukki, er ungkokkur Norðurlandanna og vann bronsið í keppninni um Kokk ársins á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kolagrill gefur karakter í grillmatinn

Gabríel Kristinn Bjarnason, 22 ára matreiðslumaður, veit fátt skemmtilegra en að grilla og elskar að prófa sig áfram með alls konar rétti á grillinu. Hann eldar alla máltíðina á grillinu, meðlætið, salatið og eftirréttinn líka.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Gabríel Kristinn kom, sá og sigraði í keppninni Besti ungkokkur Norðurlandanna sem haldin var í mars í Danmörku. Á laugardaginn gerði hann sér síðan lítið fyrir og vann bronsið í keppninni um Kokk ársins á Íslandi sem er magnaður árangur fyrir ungan kokk.

„Ég er bara rétt að byrja í þessu og elska að taka þátt í þessum keppnum. Ég er svo mikill keppnismaður. Að fá að deila sviðinu með öllum þessum flottu kokkum í keppninni Kokkur ársins var alveg geggjuð tilfinning," segir Gabríel Kristinn.

Íslenska smjörið ómissandi

Nú þegar sumarið er komið er Gabríel duglegur að grilla og finnst ávallt jafn gaman að gleðja vini sína og fjölskyldu með sælkerakræsingum. „Þegar ég er að grilla á sumrin finnst mér ómissandi að hafa íslenskt smjör með, því það er gott með öllu, kjöti og grænmeti og hægt er að nota það á marga vegu. Svo er það líka bara svo gott."

Þegar kemur að því velja grill er Gabríel hrifnastur af kolagrilli. „Ég kýs alltaf frekar að grilla á kolagrilli því það gefur meiri karakter í grillmatinn og býður upp á miklu meiri grillstemningu. Gott hráefni skiptir alltaf miklu máli, því ferskara sem hráefnið er því meira nýturðu þess. Það er ekkert skemmtilegra en að grilla í góðu veðri með gott, vel valið íslenskt gæðahráefni," segir Gabríel og er hinn ánægðasti með hversu gott hráefni er hægt að fá í Bónusverslunum í dag.

Gabríel grillar mest fisk og borðar mikið af fiski almennt. „Minn uppáhaldsgrillmatur er grilluð rauðspretta með grilluðu romaine-káli, lauk og góðri smjörsósu. Algjört sælgæti." Þegar Gabríel er spurður hvort hann muni hvað það fyrsta sem hann grillaði var er hann með það á hreinu. „Í minningunni er það fyrsta sem ég grillaði Wellington-nautalund í útilegu með pabba, eins furðulegt og það hljómar þá heppnaðist það bara frekar vel."

> Minn uppáhaldsgrillmatur er rauðspretta með grilluðu romaine-káli, lauk og góðri smjörsósu.

Gabríel býður hér lesendum upp á þriggja rétta sælkeramáltíð fyrir grillsumarið þar sem grillið spilar aðalhlutverkið matreiðslunni. „Þetta eru einfaldir réttir sem allir ættu að ráða við og ótrúlega ljúffengir. Það er svo frábært að grilla sjávarfang og tekur skamma stund. Svo er gaman að grilla nánast allt meðlætið með og toppa með sælkeradressingum."

Tígrisrækjusalat

1 poki tígrisrækjur, frosnar, afþíðið

Marínering fyrir tígrisrækjurnar

300 g olía
50 g srirachasósa
200 g milt chillipaste
30 g túrmerik
50 g reykt paprikuduft
20 g salt
10 g svartur pipar
30 g hvítlauksduft
1 box blandað salat frá Lambhaga

Blandið öllu saman og marínerið rækjurnar. Leyfið rækjunum að liggja í maríneringunni í sólarhring inni í kæli. Fyrir grillunina þræðið rækjurnar upp á grillspjót og grillið. Það tekur örskamma stund að grilla þær.

Pikklað fennel

2 stk. fennel

Pikklunarlögur

200 g hvítvínsedik
200 g sykur
200 g vatn

Fennel skorið þunnt og síðan soðið upp á pikklunarleginum og leginum hellt yfir fennelið. Gott er að geyma pikklaða fennelið í krukku með loki.

Sítrónumajónes

200 g majónes að eigin vali
Safi úr einni sítrónu
Rifinn börkur af heilli sítrónu

Blandið öllu saman í skál og smakkið til með salti.

Dukkah krydd

200 g pistasíur
200 g heslihnetur
1 msk. cuminfræ
1 msk. kóríanderfræ
1 tsk. timíankrydd
3 msk. sesamfræ
1 tsk. paprikuduft
1 tsk. pipar
2 tsk. salt

Hitið ofninn í 160°C. Byrjið á því að rista hnetur og fræ í ofni í um það bil 8 mínútur. Setjið síðan ristuðu hneturnar og fræin í matvinnsluvél með kryddunum og blandið vel saman. Berið svo risarækjurnar fram á diski með blönduðu salati, pikkluðu fenneli, sítrónumajónesi, dukkah kryddi og raspið smá sítrónubörk yfir.

Ég kýs alltaf frekar að grilla á kolagrilli því það gefur meiri karakter í grillmatinn og býður upp á miklu meiri grillstemningu, segir Gabríel Kristinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gabríel er hrifinn af sjávarfangi og býður hér lesendum upp á girnilega þriggja rétta sælkeramáltíð þar sem tígrisrækjur og þorskurinn eru í aðalhlutverki.

Það er glæsilegt veisluborðið hjá Gabríel Kristni og margt nýstárlegt að sjá fyrir grillara. Þarna má til dæmis sjá grillaðan þorskhnakka og meðlæti.

Grillað romaine-salat með gremolata og jógúrtsósu.

Grillaður þorskhnakki og meðlæti

600 g ferskir þorskhnakkar/flök (fást í kælinum í Bónus)
50 g salt
50 g sykur

Byrjið á því að blanda sykri og salti saman og setjið síðan yfir vel hreinsaða þorskbita og látið liggja í 15 til 20 mínútur, fer samt svolítið eftir stærð þorsksins. Ég geri þetta því blandan lætur þorskinn haldast betur saman þegar hann er grillaður, hann dettur þá síður í sundur. Setjið síðan ólífuolíu á þorskinn og grillið á báðum hliðum í um það bil 3 mínútur á hvorri hlið.

Grillað romaine-salat með gremolata og jógúrtsósu

1 stk. romaine-salat
Ólífuolía og salt eftir smekk

Byrjið á því að taka ysta lagið af ljótu lögunum af. Skerið síðan í bita en munið að halda stilknum saman því annars dettur allt í sundur þegar það er grillað. Léttgrillið með ólífuolíu og salti.

Gremolata

50 g fersk steinselja
2 hvítlauksgeirar
Rifinn börkur af einni sítrónu
2 tsk. sítrónusafi (ferskur úr sítrónu)
50 g ólífuolía
Salt og pipar eftir smekk

Öllu hráefninu blandað saman í matvinnsluvél og blandað þangað til vel saxað. Smakkið til með salti og pipar.

Jógúrtsósa

300 g hrein jógúrt
1 msk. saxaður graslaukur
1 msk. saxað dill
3 tsk. salt
1 tsk. paprikuduft
1 tsk. túrmerik
½ tsk. cuminduft
1 msk. sítrónusafi úr ferskri sítrónu

Blandið öllu saman í skál og hrærið. Best að gera deginum fyrir notkun svo kryddin nái að blómstra.

Volgt grillað lauksalat

2 laukar í hýðinu
1 blaðlaukur
200 g smjör
50 g saxaðar bakaðar heslihnetur

Byrjið á því að grilla lauk og blaðlauk í heilu lagi þangað til hann verður vel brenndur og mjúkur í miðjunni. Síðan er brennda húðin tekin af og aðeins grillað á sárinu og skorið í bita og sett í skál. Setjið síðan smjör í pott og sjóðið á háum hita þangað til smjörið fer að brenna, bætið þá heslihnetum við og hellið að lokum yfir lauksalatið.

Mysusmjörsósa

200 g mysa
400 g kalt smjör í kubbum
Salt eftir smekk
Sítrónusafi eftir smekk

Byrjið á því að hella mysunni í pott og sjóðið upp á henni og takið síðan af hellunni og bætið þá smjörinu út í. Blandið vel með töfrasprota þangað til blandan er komin vel saman. Smakkið til með salti og sítrónusafa.

Berið svo grillaða þorskinn fram með mysusmjörsósunni, grillaða lauksalatinu og grillaða romaine-salatinu með gremolata og jógúrtsósunni. Það er fallegt fyrir augað að setja salatið á disk og síðan er mjórri rönd af jógúrtsósunni sprautað yfir salatið eins og sjá má á myndinni.

Grillaðar plómur með hafra-crumble, hvítsúkkulaðirjóma og saltkaramellusósu

Grillaðar plómur

4 stk. plómur

Byrjið á því að skræla plómurnar og takið þær í tvennt til að ná steininum úr. Síðan grillið þið þær með smá ólífuolíu.

Hafra-crumble

50 g hafrar
50 g púðursykur
50 g stofuheitt smjör
50 g möndlumjöl

Byrjið á því að blanda öllu hráefninu saman og hnoðið. Dreifið síðan jafnt yfir á smjörpappír og bakið í ofni á 160°C hita í 12 mínútur. Svo er gott að brjóta blönduna niður í matvinnsluvél.

> **Það er svo frábært að grilla sjávarfang og tekur skamma stund. Svo er gaman að grilla nánast allt meðlætið með og toppa með sælkeradressingum.**

Léttþeyttur hvítsúkkulaðirjómi

500 g rjómi
80 g hvítt súkkulaði að eigin vali

Soðið er upp á rjómanum og súkkulaðinu bætt við og blandið vel saman. Setjið í kæli yfir nótt. Síðan er rjóminn léttþeyttur rétt áður en desertinn er borinn fram.

Saltkaramellusósa

80 g sykur
80 g smjör
50 g rjómi
Maldon-salt

Byrjið á því að hita rjómann í potti. Síðan er sykur karamelliseraður í potti og heita rjómanum svo bætt við og þessu hrært vel saman. Þá er smjörinu pískað við og að lokum smakkað til með Maldon salti.

Setjið hafra-crumble í skál eða á disk, síðan plómurnar ofan á, hellið svo hvítsúkkulaðirjómanum yfir og toppið með saltkaramellusósunni. ■

ALLT HRÁEFNIÐ Í ÞESSA RÉTTI FÆST Í BÓNUS

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

Njótið heilsusamlegrar grillstundar

Grillsumarið er hafið og flestir elska að grilla ljúffengan mat og njóta í góðum félagsskap. Fátt er skemmtilegra en að halda grillveislu, það er eitthvað við stemninguna, ilminn, útlitið og bragðið þegar grillað er. Það eru þó nokkur atriði sem vert er að hafa í huga þegar grillað er, hvort sem grillað er á kolagrilli eða gasgrilli.

sjofn@frettabladid.is

Með því að fylgja þessum ráðleggingum má koma í veg fyrir heilsuspillandi örverur og efni í grillmatnum.

> Fátt er skemmtilegra en að halda grillveislu, það er eitthvað við stemninguna, ilminn, útlitið og bragðið þegar grillað er.

Mjög mikilvægt er að hafa eftirfarandi ráðleggingar í huga þegar grillað er til að tryggja að heilsuspillandi örverur og efni komist ekki í matinn. Á síðu Matvælastofnunar, www.mast.is, má finna þessi góðu ráð:

Þværð þú hendur áður en þú hefst handa við tilreiðslu kjöts og annarra matvæla og eftir snertingu við hrátt kjöt? Hætta á krossmengun minnkar verulega með viðeigandi handþvotti.

Gætir þú þess að kjöt eða safi úr kjöti komist ekki í snertingu við matvæli sem eru tilbúin til neyslu svo sem grænmeti og kaldar sósur? Hægt er að forðast krossmengun með því að nota eina töng fyrir hrátt kjöt og aðra fyrir grillað kjöt og sömuleiðis eitt fat fyrir hrátt kjöt og annað fyrir grillað kjöt.

Gætir þú þess að brenna ekki grillmatinn? Brenni yfirborð matvælanna geta myndast skaðleg og krabbameinsvaldandi efni. Það er því mikilvægt að skera frá alla brennda hluta áður en matvælanna er neytt. Gott er að forðast það að grilla mjög feitan mat. Þegar fita lekur á kolin leikur gjarnan logi um matvælin.

Hitar þú kjötið nægilega? Matvæli verða að ná a.m.k. 75 °C í gegn til þess að sjúkdómsvaldar eins og salmonella drepist. Mikilvægt er að gegnumsteikja kjúklinga, svínakjöt og unnar kjötvörur s.s. hamborgara, þar sem meiri líkur eru á örverum innst í hökkuðum vörum en í heilum vöðvum.

Er kæling grillmatarins viðeigandi á ferðalaginu? Geymsluþol hrávara minnkar til muna ef þeim er ekki haldið köldum og eykur líkur á matarsýkingum.

Forðast þú Teflon við grillið? Teflon á ekki að nota þegar við grillum, hvorki sem grillgrindur eða áhöld því efnið bráðnar við hitastig sem er ekki óvanalegt þegar grillað er. Auk þess getur myndast hættulegt gas. Teflon er samansett af efninu PTFE (Polytetrafluoroethylene) sem þolir ekki hitastig yfir 300 °C og er talið skaðlegt, berist það í líkamann.

Bíður þú eftir að grillvökvi sé fullbrunninn og kolin orðin glóandi og grá áður en þú setur matinn á grillið? En þannig minnka líkurnar á að ýmis skaðleg efni berist í grillmatinn.

Þrífur þú grillið eftir notkun? Fita sem situr á grindum og lekur ofan í grillið brennur næst þegar grillað er og skaðleg efni geta sest á matvælin. Það er góð regla að taka grillið í gegn á vorin og þrífa sýnilega fitu að lokinni grillun.

Með því að fylgja þessum ráðleggingum má koma í veg fyrir heilsuspillandi örverur og efni í grillmatnum. Hugum að réttri meðferð matvæla og notkun áhalda/íláta, ásamt almennu hreinlæti til að njóta heilsusamlegrar grillstundar í faðmi vina og fjölskyldu. ■

fastus.is

LOTUSGRILL

Stórsniðugt í garðinn, á pallinn eða í ferðalagið

MINI
Ø29cm
Fyrir 1-2

CLASSIC
Ø34cm
Fyrir 4-6

XL:
Ø44cm
Fyrir 6-8

- Mjög auðveld og fljótleg í notkun
- Tilbúin til matreiðslu á 3-4 mínútum
- Afkastamikil og öflug
- Mjög góð hitastýring á kolum
- Ytra byrði hitnar ekki
- Færanleg á meðan þau eru í notkun
- Auðvelt að þrífa
- Mega fara í uppþvottavél
- Taska fylgir
- Mikið úrval aukahluta

Opið mán - fim 8:30 – 17:00, fös 8:30 – 16:15
Síðumúli 16 I 108 Reykjavík I Sími 580 3900 I fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Grillaður aspas

Aspas er elegant en einfaldur lúxusréttur sem passar mjög vel að grilla. Hvort sem aspasinn er grænn eða hvítur, það skiptir engu máli á grillinu.

elin@frettabladid.is

Grillaður aspas passar jafnt sem meðlæti eða forréttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mjög gott er að grilla aspasinn og setja síðan kryddsmjör yfir hann og kreista smá sítrónusafa þar yfir. Aspas er hægt að borða einan og sér en hann er líka góður sem meðlæti, til dæmis með nautakjöti eða laxi.

Skerið frá neðsta hlutann, 2-3 cm. Skrælið stönguinn neðst lítillega. Sjóðið vatn í stórum potti og setjið 1 msk. af salti og aðra af sykri út í. Setjið aspasinn út í sjóðandi vatnið í fimm mínútur, takið upp og leggið á eldhúspappír. Þetta er hægt að gera með góðum fyrirvara fyrir eldun.

Skerið sítrónu til helminga og leggið opna sárið á heitt grill. Penslið aspasinn með olíu og grillið á vel heitu grilli í stuttan tíma eða þar til hann fær grillrendur. Leggið á disk og setjið kryddsmjör yfir. Skreytið með grillaðri sítrónu og ferskum kryddjurtum. Bragðbætið með salti og pipar.

> Aspas er hægt að borða einan og sér en hann er líka góður sem meðlæti, til dæmis með nautakjöti eða laxi.

Kryddsmjör

Það er hægt að kaupa tilbúið kryddsmjör en það er mjög einfalt að gera það sjálfur. Hrærið mjúkt smjör með kryddum, setjið í plastfilmu og geymið inni í ísskáp. Geymist í tvo mánuði í frysti. Skerið smjörið í fínar sneiðar og berið fram með aspas, kjöti, maís, bökuðum kartöflum eða grilluðu grænmeti.

- 100 g mjúkt smjör
- 2 msk. ferskar kryddjurtir að eigin vali, til dæmis rósmarín og timían
- 1 msk. sítrónusafi
- 0,5 tsk. salt
- 0,25 tsk. pipar

Skerið kryddjurtirnar mjög smátt og blandið saman við smjörið ásamt sítrónusafanum, salti og pipar. Búið til rúllu með plastfilmu og geymið í ísskáp. ■

Nettó er með frábært úrval af krydduðu, maríneruðu og ókrydduðu kjöti fyrir allar gerðir grillara.

Grillsumarið hefst í Nettó

Elías og Ingibjörg bíða bæði spennt eftir íslenska grillsumrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nettó hefur síðustu ár fest sig rækilega í sessi sem uppáhaldsverslun grillaranna. Nettó-verslanir er að finna um land allt og því geta grillarar landsins elt sólina í allt sumar og grillað ferskar kjöt- og fiskvörur allan hringinn.

Nettó er aðalgrillbúðin á landinu. Þar fást yfir sjötíu tegundir af grillkjöti og gæða grillsósur sem fullkomna máltíðina. Einnig er þar frábært úrval af fiski og grænmeti sem og öllu öðru sem hægt er að ímynda sér að megi grilla. Hjá Nettó er því hægt að láta alla grilldrauma rætast og gott betur en það. „Við hjá Nettó bjóðum líklegast upp á breiðasta úrval kjöttegunda á landsvísu. Ásamt hefðbundnum kjúklingi og nauta-, lamba- og svínasteikum, þá erum við einnig með annað framandi kjöt í völdum verslunum, eins og til dæmis dádýr, kengúrusteikur, alifuglakjöt og margt fleira sem vekur forvitna bragðlauka. Okkar leiðarljós er að bjóða eingöngu fyrsta flokks gæði á besta mögulega verði og gott úrval," segir Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðsstjóri Samkaupa/Nettó.

Fiskinn á grillið

Fátt er meira viðeigandi inn í íslenska grillsumarið en spriklandi ferskur fiskur, beint á grillið. Í samstarfi við Hafið býður Nettó upp á úrval af gómsætum fiski sem er tilvalinn á grillið. „Fyrir þá sem kjósa fiskmeti fram yfir kjötið verðum við auðvitað með gott úrval af hörpuskel, humri og frosinni risarækju. Langa, bleikja og lax fást einnig í girnilegum grillútfærslum frá Hafinu," segir Ingibjörg.

Kjötborðið er stolt Nettó

Kjötborðið nefnist vörumerki Nettó á ferskum kjötvörum. „Við erum einstaklega stolt af „Kjötborðinu" okkar," segir Elías Þór Þorvarðarson, innkaupastjóri og grillmeistari Nettó. Undir merkjum Kjötborðsins fá grillarar landsins hundrað prósent ferskt og ómeðhöndlað kjöt, allt hugguleg snyrt og vel fram borið. „Fyrir metnaðarfullu grillarana sem vilja marinera og krydda sjálfir, þá stendur kjötborðslínan okkar fyrir sínu. Um er að ræða 100% hreint og ókryddað lamb, naut, svín og kjúkling, allt niðursneitt með þeim hætti sem grillarinn kýs að fá það. Við notum eingöngu íslenskt hráefni í þessa línu og fólk getur alltaf gengið að 100% gæðum. Undir

> **Fyrir metnaðarfullu grillarana sem vilja marinera og krydda sjálfir, þá stendur kjötborðslínan okkar fyrir sínu.**
>
> Elías Þór

merkjum Kjötborðsins fást svo að auki vinsælustu marineringarnar í dollum svo menn geti smurt sjálfir með kærleika," segir Elías.

„Í sumar munum við svo bjóða upp á úrval af grillspjótum frá Norðlenska. Einnig verðum við með gott úrval af grillkjöti frá Norðlenska, Kjarnafæði, SS, Stjörnugrís, Kjötbankanum, Kjötseli og upprunamerkt lambakjöt í grillpakkningum frá Fjallalambi," bætir Ingibjörg við. Þau Ingibjörg og Elías eru svo sammála um að grillsósurnar frá Kjötseli setji punktinn yfir i-ið þegar kemur að því að fullkomna grillmáltíðina.

Borgarar og pylsur

Nettó er að vanda með fjölbreytt úrval af hamborgurum og pylsum fyrir grillið. „Vinsælu Barion borgararnir verða á boðstólum hjá okkur í allt sumar. Rib-eye borgararnir eru líka að koma sterkir inn og ná líklega fordæmalausum vinsældum í sumar. Þar er Tarfurinn, safaríkur 150 gramma Rib-eye borgari, langvinsælastur. Klassísku pylsurnar verða áfram í afar fjölbreyttu úrvali enda ómissandi á grillið og gaman að bera fram með alls kyns meðlæti og sósum," segir Elías.

Margt má nú grilla

Fyrir utan þetta hefðbundna sem fólk grillar alla jafna, eins og kjötið, fiskinn, pylsurnar og grænmetið, er Nettó með ýmislegt fleira sem má vel gera tilraunir með á grillinu. „Fyrir þá allra hörðustu má líklega skipta út heimilisofninum fyrir grillið á hverjum degi í sumar. Flatbökur er eitt af því sem margir sverja fyrir að séu mun betri beint af grillinu en úr ofninum. Púrrulaukur er einnig svaðalegur á grillið sem og eggaldin, kúrbítur, kartöflurnar, sætar kartöflur og margt fleira. Það er í raun fátt sem batnar ekki við það að fá á sig smá grillrendur," segir Elías.

Grillsumarið mikla á tilboði

Nú er tími til kominn að liðka um grilltangirnar, brýna grillspjótin og fullkomna grillhæfileikana því Nettó verður með öflug grilltilboð

Nautaborgarar Kjötborðsins eru úr 100% hreinu nautakjöti.

Íslenskur fiskur frá Hafinu er frábær á grillið. Fæst bæði ókryddaður og forkryddaður.

í allt sumar. „Yfir sumartímann kappkostum við hjá Nettó að vera með góð helgartilboð á grillkjöti og öðrum girnilegum valkostum á grillið. Við munum bjóða upp á flottar magnpakkningar fyrir grillið, bæði frosið og ferskt. Einnig auglýsum við risavaxna afslætti í hverri einustu viku í allt sumar. Meðal annars munum við vinna meira með grilltvennurnar vinsælu. Þar seljum við saman í pakkningu tvær gerðir af kjöti, eins og til dæmis naut og lamb. Einnig munum við bjóða upp á kjúkling í tveimur mismunandi marineringum saman í pakka. Allt til að gera grillið fjölbreyttara og skemmtilegra," segir Ingibjörg.

Stafræn Nettó

Netverslun Nettó er einstaklega þægileg lausn sem viðskiptavinir hafa verið ánægðir með. „Hægt er að nýta sér netverslun Nettó og fá ýmist sent heim eða sækja í verslun á völdum landsvæðum. Þetta kemur sér til dæmis einstaklega vel fyrir grillveisluna," segir Ingibjörg og bætir við:

„Í fyrra setti Samkaup á markað nýtt smáforrit undir nafninu „Samkaup – verslun við hendina". Appið veitir viðskiptavinum afslátt í rúmlega sextíu verslunum félagsins, þar með töldum öllum verslunum Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar og Iceland. Appið er stafrænt tryggðarkerfi Samkaupa og fá viðskiptavinir 2% afslátt af öllum vörum í formi inneignar í hvert sinn sem þeir versla. Appið veitir afslátt í öllum verslunum okkar um land allt og með appinu fá viðskiptavinir meiri afslátt en þekkist í öðrum matvöruverslunum. Með afslættinum safna viðskiptavinir upp inneign sem þeir geta síðan nýtt hvenær sem þeim hentar, hvort heldur er í næstu búðarferð á eftir eða safnað honum upp og notað til að gera öll matarinnkaup. Reglulega bjóðum við að auki upp á glæsileg tilboð í Samkaupa-appinu sem gilda auðvitað í öllum Nettó-verslunum," segir Ingibjörg. Samkaupa-appið er orðið eitt stærsta vildarkerfi á Íslandi með tæplega 44.000 notendur sem hafa sótt snjallforritið og nýtt sér regluleg tilboð og afslætti á vegum appsins. „Í sumar verða regluleg apptilboð á góðum og girnilegum lausnum á grillið," segir Ingibjörg. ■

Nettó-verslanir eru um land allt. Einnig má gera innkaupin á netto.is. Hægt að er sækja Samkaupa-appið í App store eða Google Play.

Hönnuðu sitt eigið útieldhús í miðjum heimsfaraldri

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og eiginmaður hennar njóta þess að gera heimilið sitt að sínu og fannst frábært að geta stækkað það með því að vera með útisvæði sem eykur lífsgæði þeirra og fjölbreytni enda miklir náttúruunnendur.

sjofn@frettabladid.is

Í miðjum heimsfaraldri árið 2020 byggðu þau sér pergólupall og útieldhús sem Þórdís Lóa notar óspart og segir fátt toppa það að grilla utandyra og njóta matar undir berum himni. Hún aðhyllist slow food lífsstíl og segir að áhuginn á útieldhúsi hafi sennilega fæðst út frá alls kyns tilraunamennsku tengt slow food.

Þórdís Lóa, sem ávallt er kölluð Lóa, er að eigin sögn þessi dæmigerði úthverfabúi. „Ég er alin upp í Breiðholtinu, gekk í Fjölbrautaskólann þar og eftir að hafa farið á smá heimshornaflakk á skólaárunum og búið í Ekvador og New Orleans flutti ég aftur í Breiðholtið og þaðan yfir í Árbæinn þar sem ég bý enn. Mitt heimasvæði er útivistarsvæðið hér í kring. Fyrir nokkrum árum tókum við okkur til og erum nú líka skógarbændur í Þingeyjarsýslu. Ég veiði silung, lax, gæs og hreindýr og vinn matinn sjálf með mínu besta fólki," segir Lóa.

Við tókum okkur til fyrir tíu árum og byggðum lítið garðhús þar sem við ræktum hindber og jarðarber ásamt því að hafa þar vinnuaðstöðu fyrir garðvinnuna. Eftir að hafa notið þess í tíu ár ákváðum við að nú væri kominn tími á útieldhús og pergólupall.

Hönnuðu sitt eigið útieldhús

„Við vildum lengja sumarið og búa okkur til góða aðstöðu til þess, svo vildum við hafa eldhúsið sveitó og heimilislegt þar sem húsið okkar er gamalt og hér er ekkert hornrétt," segir Lóa og hlær.

Lóa segir að hugmyndin að útliti útieldhússins hafi fæðst gegnum Google og Pinterest. „Það fæddist bara í gegnum almennt Google og Pinterest, við vildum ekki vera að flækja þetta of mikið fyrir okkur, ákváðum bara að taka þetta á gamla góða slagorðinu „just do it".

Matseldin hjá okkur frá því í maí flyst meira og minna út á pall og út í útieldhús og garð og þar erum við yfir allt sumarið, það er alltaf gott veður í Árbænum, eða næstum því allavega, þannig að við notum aðstöðuna mikið allt sumarið. Garðurinn, pergólupallurinn, eldhúsið og litla garðhúsið okkar lengir sumarið um tvo mánuði að minnsta kosti sem eru algjörlega frábær lífsgæði."

Grilluð humarpitsa í uppáhaldi

„Ég er mikill grillari, elska að prófa alls kyns á grillið og þessi misserin er uppáhalds að grilla humarpitsu og silunginn eða laxinn sem ég veiði."

Við fengum Lóu til að gefa lesendum uppskriftina að hennar uppáhaldshumarpitsu og svipta burt leyndardómnum að baki pitsunni. „Berglind Ólafsdóttir, æskuvinkona mín, er mikill matargúrú sem heldur úti matarblogginu kryddogkrasir.com og ég nýt þess að liggja yfir uppskriftum frá henni og prófa mig áfram. Einu sinni sem oftar kom hún norður til okkar í sveitina í Þingeyjarsveit og grillaði þessa dásamlegu humarpitsu sem hefur verið í uppáhaldi síðan."

Lóa segist oft kaupa súrdeigspitsudeig sem kemur sér vel ef tímann skortir til að búa til pitsubotninn enda gott framboð til í matvöruverslunum eins og Bónus.

Humarpitsan hennar Berglindar

Botninn

Dugar í 3-4 pitsur sem eru u.þ.b. 9 tommur hver.

- 2 tsk. ger
- Örlítið hunang
- 1 bolli volgt vatn
- 4 bollar hveiti – oft nota ég 2 bolla gott brauðhveiti og 2 bolla af hörðu hveiti eða Durum hveiti
- 1 tsk. salt
- 1 msk. ólífuolía

Byrjið á því leysa gerið upp í volgu vatni með hunangi, þar til það byrjar að freyða, þetta ferli tekur um 10-15 mínútur. Blandið saman hveiti, salti og olíu og hellið gerblöndunni (eða vatni, geri og hunangi) saman í skál og hnoðið vel saman eða þar til deigið hefur fengið góða áferð. Hægt er að hnoða deigið í hrærivél með hnoðunarkrók, annars bara í höndunum. Leyfið deiginu að hefast í skál undir klút í 30-120 mínútur +/- þann tíma þið hafið til þess. Deigið þarf að hnoða aftur í smá stund þegar það hefur fengið að hvíla og lyfta sér eins og tími og aðstæður leyfa. Skiptið deiginu í 3-4 parta og fletjið út.

Þegar pitsan er grilluð á útigrilli eins og hér er gert, er botninum skellt á grill-pitsupönnu áður en áleggið er sett á botninn, pannan sett á funheitt grillið og grillinu lokað í nokkrar mínútur. Þá er botninum snúið við á pönnunni og nú er tímabært að raða álegginu.

Lóa hannaði sitt eigið útieldhús sem hefur aukið lífsgæði heimilisfólksins og fært matseldina út yfir sumartímann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við vildum hafa eldhúsið sveitó og heimilislegt þar sem húsið okkar er gamalt og hér er ekkert hornrétt, segir Lóa.

Grilluð humarpitsa er í miklu uppáhaldi hjá Lóu og stemningin við að grilla hana úti er ólýsanleg.

Humarálegg

á u.þ.b. 3 botna

- Hvítlauksolía (hvítlaukur kraminn og skorinn smátt, settur út í góða ólífuolíu)
- Rifinn ostur eftir smekk
- Ferskur mozzarellaostur skorinn í smáa bita eftir smekk
- Ólífuolía
- Smjör
- Sítróna
- 6 hvítlauksgeirar, marðir undir hnífsblaði og saxaðir smátt
- 500-600 g humar, skelflettur
- Salt
- Pipar, nýmalaður
- Steinselja, söxuð
- Blöð af morgunfrú (má sleppa)

Takið pitsupönnuna af grillinu og snúið botninum við. Smyrjið með hvítlauksolíu og stráið rifnum osti yfir botninn, ekki setja of mikinn ost á þessu stigi. Grillið í nokkrar mínútur. Opnið þá grillið og bætið ferskum mozzarellaosti á botninn, hann þarf aðeins styttri tíma til að bráðna heldur en rifni osturinn og er því settur aðeins síðar á botninn.

Á meðan pitsubotninn er að grillast er smjör með svolítilli ólífuolíu brætt á pönnu, 2 vel saxaðir og marðir hvítlauksgeirar settir út í brætt smjörið og leyft aðeins að hitna, þá er 1/3 af humrinum bætt á pönnuna og steikt í smá stund, gætið þess að ofsteikja humarinn ekki, betra er að hafa hann aðeins of lítið steiktan. Kreistið u.þ.b. 1 msk. safa úr sítrónu út á pönnuna og saltið og piprið.

Raðið humrinum á pitsubotninn sem nú er nánast tilbúinn, hellið hæfilegu magni af sítrónu-smjörblöndunni af pönnunni yfir pitsuna og lokið grillinu í eina mínútu eða svo.

Stráið saxaðri steinselju og blöðum af morgunfrú yfir pitsuna og berið fram og njótið. ■

Með glæsilegan sýningarsal fyrir Weber-vörur

Járn & Gler sér um innflutning fyrir Weber á Íslandi. Þar hefur nú verið opnaður glæsilegur sýningarsalur, Weber-salurinn, þar sem hægt er að skoða úrvalið af grillum og fylgihlutum og fá allar nauðsynlegar upplýsingar ásamt þjónustu með varahluti, allt á einum stað.

„Járn & Gler hefur verið innflutningsaðili fyrir Weber á Íslandi í vel yfir 20 ár," segir Sævar Þór Guðmundsson hjá Weber á Íslandi. „Við flytjum eingöngu inn Weber-grillin og fylgihluti, varahluti og annað sem tilheyrir þeim. Okkar hlutverk er að vera til taks og þjónusta alla Weber-eigendur á landinu með hvað sem þá vantar."

Mikið úrval á einum stað

„Fyrir rúmu ári opnuðum við Weber-salinn, en þangað getur fólk komið og skoðað allt vöruúrvalið, keypt vörur og varahluti og fengið allar nauðsynlegar upplýsingar," segir Sævar. „Við erum með grill í ýmsum stærðum og gerðum, gasgrill, kolagrill, Kamado grill, pallettugrill og rafmagnsgrill, þannig að það er úr mörgu að velja.

Það er stöðug aukning í sölu á kolagrillum og sífellt fleiri kjósa að eiga kolagrill með gasgrillinu," segir Sævar. „Weber Pulse rafmagnsgrillið er líka að koma sterkt inn, en það er góður valkostur í staðinn fyrir gasið. Þetta er frábært grill sem er knúið af hreinni íslenskri orku, þannig að við getum sagt að verið sé að grilla á umhverfisvænan hátt á Weber Pulse.

Sævar Þór Guðmundsson hjá Weber á Íslandi segir að góða reynslan af Weber-grillum sýni fram á gæði þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sumarið er að byrja og það er allt að gerast í grillbransanum núna en Weber-salurinn er opinn allan ársins hring. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fyrir rúmu ári opnuðum við Weber-salinn, en þangað getur fólk komið og skoðað allt vöruúrvalið.**
>
> Sævar Þór Guðmundsson

Svo er líka alltaf eitthvað nýtt að gerast og á næstu dögum og vikum eru nýjar gerðir af grillum að fara að koma til okkar," segir Sævar.

Reynslan sýnir fram á gæðin

„Það er komin mikil reynsla á Weber-grill hér á landi, og hún hefur sýnt fram á gæði vörunnar, ásamt góðu orðspori og ánægðum viðskiptavinum. Við gerum líka okkar besta þegar kemur að þjónustu, þannig að bæði varan og þjónustan er góð hjá okkur, þó ég segi sjálfur frá," segir Sævar.

„Núna er grillárstíðin. Sumarið er að byrja og það er allt að gerast í grillbransanum, svo nú er mikið að gera hjá okkur," segir Sævar. „En við erum einnig til staðar hér allan ársins hring til að þjónusta og taka á móti fólki og höfum byggt upp gríðarlega reynslu fyrir vikið." ■

Weber-salurinn er í húsakynnum Járns & Glers í Skútuvogi 1H. Opið er mánudaga til fimmtudags milli 8.00-16.00 og föstudaga milli 8.00-15.15. Úrvalið er á heimasíðunni, weber.is, og nánari upplýsingar fást í gegnum weber@weber.is eða í síma 5858900.

Weber á Íslandi býður upp á grill í ýmsum stærðum og gerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sölufélag garðyrkjumanna
Íslenskt grænmeti
Þú veist hvaðan það kemur
islenskt.is

Eurovision afmælistilboð!
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Kaliber Silver II gasgrill
3 brennarar, (9 kW)
Grillflötur 54x41,5cm
38.796
Áður 48.495 kr.
Kaliber ferðagasgrill
2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
23.996
Áður 29.995 kr.
20% AFMÆLISAFSLÁTTUR
Kaliber PREMIUM GRILL
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

Ómar Már Jónsson grillar sykurpúða með barnabörnunum. Útieldstæðisborðið er hönnun Ómars og hægt er að njóta þess allan ársins hring. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hannaði útieldstæði og grillar nú sykurpúða úti

Hjónin Laufey Þóra Friðriksdóttir og Ómar Már Jónsson ákváðu að láta drauminn rætast og hönnuðu og byggðu draumapall sem hægt er að njóta allan ársins hring. Ómar gerði sér svo lítið fyrir og hannaði sitt eigið útieldstæði með borði.

sjofn@frettabladid.is

Laufey og Ómar búa í Seljahverfinu, grónu og friðsælu hverfi, og eru fjögur í heimili. „Við hjónin, Alda, dóttir okkar, og Andri, kærastinn hennar. Einnig er litli terrier-hundurinn okkar, Hekla, mikilvægur hluti af fjölskyldunni. Eldri börnin eru farin að heiman, en þau tvö sem búa á Íslandi koma oft í heimsókn með barnabörnin. Fjölskyldustundirnar eru okkur mikilvægar og eru samverustundirnar úti orðnar fleiri og enn skemmtilegri eftir að við stækkuðum pallinn við húsið.“

Pergólur sem mynda skjól

Þau voru strax með ákveðnar hugmyndir um hvernig aðstöðu þau vildu hafa á pallinum. „Þegar við fórum af stað vissum við að við vildum hafa pallinn bæði sem slökunar- og sólbaðsaðstöðu, stað þar sem barnabörnin (og við) gætu leikið sér, og með góða aðstöðu til að grilla og matast. Var því ljóst að hann myndi stækka töluvert. Við höfum ferðast til Grikklands oftar en einu sinni og þar höfðum við heillast af svokölluðum pergólum. Er það svæði þar sem eru súlur með þaki, notalegir sófar og borð eru undir og mynda þær gott skjól. Hægt er að eiga þar góða stundir, jafnvel þó ekki sé brakandi blíða. Fannst okkur mikilvægt að hafa svoleiðis svæði svo pallurinn nýttist betur.“

Ómar smíðaði pallinn sjálfur

Hönnunin á pallinum var að mestu í höndum Ómars. „Enda er hann með reynslu, búinn að gera pall áður við húsið sem við áttum í Súðavík. Hann var einnig aðalsmiðurinn en fjölskyldan kom samt öll að verkinu. Friðrik, sonur okkar, kom sterkur inn og eins komu vinir tengdasonarins einn dag og hjálpuðu til. Þetta var spennandi ferli sem vinum og vandamönnum fannst gaman að fylgjast með og einnig kynntumst við nágrönnunum betur þar sem smiðin vakti athygli og vegfarendur stoppuðu í spjall, enda stærðargráða pallsins aðeins meiri en almennt hefur kannski verið,“ segir Laufey.

Ómar og Laufey segja það muna miklu fjárhagslega að gera þetta sjálf. „Vissulega þurfti að kaupa gröfuþjónustu þegar verið var að undirbúa smíðina, en fjármunirnir sem spöruðust voru miklir.“

Útiveran aukist til muna

Lífsgæði fjölskyldunnar hafa aukist með þessa aðstöðu út við og ófáar stundirnar eru nýttar til að snæða utandyra. „Fyrir utan að manni finnst húsið hafa stækkað heilmikið og hægt að bjóða í skemmtilegar veislur þar sem stórfjölskyldan og vinir rúmast vel, hefur útivera aukist til muna og ófáir kaffibollarnir sem eru drukknir á pallinum, hvort sem er í morgunsólinni eða á öðrum tímum dagsins. Litlu afa- og ömmubörnin hafa líka æft sig að hjóla þar og farið í boltaleiki og annað skemmtilegt og eins er notalegt að borða úti undir berum himni. Það er óhætt að segja að pallurinn og allt sem honum fylgir veiti okkur mikla ánægju.“

Hannaði borð fyrir kósíhornið

Ómar gerði sér lítið fyrir og hannaði útieldstæðisborð sem þau hafa komið fyrir undir pergólum sem nýtist allan ársins hring. „Það er mjög mikið sport að grilla sykurpúða með barnabörnunum við útieldstæðisborðið sem við smíðuðum og er á pergólusvæðinu sem er mikið notað. Setjast þar við spjall með drykk í bolla eða glasi er líka himneskt, enda ylurinn frá eldstæðinu og snarkið í eldinum svo notalegt að maður getur setið endalaust,“ segja hjónin og eru einstaklega ánægð með kósísvæðið sitt.

Aðspurður segir Ómar að hugmyndin bak við hönnunina á útieldstæðinu hafi í raun verið óskhyggja þeirra. „Okkur langaði í gas-útieldstæði með borðplötu svo hægt væri að hafa smá snarl og drykki við höndina, en við höfðum séð svoleiðis erlendis. Þegar við fórum að leita að svona útieldstæði komumst við að því að við gátum ekki fengið slíkt hér heima, svo það var ekkert annað í stöðunni en að gera það sjálf.

Þegar við höfðum klárað sólpallinn buðum við til veislu og þegar fólk sá eldstæðið töluðu margir um að þá langaði í svona. Þá langaði okkur til að leyfa öðrum að njóta og fórum í að finna samstarfsaðila til að vinna með okkur.“

Í dag eru þau búin að stofna fyrirtæki og selja þetta forláta útieldstæði í nokkrum útgáfum. „Á heimasíðunni okkar, eldsteinar.is, er hægt að kaupa fullbúið eldstæðisborð, sem samanstendur af borðstandi sem borðplatan situr á, borðplötu og eldstæðisbúnaðinum og erum við með tvær tegundir af fullbúnum eldstæðisborðum.

Borðstandarnir sem við bjóðum upp á geta verið úr sótuðu íslensku lerki, sem kemur frá Skógarafurðum eða úr furu. Borðplöturnar geta verið steinplötur sem gerðar eru af Íslandshúsum eða granítborðplötur frá Fígaró.“

Viðskiptavinir fá síðan eldstæðið uppsett á pallinn hjá sér og er sá kostnaður innifalinn í verðinu. „Eldstæðispönnurnar og aðra íhluti flytjum við inn frá viðurkenndum aðilum, enda mjög mikilvægt að gaseldstæði séu örugg. Viðskiptavinir geta einnig keypt sér íhlutina og gert sitt eigið útieldstæðisborð. Miklu máli skiptir þá að fá fagmann til að sjá um tengingar á gasbúnaðinum,“ segir Ómar.

Auðvelt í notkun

Notkunin á útieldstæðinu er einföld og þægileg. „Það er jafn auðvelt og að nota gas-útigrill en borðin eru þó ekki til að grilla kjöt eða fisk. Einnig er kosturinn við að nota gas-útieldstæði að þá er engin lykt eða reykur.

Við bjóðum einnig upp á sérsniðnar ábreiður fyrir eldstæðin, þannig að þegar það er ekki í notkun er gott að breiða yfir það en hægt er að nota eldstæðisborðið allt árið um kring.“

Þetta er skemmtileg nýjung á Íslandi, er gríðarlega vinsælt í Bandaríkjunum, og einnig eru þau orðin mjög vinsæl víða í Evrópu, allt með það að markmiði að nýta útisvæðin sín betur og lengur. „Eldstæðisborð eru einnig mjög vinsæl hjá hótelum, veitingastöðum og öðrum þjónustustöðum þar sem þörf er á að skapa skemmtilegt andrúmsloft fyrir gestina.“ ■

Dásamleg viðbót við grillmatinn í sumar

Vörurnar frá Þykkvabæjar henta mjög vel með ýmsum grillmat. Margir tengja vörurnar við sumarið, rétt eins og komu lóunnar.

Sumarið er sá tími ársins sem margar vörur Þykkvabæjar fara hátt á flug enda passa þær einstaklega vel með alls kyns grillmat, segir Ómar Kárason, sölu- og markaðsstjóri Þykkvabæjar. „Við bjóðum til dæmis upp á forsoðnar grillkartöflur sem smellpassa á grillið og þarf einungis að hita í fimmtán mínútur. Viðskiptavinir okkar hafa verið duglegir að prófa sig áfram og nú eru margir farnir að kaupa grillkartöflur og hrásalat saman, til að fylla kartöfluna af hrásalati. Athyglisverð nálgun sem við fögnum.“

Fyrir tveimur árum kynnti Þykkvabæjar til sögunnar maís í smjörolíu og steinselju, sem eru fjórir saman í pakka. „Kosturinn við þá vöru er að maísinn er skorinn svo hvert og eitt stykki hentar betur í munn en þeir heilu. Maís passar vel með flestum grillmat og hafa neytendur tekið mjög vel í þessa nýjung en einungis þarf að hita hann í tíu mínútur á grillinu.“

Allt árið um kring bjóða Þykkvabæjar upp á hrásalat, kartöflusalat og brokkolísalat en yfir sumartímann bætast við tvær vörutegundir, bearnaise kartöflusalat og sætkartöflusalat. „Þessar vörur tengja vonandi margir við að sumarið sé komið, rétt eins og með lóuna á vorin, enda finnum við fyrir mikilli söluaukningu um leið og Íslendingar fara í útilegur og sumarbústaðatíðin byrjar.“

Ómar Kárason er sölu- og markaðsstjóri Þykkvabæjar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Einföldum næstu máltíð

Undanfarin ár hafa Þykkvabæjar sett mikinn fókus á tilbúna rétti að sögn Ómars og náð góðum árangri þar. „En á sumrin eru það meðlæti og salöt sem ráða ríkjum, enda bjóðum við upp á vörur sem bragðast vel en stytta einnig eldunar- og undirbúningstíma. Enda er eitt aðalmarkmið okkar að einfalda næstu máltíð, hvort sem það er í formi meðlætis eða með því að bjóða heila máltíð sem einungis þarf að hita.“

Forsoðnar kartöflur eru ein af grunnstoðum Þykkvabæjar og segir Ómar gaman að sjá hvað sú vara hefur náð góðum árangri yfir langan tíma. „Þær eru staðalbúnaður fyrir marga viðburði tengda matarboðum og hátíðlegum máltíðum. Einnig njóta Þykkvabæjar hrásalatið og kartöflusalatið mikilla vinsælda allt árið enda vilja margir alltaf eiga hvort sína dósina í ísskápnum hjá sér allt árið um kring.“

Gratínin eru einnig mjög vinsæl en þau henta vel sem meðlæti með fjölbreyttum mat að sögn Ómars. „Við bjóðum upp á tvær tegundir, hefðbundið ostagratín og beikongratín, en þessar vörur hafa verið á boðstólum í mörg ár og fengið góðar undirtektir. Við erum í grunninn kartöflufyrirtæki og bjóðum því upp á margt tengt kartöflum, eins og kartöflumús, sætkartöflumús og Þykkvabæjar franskar sem margir þekkja eflaust sem tilboðsfrönskurnar í gulu pokunum.“

Fleiri nýjungar í vændum

Þykkvabæjar er stöðugt að bæta við spennandi nýjungum í vöruúrvalið að sögn Ómars. „Á þessu ári höfum við bætt við karrí madras grænmetispottrétti en hann er ný viðbót inn í tilbúnu réttina okkar. Sífellt fleiri eru farnir að kjósa grænmetismáltíðir en einnig eru margir sem vilja borða eina grænmetismáltíð á viku og vildum við koma til móts við þessa hópa.“

Hann segir nokkrar hugmyndir vera í framkvæmd um þessar mundir. „Við hlökkum mikið til að kynna fleiri rétti á næstu misserum enda stöðugt að prófa okkur áfram í eldhúsinu og er stefnan sett á fleiri rétti á næstu mánuðum.“

Kartaflan er grunnstoðin

Miklar breytingar hafa orðið hjá Þykkvabæjar undanfarin ár en margir neytendur hugsa enn til þeirra sem snakkfyrirtækisins með álfasögurnar segir Ómar. „Breytingar á tollalögum höfðu mikil áhrif á getu okkar til að framleiða snakk fyrir íslenskan markað. Því var tekin sú ákvörðun að hætta í snakkframleiðslu árið 2017. Frá þeim tíma höfum við einbeitt okkur mikið af vörunýjungum, bæði í meðlæti og salötum en einnig í tilbúnum réttum sem hafa notið mikilla vinsælda. Þessir tilbúnu réttir eru orðnir sjö talsins undir vörumerki Þykkvabæjar og stefnum við á enn fleiri á næstu misserum. Við notum kartöflur í þrjá af þessum réttum þar sem kartöflur hafa alltaf verið ein af grunnstoðum Þykkvabæjar. Þannig mun það líklega alltaf vera, enda fyrirtækið stofnað af kartöflubændum og við kaupum okkar kartöflur beint frá íslenskum bændum.“ ■

> **Viðskiptavinir okkar hafa verið duglegir að prófa sig áfram og nú eru margir farnir að kaupa grillkartöflur og hrásalat saman.**
>
> Ómar Kárason

Nánar á thykkvabaejar.is.

Útieldhúsin og kryddjurtabarinn það heitasta í dag

Útieldhús njóta vaxandi vinsælda hér á landi og það má segja að möguleikarnir séu óþrjótandi. Margir vilja nýta garðana sína betur og finnst heillandi að búa til svæði þar sem bæði er hægt að elda og njóta þess að borða utandyra allan ársins hring.

sjofn@frettabladid.is

Útieldhús með öllu þar sem meira að segja er hugsað fyrir matargeymslum og vínkæli. MYNDIR/AÐSENDAR

Þegar kemur að því að ræða stefnur og strauma í hönnun útieldhúsa er enginn betur til þess fallinn en Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt hjá Urban Beat. Hann hefur verið að vinna við hönnun garða og palla í um það bil 30 ár og er ávallt með puttann á púlsinum.

„Ég virðist aldrei fá leiða á þessu. Á hverju ári koma inn nýjar hugmyndir til að vinna með og nýjar útfærslur sem gera garðinn að stað sem má nýta allan ársins hring. Fyrir nokkrum árum var það kampavínsveggurinn, í ár erum við mikið að vinna með kryddjurtabarinn og svo hafa útieldhúsin verið að sækja sterkt fram. Það má segja að það sé það heitasta í dag. Ekki má heldur gleyma gróðurhúsunum, sem nýtast bæði til ræktunar og sem kaffi- eða rauðvínsstofa.“

Aðspurður segist Björn finna vel fyrir vaxandi áhuga fólks á útieldhúsum og margir vilja líka bæta þeim við það sem fyrir er. „Á tímabilinu fyrir 2007 teiknaði ég nokkuð margar grillstöðvar með innbyggðum grillum en síðan hefur það smám saman þróast yfir í yfirbyggð útieldhús. Ég hef einnig rekið mig á það síðustu ár að fólk hefur minnkað við sig hvað varðar íbúðarrými en lagt þá meira í garðinn sem stað til að nota allt árið. Þar er útieldhúsið mikilvæg viðbót.“

Minni útieldhús uppáhalds

Þegar kemur að því að hanna útieldhús, hvað er það sem við þurfum að hafa í huga?

„Já, þú biður ekki um lítið,“ segir Björn kankvís. „Listinn er ansi langur. Fyrst er það skjólið því ef ekki er hægt að mynda skjól þá er ekki hægt að vera í garðinum. Svo finnst mér alltaf spennandi þegar ég næ kvöldsólinni inn undir þakið. Hér skiptir stærðin líka máli. Algengt er að fólk sé með gas-, kola- og pitsuofn og þá þarf að koma þessu haganlega fyrir. Eins er tenging við eldhúsið inni og dvalarsvæðin í garðinum líka mál sem þarf að skoða. Mín uppáhaldseldhús eru í minni kantinum með gasgrilli, plássi fyrir pitsuofn uppi á vinnuborði og pláss fyrir borð með fjórum stólum. Svo má alls ekki gleyma að hafa hitara, fallega lýsingu og nóg af rafmagnstenglum.“

Fagurfræðin og notagildið flæða ávallt saman í hönnun Björns og skipta sköpum að verki loknu. „Eldhúsið verður að líta út sem eðlilegur hluti garðsins. Ég er nánast alltaf að hanna útieldhús sem hluta af garði en ekki sér einingu. Nú er algengt að beðið sé um smáhýsi í garðinn, ýmist sem geymslu, sólskála eða gufubað, og þá getur verið upplagt að framlengja þakið til að mynda skjól fyrir útieldhús.“

Lítill ísskápur næsta skref

Björn er á því að útfærslur á útieldhúsum séu almennt nokkuð líkar. „Þetta er nú yfirleitt nokkuð keimlíkt. Pláss fyrir grill, gott vinnupláss og pláss fyrir borð og stóla. Svo fyrir þá sem vilja fara skrefinu lengra má setja lítinn ísskáp sem geymslu fyrir vín eða bjór. Svo væri auðvitað hrikalega gaman að vera með ræktun í litlum kryddjurtabar við hliðina á eldhúsinu þannig að það megi tína beint inn á grillið. Ætli næsta útieldhús verði ekki búið kryddjurtabar.“

Eitt sem Björn segir að vert sé að hafa í huga er að fara varlega með eld. „Ef mikið er unnið með kol þá myndi ég flísaleggja gólf og vinnufleti og jafnvel hlaða vinnuborðin.“ ■

Það þarf oft ekki mikið pláss fyrir útieldhús en hér er það nálægt gróðurhúsinu og í seilingarfjarlægð við pottinn.



Ef útieldhúsið er notað allan ársins hring, sem er algengt, þá spilar lýsingin lykilhlutverk.

Stundum er nóg að hafa bara litla grillstöð með fráleggsborðum fyrir kokkinn. Fallegt og vel skipulagt.

Það má ekki gleyma því hvað ómáluð steypa getur verið smart en hér tengir hún útieldhúsið við útlit hússins.

Pergóla í framhaldi af útieldhúsi getur verið skemmtileg viðbót. Það er líka þægilegt að hafa þak yfir.

Borð og stólar fyrir utan þakið en um leið og byrjar að rigna er ekkert mál að draga húsgögnin í skjól.

Making our world more productive

Linde

AGA
GAS
ALLS STAÐAR

Smellt eða skrúfað?
Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI FYRIR AGA GAS Á GAS.IS

Athugið að slanga og annar gasbúnaður leki ekki | Látið hylkið standa upprétt
Varist að setja hylkið undir grill | Skrúfið fyrir gasið á hylkinu strax eftir notkun
Notið viðeigandi þrýstijafnara | Athugið að propangas er afar eldfimt

Linde Gas | Breiðhöfða 11 | Reykjavík | 577 3000

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

Grillaður ananas er sælgæti.

Grillaður ananas með rommsósu

elin@frettabladid.is

Grillaðir ávextir og ís fara einstaklega vel saman. Oft er súkkulaði- eða karamellusósa höfð með en hér er það rommsósa. Grillaður ananas er einstaklega góður og hann passar líka vel sem meðlæti með svínakjöti.

1 stór ferskur ananas
2 msk. sykur
½ tsk. kanill
75 g smjör
75 g púðursykur
1 límóna, börkur og safi
2 msk. dökkt romm
1 rauður chili-pipar
1 msk. fersk minta
400 g vanilluís

Skerið toppinn af ananas og takið því næst hýðið af. Skerið til helminga. Fjarlægið kjarnann í miðjunni og skerið helminga í tvennt þannig að eftir standa fjórir bátar. Skerið þá í 2,5 cm langa bita. Dreifið sykri og kanil sem hrært hefur verið saman yfir bitana. Grillið á miðlungsheitu grilli í 4-5 mínútur, snúið til að fá lit á allar hliðar. Sykurinn á að karamellast.

Setjið smjör í pott og bætið við púðursykri, límónusafa og fínt röspuðum límónuberki. Bætið rommi saman við og einum heilum chilli-pipar. Hrærið þar til sykurinn bráðnar og sósan verður að jöfnum glassúr.

Setjið ananas á disk, hellið sósunni yfir, skreytið með mintu og berið fram með vanilluís.

Hægt er að skipta ananas út fyrir banana og fara eins að við eldunina. ■

Góð bbq-sósa er nauðsynleg þegar grilltíminn er hafinn.

Heimagerð sósa

elin@frettabladid.is

Þessi sósa er mjög góð með flestum grillmat, sérstaklega svínarifjum. Uppskriftin er ekki flókin og sósan geymist vel.

2 msk. olía
1 laukur, skorinn í bita
2 hvítlauksrif
1,5 tsk. chili-pipar
0,5 tsk. salt
4 tsk. chili-sósa
1,25 dl sterkt kaffi
1,25 dl worchestershire-sósa
2,5 dl tómatsósa
1,25 dl eplacider-edik
100 g púðursykur, dökkur

Steikið lauk og hvítlauk í olíunni. Bætið chili-kryddi og chili-sósu saman við. Bragðbætið með salti og hrærið vel. Setjið afganginn af innihaldsefnum saman við og látið suðuna koma upp.

Takið af hitanum og keyrið töfrasprota þannig að sósan verði jöfn og falleg. Setjið í hreina krukku og geymið í kæliskáp. ■

Grillaðar pylsur með kartöflusalati

elin@frettabladid.is

Flestum finnst grillaðar pylsur hið mesta sælgæti. Kartöflusalat með grilluðum pylsum er eiginlega nauðsynlegt. Það gefur sumarlegan blæ að fá sér eina með öllu og kartöflusalati. Einföld matargerð fyrir allan aldur. Hér er uppskrift að mjög góðu kartöflusalati sem hægt er að hafa sem meðlæti eða setja ofan á pylsuna í brauðinu.

200 g góðar kartöflur
Hálf lárpera, skorin í bita
50 g hvítkál
1 dl majónes
1 msk. sýrður rjómi
1 msk. rifin fersk piparrót
2 msk. sítrónusafi
½ tsk. salt
1 tsk. nýmalaður pipar
1 msk. sætt sinnep
1 tsk. tabasco-sósa
2 msk. fínt skorinn graslaukur
1 msk. fínt skorið dill
4 radísur, skornar í sneiðar

Sjóðið kartöflur, kælið og flysjið Skerið í grófa bita.

Blandið öllum öðrum innihaldsefnum saman og setjið kartöflurnar saman við. Bætið við sýrðum rjóma ef með þarf. Geymið kartöflusalatið í ísskáp þar til lagt verður á borð.

Grillið pylsur, eina til tvær á mann, og hitið brauðin í efri hillunni á grillinu. Sumir skera smá rákir í pylsurnar svo þær springi síður en það er smekksatriði. Berið pylsurnar og brauðið fram með kartöflusalati, tómatsósu, remólaði, sinnepi og öðru því sem fólk óskar eftir. ■

Grillaðar pylsur eru í miklu uppáhaldi hjá mörgum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

HORFÐU *til* FRAMTÍÐAR

NÝTT SEREMÍÐA AUGNKREM
SEM LYFTIR AUGNSVÆÐINU

NÝTT SEREMÍÐA AUGNKREM SEM LYFTIR AUGNSVÆÐINU

Elizabeth Arden umbylti húðumhirðu okkar með hinum einstöku seramíðhylkjum (e. Ceramide Capsules), en nákvæmur skammtur af serumi er í hverju hylki sem einfaldar bæði húðumhirðuna og hefur öflug húðbætandi áhrif.

Þeir sem hönnuðu þessi verðlaunuðu seramíðhylki hafa nú sett á markað nýja húðvöru sem nefnist **Advanced Ceramide Lift and Firm Eye Cream**, en um er að ræða silkikennt augnkrem sem gengur hratt inn í húðina og býr yfir fimmföldum skammti af seramíði. Þannig endurnærir formúlan augnsvæðið en þetta einstaka augnkrem býr yfir „3D FIT Technology“ sem stinnir húðina við augnsvæðið, þéttir hana og veitir öfluga rakagjöf. Formúlan er knúin af virkni seramíða, tetrapeptíða og plöntukjarna alpahrímu og fær augnsvæðið sjáanlega lyftari ásýnd, verður stinnara og unglegra á aðeins tveimur vikum. Þessi létta formúla veitir rakagjöf allan daginn auk þess sem það dregur sjáanlega úr línum og þrota.

3D-FIT *Triple Action tækni*

þar sem öflug og vísindalega sönnuð innihaldsefni koma saman til að:

✓ **S**TINNA OG LYFTA
Seramíð styrkja húðina á meðan tetrapeptíð auka þéttleika hennar. Þannig verður húðin sjáanlega stinnari.

✓ **V**EITA ÖFLUGA RAKAGJÖF OG ENDURNÆRINGU
Rauðþörungar efla rakabindingu húðarinnar og veita rakagjöf allan daginn.

✓ **Þ**ÉTTA OG TÓNA
Plöntukjarnar alpahrímu hjálpa til við að lyfta húð sem farin er að slakna og hefur mótandi áhrif á augnsvæðið.

Elizabeth Arden
NEW YORK

Yanina Cauture sýndi flíkur í öllum regnbogans litum og flaskaði ekki á því að hafa djúpgrænan og fúksía-bleikan með í litadýrðinni á tískuvikunni í París í janúar síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hvort sínum megin á litahjólinu

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Það hefur ólíklega farið framhjá neinum sem fer reglulega í fataskoðunarferðir að litapallettan í sumar er ansi björt og litrík.

Allra heitustu litirnir verða, ef marka má búðarglugga tískuverslana, fúksía-bleikur og Kermit-grænn. Einnig verður mikið um lime-grænan, appelsínugulan, kóbaltbláan og ljósan fjólubláan.

Fúksía-bleikt sumar
Ljósir, kvenlegir og daufir bleikir tónar víkja í sumar fyrir sterkum og stoltum kirsuberjafúksía-bleikum litatónum. Liturinn passar vel með öðrum sterkum litum, eins og grænum, lime-grænum, skærgulum eða djúpfjólubláum, en segir líka mikið einn og sér paraður með hvítum eða svörtum. Fúksía er líka fullkominn litur á fylgihlutina, eins og sandala, veski eða steitment eyrnalokka, til að poppa upp aðrar flíkur, hvort sem þær eru í neutral tónum eða andstæðum lit.

Þetta snýst í grunninn um að blanda saman litatónum sem eru hvor sínum megin á litahjólinu.

Kermit-grænt og vænt
Grænn er litur náttúrunnar, vekur rólyndistilfinningu og getur unnið gegn kvíða og stressi. Græni liturinn í ár er allt annað en niðurtónaður eða daufur og hermannagrænn má bíða fram á haustið. Smaragðsgrænir og tónar sem minna á Kermit-frosk úr Prúðuleikurunum eru hins vegar í aðalhlutverki. Liturinn sómir sér einstaklega vel á rauðhærðum sem og dökkhærðum konum og körlum.

Á öndverðum meiði
Þessir tveir litir, smaragðsgrænn og fúksía-bleikur, eru algerlega á öndverðum meiði á litahjólinu; svokallaðir andstæðir litir. Þetta þýðir að þeir passa bæði fáránlega vel saman og vekja ávallt mikla athygli ef þeir eru paraðir saman. Þetta snýst í grunninn um að blanda saman litatónum sem eru hvor sínum megin á litahjólinu og kalla þannig fram litasprengju sem gleður augað og vekur athygli.

Blátt og appelsínugult, gult og fjólublátt, bleikt og grænt. Nú er tími til kominn að gúggla litahjólið, gramsa í fataskápnum og para saman flíkur sem þér hefur líklega aldrei dottið í hug að klæðast saman. ■

Hér fær Kermit-grænn að vera í aðalhlutverki hjá Valentino í París í janúar. Takið eftir bleika kjólnum í bakgrunni og hvað hann tónar vel við græna litinn.

Elie Saab sýndi glæsilegan fúksía-bleikan kjól á tískuvikunni í París í janúar.

Imane Ayissi tók trendið alla leið og paraði fúksía-bleikan við smaragðsgrænan pallíettukjól í tískuvikunni í París. Dásamlega girnileg litasprengja!

Tískan

ný sending, ný verslun og ný merki

Smith&Soul
Luxury Vintage
DE LUXE

ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Glamúrinn hélt áfram eftir Met Gala

Hið svokallaða Met Gala-ball fór fram á mánudagskvöld, en það er einn stærsti tískuviðburður ársins og umfjöllun um klæðnað stjarnanna þar hefur verið áberandi síðan. En það var ekki bara á ballinu sjálfu sem stjörnurnar létu ljós sitt skína, heldur líka í eftirpartíinu.

oddurfreyr@frettabladid.is

Þegar Met Gala-ballinu í Metropolitan-safninu lýkur hefst seinni hluti kvöldsins. Stjörnurnar fara í eftirpartí og að sjálfsögðu mæta allir í nýjum klæðnaði. Í eftirpartíinu sýndu stjörnurnar nýja tískustrauma, eins og gegnsæja kjóla, himinháa hæla og tvískiptan fatnað.

Hér eru nokkrir gestir sem bæði tímaritin Glamour og InStyle voru sammála um að hefðu verið sérlega glæsilegir í veislunni. ■

Tónlistarkonan Rosalía mætti í Givenchy-kjól með perlum og lærisháum þykkbotna leðurstígvélum frá Motomami, ásamt smóking-jakka.

Fyrirsætan Hailey Bieber var í topp frá Saint Laurent, leðurstuttbuxum og smóking-jakka, ásamt rauðum hælum og svörtum sólgleraugum.

Fyrirsætan Bella Hadid mætti í sérsniðnum topp frá Dilara Findikoglu og gegnsæjum sokkabuxum.



Fyrirsætan Kendall Jenner var í topp og pilsi frá Miu Miu sem sýndi rósgullin undirfötin sem hún var í.

Tónlistarkonan Kacey Musgraves kom í þrískipum köflóttum klæðnaði frá Moschino og þykkbotna hælum í stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tónlistar- og leikkonan Olivia Rodrigo var í kjól frá Versace með korsetti og hliðarnar klipptar út ásamt svörtum þykkbotna skóm.

Fyrirsætan og leikarinn Evan Mock var í svörtum bol, buxum með gimsteinum og með hanska.

MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL.19.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt. Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.

HRINGBRAUT



BIOTHERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY UPLIFT

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar kollagen og elastínþráðum húðarinnar verulega sem leiðir til þess að húðin tapar þéttleika og mýkt.

Blue Therapy Uplift kremin eru þéttandi, styrkjandi og rakagefandi og auka mýkt og þéttleika með því að notast við vatnsrofið kollagenpeptíð af náttúrulegum uppruna og Red Algae þörungaþykkni. Við notkun verða útlínur andlitsins skýrari, húðin mýkri og stinnari og með meiri ljóma.
Einnig til fyrir þurra húð og næturkrem.

BLUE THERAPY REVITALIZE

Amber Algae þörungurinn er aðal innihaldsefni Revitalize línunnar. Þörungurinn hefur þann einstaka hæfileika að viðhalda lögun sinni og endurnýja sig stöðugt. Þörungurinn styrkir og verndar framleiðslu á húðfrumum og viðheldur þannig þéttleika húðar. Kremið inniheldur einnig endurnýjandi Life Plankton™ góðgerla og styrkjandi næringarefni eins og Shea Butter og kalsíum.

Kremin eru orkugefandi og nærandi, draga úr öldrunareinkennum og styrkja varnarkerfi húðarinnar. Húðin verður frísklegri, mýkri, nærðari og ljómandi. Kremið hentar þeim sem vilja markvissa andlitsmeðferð sem dregur sýnilega úr öldrunareinkennum.
Einnig er til næturkrem og nærandi Cream-in-Oil dagkrem.

BLUE PRO-RETINOL

Blue Pro-Retinol kremið er byltingarkennd nýjung frá Biotherm sem inniheldur yfirborðs leiðréttandi Pro-Retinól, þörungaþykkni með viðgerðareiginleikum og endurnýjandi Life Plankon™ góðgerla. Pro-Retinol er einstök retinólafleiða sem samanstendur af retinóli og pálmítsýru, við snertingu húðar brotnar það niður og retinólið gengur niður í húðina. Við mælum alltaf með notkun sólarvarnar samhliða kremum sem innihalda retinól.

Við notkun kremsins flýtir Pro-Retinolið fyrir endurnýjun húðfruma á mildan og stöðugan hátt sem gerir kremið öruggt til notkunar kvölds og morgna, jafnvel fyrir viðkvæma húð. Húðin verður áferðafallegri, húðlitur jafnari og fínar línur minna sjáanlegar.

Endurvinnanlegar umbúðir - Ekkert sellófan - 40% endurunnar glerkrukkur

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215 og 790 9021

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105
Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

JS Ljósasmiðjan
Vélaverkstæði - Sláttuvélaþjónustan
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Óskum eftir starfsmönnum í sumarstarf og heilsársstarf, við viðgerðir á sláttuvélum, smávélum, sláttutraktorum og fl. Uppl. í s. 554 0661 699 2505

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Ákvörðun um matsskyldu

Landvinnsla stórþara á Dalvík eða Húsavík

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **7. júní 2022**.

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30
þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska III:
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska V:
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Bjóðum einnig upp á einkatíma.

Námskeiðin hefjast 9. maí og 10. maí og ljúka 2. júní.
Verð á mann er 35.000 krónur.

Uppplýsingar í síma 790 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

FRÍ
HEIMSENDING
ÞEGAR VERSLAÐ ER FYRIR
5.000,- EÐA MEIRA Í
VEFVERSLUN!
TILBOÐSDAGAR
20-50% AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM VÖRUM!
Dagana 5-9.maí. Kringlan - Glerártorg - WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Kjóll
3.495,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Kjóll
3.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL

Kjóll
4.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL

Kjóll
3.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Kjóll
3.995,-
Áður 7.990,-
S-XXXL

Kjóll
3.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL

Bolur
2.990,-
Áður 3.990,-
S-XXXL

Kjóll
3.990,-
Áður 7.990,-
S-XXXL

Kjóll
4.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Bolur
1.990,-
Áður 4.990,-
S-XXXL

Blússa
2.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Bolur
2.990,-
Áður 3.990,-
S-XXXL

Merkisatburðir

1639 Brynjólfur Sveinsson er vígður Skálholtsbiskup.
1646 Karl 1. Englandskonungur gefst upp fyrir þinghernum í Skotlandi.
1705 Jósef 1. verður keisari hins Heilaga rómverska ríkis eftir andlát föður síns.
1818 Karl Marx, þýskur hagfræðingur, heimspekingur og stjórnmálafræðingur, fæðist.
1821 Napóleon Bónaparte Frakkakeisari deyr í útlegð á eyjunni St. Helen.
1890 Bjarni Björnsson leikari fæðist.
1912 Blaðið Pravda, rödd kommúnistaflokksins í Sovétríkjunum, hefur útgáfu í Sankti Pétursborg.
1945 Guðmundur Kamban er skotinn til bana í Kaupmannahöfn.
1945 Holland og Danmörk eru frelsuð undan stjórn nasista.
1970 Heklugos hefst og veldur askan gróðurskemmdum, aðallega norðanlands.
2000 Samfylkingin er formlega stofnuð sem stjórnmálaflokkur á Íslandi.
2012 Japanir slökkva á öllum kjarnaofnum sínum í fyrsta skipti síðan 1970.
2015 Vísindamenn tilkynna uppgötvun elstu og fjarlægustu stjörnuþokunnar sem þekkist og fær hún nafnið EGS-zs8-1.

Kær bróðir okkar,

Vilmundur Þór Jónasson

frá Raufarhöfn,

lést á sjúkrahúsinu á Húsavík mánudaginn 2. maí.
Útförin fer fram frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 21. maí kl. 14.

Valgeir Jónasson
Gunnar F. Jónasson
og fjölskyldur.

Elsku maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Pálmar Gíslason

Móaflöt 55, Garðabæ,

sem lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, 27. apríl síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Garðakirkju í Garðabæ, þriðjudaginn 10. maí kl. 15.00.

Kristín Eiríksdóttir
Helga Sigurðardóttir **Björn Jónsson**
Gunnar Kr. Sigurðsson **Anna R. Valdimarsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar og ömmu,

Kristínar Eiríku Gísladóttur

Markarflöt 10.

Brynja Hrönn Jónsdóttir
Hildur Edda Jónsdóttir
Sverrir Már Jónsson
Gunnar Hrafn Jónsson
Helgi Hrannar, Brynjar Orri og Birgir Hrafn

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

Esterar Úraníu Friðþjófsdóttur

frá Rifi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Vitatorgs á Hrafnistu fyrir góða umönnun og vinättu.

Baldur Freyr Kristinsson **Guðrún Elísabet Jensdóttir**
Elvar Guðvin Kristinsson **Þórdís Bergmundsdóttir**
Dóra Sólrún Kristinsdóttir **Guðbrandur Jónsson**
Jóhann Rúnar Kristinsson **Katrín Gísladóttir**
Helena Sólbrá Kristinsdóttir **Guðmundur Gunnarsson**
Snædís Elísa Kristinsdóttir **Andrés Helgi Hallgrímsson**
Guðbjörg H. Kristinsdóttir **Óskar Guðjónsson**
og fjölskyldur.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Marín Guðrún segir lánþegahóp safnsins hafa breyst frá stofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hljóðbækur í fjörutíu ár

Fjörutíu ár eru liðin frá stofnun Hljóðbókasafns Íslands. Staða hljóðbóka í samfélaginu hefur breyst mikið á undanförnum árum.

arnartomas@frettabladid.is

Hljóðbókasafn Íslands, áður Blindrabókasafn Íslands, fagnar fjörutíu árum í dag en aðdragandinn að stofnun þess var þó nokkru lengri. Fyrstu hljóðbækurnar urðu til með segulbandinu á sjötta áratugnum og um miðjan áttunda áratuginn tók Borgarbókasafnið svo að sér að dreifa hljóðbókum sem Blindrafélagið hljóðritaði. Þar varð til vísir að hljóðbókasafni undir heitinu Bókin heim og var það staðsett í Sólheimasafni og síðar í Hólmgarði.

„Þetta byrjaði með þörf, eins og svo margt annað," segir Marín Guðrún Hrafnsdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafnsins. „Það vantaði bókasafn fyrir ákveðinn hóp fólks, eða blinda og sjónskerta."

Marín Guðrún segir að þörfin hafi strax verið mikil og að safnið hafi vaxið hratt frá byrjun en stofnun þess miðast við reglugerð um Blindrabókasafn sem samþykkt var þann 7. maí 1982.

Hljóðbókasprengja

Starf safnsins hefur breyst mikið á 40 árum og í dag er það að mestu rafrænt.

„Lánþegarnir eru auðvitað lykilatriði fyrir okkur og sá hópur hefur breyst töluvert," segir Marín Guðrún. „Til að byrja með voru þetta aðallega blindir og sjónskertir og starfið gekk út á að þjónusta þá eins vel og hægt væri með námsbækur og afþreyingarefni. Upp úr 1990 var svo farið að taka við vottorðum hjá fólki sem glímir við lesblindu og þá varð sprenging í fjölda lánþega."

Í dag eru lesnar inn um 400 bækur fyrir Hljóðbókasafnið ár hvert. Staða hljóðbókarinnar hefur breyst talsvert og er safnið einnig farið að kaupa hljóðrit af markaði.

„Síðastliðin tvö til þrjú ár hefur orðið mikil breyting hvað varðar hlustun á hljóðbækur," segir Marín Guðrún. „Það er jákvætt að markaðurinn sé farinn að sjá fólki fyrir hljóðbókum því þetta er lokað safn, hér þurfa allir að skila vottorði um prentleturshömlun. En það er mjög gott fyrir okkur að það sé kominn svona sterkur hvati fyrir útgefendur að gefa út hljóðbækur því margir vilja frekar hlusta eða gera hvort tveggja að lesa og hlusta á bækur."

Sitt sýnist hverjum

Marín Guðrún segir að það sé margt sem þurfi að hafa í huga þegar kemur að því að gera góða hljóðbók.

„Okkar hlutverk er fyrst og síðast að gera bók aðgengilega – ekki endilega að leiklesa hana með tilþrifum eða bæta við umhverfishljóðum," segir hún. „Sumir vilja að þessi umgjörð sé sem hlutlausust en lykilatriði er að lesturinn sé skýr og áheyrilegur. Við erum mjög ströng með val á lesurum sem fara allir í gegnum lestrarpróf og valnefnd sem velur úr, en við viljum endilega að fólk komi í prufur."

Leiklestur hefur þó verið að færast í aukana með tilkomu hljóðbóka á markaði og segir Marín Guðrún hann höfða til sumra.

> **Síðastliðin tvö til þrjú ár hefur orðið mikil breyting hvað varðar hlustun á hljóðbækur.**

„Margir gera þetta mjög vel en ýktur leiklestur fer fyrir brjóstið á mörgum lánþegum okkar," segir hún. „Það er mikilvægt að finna jafnvægið en okkar hlutverk er fyrst og fremst að gera efni aðgengilegt en ekki endilega að gera það meira aðlaðandi."

Björt framtíðarsýn

Í tilefni af afmælinu segir Marín Guðrún að Hljóðbókasafnið hafi nýlega gefið út stefnu og framtíðarsýn til ársins 2025.

„Við settum okkur nokkur gildi, sem eru þjónusta, alúð og samvinna," segir hún. „Það er svo okkar áskorun að halda áfram að veita framúrskarandi þjónustu í takt við nýja tækni og kröfur lánþega. Við höfum verið að koma vel út úr þjónustukönnunum og við viljum halda því áfram."

Þá hefur í tilefni af tímamótunum verið sett upp sýning um rithöfundinn Guðrúnu frá Lundi sem hefur verið gríðarlega vinsæl á Hljóðbókasafninu eins og annars staðar. Sýningin er opin á opnunartíma safnsins út maímánuð.

„Þar sem við erum alltaf að hugsa um aðgengi þá er sýningunni sjónlýst fyrir blinda og sjónskerta," segir Marín Guðrún að lokum. ■

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sveinn Einarsson

rennismíðameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 2. maí. Innilegar þakkir færum við starfsfólkinu á deild B-102 fyrir góða umönnun.

Sigríður H. Sveinsdóttir **Allan Muller**
Hjördís E. Sveinsdóttir **Alexander Eyjólfsson**
Páll B. Sveinsson **Berglind Sigurðardóttir**
Geir G. Sveinsson
og barnabörn.

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

Ásmundar Karlssonar

Brekkubyggð 40.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk blóðlækningadeildar 11G og göngudeildar 11B/C fyrir einstaklega hlýja og góða umönnun.

Guðbjörg Alfreðsdóttir
Axel Ásmundsson
Máni Snær Axelsson **Brynja M. Dan Gunnarsdóttir**
Guðríður Karlsdóttir **Guðni R. Eyjólfsson**
Hólmfríður K. Karlsdóttir **Friðrik Sigurgeirsson**

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

enox® rafreiðhjólin tryggja útivist, umhverfisvend og hollustu

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km

20%

Mest seldu rafhjólin í Húsasmiðjunni.
Gildir aðeins dagana 5.-8. maí

151.920 kr

~~189.900 kr~~

Rafmagnshjól ENOX EBX34 - EBX37 - 26”

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglabera, Bafang mótor að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaberi, bretti, bjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með. 3903103, 3903104

Fást í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox® enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál - Sigrún Eldjárn Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir.
19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Pressan Sigurjón Magnús Egilsson fær til sín góða gesti þar sem rætt verður um það sem efst er á baugi hverju sinni.
20.30 Fréttavaktin (e) Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Útsvar 2010-2011 Akranes - Reykjanesbær.
14.30 Fólkið í landinu Gestur Fanndal.
14.50 Mamma mín
15.10 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
16.20 Átök í uppeldinu
17.00 Svikabrögð
17.30 Landinn
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargadýr
18.29 Lúkas í mörgum myndum
18.36 Bolli og Bjalla Hjálp!
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Eurovision 2022: Holland.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Okkar á milli Guðni Gunnarsson.
20.35 Húsið okkar á Sikiley Hus-drömmar på Sicilien
21.05 Synd og skömm It's a Sin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
23.05 Vitjanir Sísí fríkar út. Læknaritarinn á heilsugæslunni, sem hefur nýtt stöðu sína um ávinningaráð og selt grasalyf, hundsar bann Kristínar við því með alvarlegum afleiðingum. Á sama tíma stigmagnast vandamálin í einkalífi Kristínar.
23.55 Babýlon Berlín Babylon Berlin
00.40 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Black-ish
15.25 Family Guy
15.50 Top Chef
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Single Parents
19.40 Superstore
20.05 Ghosts
20.30 Sögur sem breyta heiminum
20.45 Ræktum garðinn
21.00 9-1-1
21.50 NCIS. Hawaii
22.40 Love Island Australia
23.40 The Late Late Show
00.25 Berlin Station
01.20 Law and Order. Special Victims Unit
02.05 Billions
03.05 Dexter. New Blood

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.25 The O.C.
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Masterchef USA
10.15 Shrill
10.40 Í eldhúsi Evu
11.10 Mom
11.35 Besti vinur mannsins
11.55 30 Rock
12.15 30 Rock
12.35 Nágrannar
13.00 Suits
13.45 Fresh off the Boat
14.05 Shipwrecked
14.55 The Heart Guy
15.40 Wipeout
16.20 Eldhúsið hans Eyþórs
16.45 Making It
17.25 Rax Augnablik
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Aðalpersónur
19.30 The Cabins
20.20 Girls5eva
20.45 NCIS
21.35 The Blacklist
22.20 Real Time With Bill Maher
23.20 Barry
23.50 Grantchester
00.40 Shetland
01.40 The O.C.
02.20 Masterchef USA
03.00 Shrill
03.25 Mom
03.40 30 Rock
04.05 30 Rock

Sigrún Eldjárn mætir í Mannamál

Einn dáðasti barnabókahöfundur þjóðarinnar, Sigrún Eldjárn, er gestur Sigmundar Ernis í þættinum Mannamál á Hringbraut í kvöld, en líklega á hún að baki 60 bækur sem hún hefur skrifað og teiknað af listfengi. Í þættinum rifjar hún upp æsku sína í Þjóðminjasafninu og á Bessastöðum, en faðir hennar, Kristján Eldjárn, setti sterkan svip á sögu síðustu aldar sem þjóðminjavörður og forseti Íslands. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 lögsókn
5 dýrahljóð
6 tveir eins
8 sléna
10 drap
11 blankur
12 klöpp
13 þus
15 ófrostharður
17 safn

LÓÐRÉTT
1 mannár
2 slagbolti
3 tæra
4 mælieining
7 braskari
9 farg
12 vitleysa
14 viðbót
16 möndull

LÁRÉTT: 1 akkera, 5 rýt, 6 mm, 8 slappa, 10 vó, 11 mangari, 9 pressa, 12 bull, 14 auk, 16 ás.
LÓÐRÉTT: 1 ársverk, 2 kýli, 3 æta, 4 amper, 7 ren, 12 berg, 13 raus, 15 kulsár, 17 klasi.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Vignir Vatnar Stefánsson (2.501) fann snjalla leið til að einfalda taflið gegn Guðmundi Kjartanssyni (2.430) á Íslandsmótinu í skák.

40...Hxf2+! 41. Kxf2 g3+ 42. Hxg3 Hxh4 og svartur hélt auðveldlega jafntefli. Bikarsyrpa TR hefst á morgun. Mótið er opið öllum ungmennum 16 ára og yngri með minna en 1.600 skákstig. Rúnar Sigurpálsson varð um síðustu helgi skákmeistari Akureyrar.
www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Sudoku

			2		6	4	8	
	4			1	3	5		6
					7	1	2	
4	1			8		9		5
		3	5					
8	9		6		1			
	3	8	1				6	
9	2							
				3	8	2		

	5	6		9				1
		1			4			7
				1		7	3	2
		4	2			8		
	6	3		5			1	
							7	
	1		6	8				
		2		4		3	6	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

litrík íslensk hönnun

Hönnunar Marsbar
Design–
04.–08.05.22

Arkitýpa
Erla Sólveig Óskarsdóttir
Erna Einarsdóttir
Freyja Bergsveinsdóttir
ID Reykjavík
Ihanna Home
Inga Elín Design
Jómbi Jónsson
Kormákur og Skjöldur
Morra
Plastplan
Sóley Þráinsdóttir
Þórunn Árnadóttir / 54° Celcius

epal

Opnunarhóf
fimmtudag 17:00 - 19:00

Opnunartímar:
Mið: 12:00 – 18:00
Fim: 10:00 – 19:00
Fös: 10:00 – 18:00
Lau: 11:00 – 16:00

Snævi þakinn Hallberutindur fyrir miðju á heitum vordegi. Til vinstri er Hafrafell og Kollufell til hægri. MYNDIR/TG

Í fótspor skessu við fjörðinn franska

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Á Íslandi er fjöldi örnefna sem vísar til skessa, kventrölla sem byggja kletta, hóla og hella og sem þjóðsögur segja vætti í mannsmynd. Frægasta slíka örnefnið er sennilega Skessuhorn í Borgarfirði en einnig má nefna Skessutorfagljúfur upp af Núpstaðaskógum og nokkur Skessugil. Skessur gátu verið illskeyttar á meðan aðrar bjuggu í sátt og samlyndi við nágranna sína, það er að segja ef þeim var sýnd tilhlýðileg virðing. Sennilega hefur það síðarnefnda átt við um skessuna Hallberu en Hallberutindur á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar ber nafn hennar og fáar sögur til af henni. Þessi 1.118 m hái tindur er tignarlegur þótt oft vilji hann falla í skugga nágranna sinna, eins og Hrútafells, Hafrafells, Kollufells og Kambfjalls.

Það er nokkuð auðvelt að ganga á Hallberutind en fjallið hentar einnig ágætlega fyrir fjallaskíði á vorin. Eftir að komið er út um göngin sem tengja Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð er bílum lagt steinsnar frá veginum. Stefnan er tekin inn dalinn að snoturri á sem heitir Þverá. Síðan taka við birkivaxnar hlíðar og er gengið með fram ánni upp eftir keðju nafnlausra fossa þar sem sá voldugasti er skreyttur litríkum þverröndóttum berglögum. Haldið er í vesturátt upp í skál á milli Hafrafells og Kollufells og blasir þá við Hallberutindur milli þeirra. Fylgt er hrygg að hátindinum en af honum sést yfir óteljandi fjallstinda allt frá Berufirði að Fáskrúðsfirði og minnir landslagið á Alpana. Þarna má í návígi virða fyrir sér snarbratta austurhlíð Hrútafells sem mörgum þykir fegurstur af glæsitindum Fáskrúðsfjarðar. Efst á Hallberutindi má síðan kíkja ofan í Reyðarfjörð en ekki er síðra útsýnið út Fáskrúðsfjörð.

Flestir fylgja sömu leið til baka af Hallberutindi en einnig má velja aðrar brattari gönguleiðir, til dæmis beint ofan í Reyðarfjörð eða niður í Stuðlaheiðardal, sem er forn gönguleið og liggur fram hjá Hrútafelli milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Einnig má auk Hallberutinds ganga á ívið lægra Kambsfjall (1.026 m) eða Kollufell en gæta verður að snjóflóðum í vetrar- og vorferðum. Þegar komið er niður af Hallberutindi er tilvalið að kíkja í kaffi í nálægan Fáskrúðsfjörð sem er með fallegri bæjum á Íslandi. Þarna búa rúmlega 700 manns og fjöldi gamalla húsa og minja minna á þá tíma þegar Fáskrúðsfjörður var helsta bækistöð franskra sjómanna hér landi. ■

Leiðin á Hallberutind liggur með fram Þverá sem skartar sérlega fallegum fossum sem eru nafnlausir.

Skíðað niður Hallberutind með austfirskt Alpalandslag í bakgrunni.

FJÖRÐUR

KONUKVÖLD

| FIMMTUDAGINN 5.MAÍ |

FYLGSTU MEÐ /FJORDUR

BYLGJAN 989

í beinni

VÖRUKYNNINGAR, HAPPDRÆTTI & TILBOÐ Í VERSLUNUM

Fjörður verslunarmiðstöð | Fjarðargötu 13-15

Spennandi pappírssaga

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Doktor Silvia Hufnagel hefur rannsakað og skráð vatnsmerki í íslenskum handritum á Árnastofnun og er auk þess að skrifa sögu pappírs á Íslandi.

Silvia er austurrísk og spurð hvenær áhugi hennar á Íslandi, pappír og handritum hafi vaknað segir hún: „Þetta byrjaði allt með hestum. Ég er aðdáandi íslenska hestsins og fór sem unglingur á hestanámskeið þar sem voru íslenskir hestar og í hesthúsinu var alltaf talað um Ísland, landið og landslagið. Íslensk stelpa var þarna á sumarnámskeiði og þá heyrði ég tungumálið og varð algjörlega ástfangin, ekki bara af hestunum heldur líka af tungumálinu. Mér finnst íslenskan vera fallegasta tungumál í heimi.“

Þess má geta að Silvia talar einstaklega góða og fallega íslensku. „Í skólanum fræddist ég um Íslendingasögur og Halldór Laxness og vissi að ég yrði að læra tungumálið og fara til Íslands. Ég gerði það sem skiptinemi í háskóla og það var algjörlega frábært. Ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á bókum og handritum og fór á sumarnámskeið um íslensk handrit þar sem ég lærði að lesa forna texta og umgangast handrit. Mér var síðan boðið starf á Árnastofnun í Kaupmannahöfn en fyrir þrem árum fékk ég styrk frá Vísindasjóði Rannís og aðstöðu hér á Árnastofnun til að rannsaka pappírssögu Íslands undir stjórn Þórunnar Sigurðardóttur rannsóknarprófessors. Ég er að rannsaka vatnsmerki og pappírssögu, en vatnsmerki eru hluti af pappírssögu. Maður veit oft ekki hvaðan pappír kemur eða hvenær hann var framleiddur og þar geta vatnsmerki vísað manni rétta leið.“

Þjálfun og kunnátta

Vatnsmerki er mynstur sem sést þegar lýst er í gegnum pappír. „Vatnsmerki voru notuð í pappírsmyllum sem eins konar vörumerki og gæðamerki. Það fór eftir pappírsmyllum hvaða vatnsmerki var notað. Nokkur vatnsmerki, til dæmis dárahöfuð, voru notuð af mörgum myllum í langan tíma en oftast var sama vatnsmerkið ekki notað mjög lengi,“ segir Silvia. „Ef skjal eða handrit er tímasett með ákveðnu vatnsmerki og ég finn sama vatnsmerki í íslenskum handritum, þá get ég verið alveg viss um að pappírinn var framleiddur í sömu pappírsmyllu á sama tímabili.“

Hún segir mikla þjálfun og kunnáttu fylgja því að finna vatnsmerki. „Við leit að vatnsmerkjum í handritum notum við svokallað ljósblað sem maður setur bak við pappírinn til að sjá vatnsmerkið. Við tökum mynd af vatnsmerkinu og mælum það og getum síðan farið í erlendan gagnagrunn um vatnsmerki og séð hvort við finnum sama vatnsmerki þar.“

Nýtt verkefni

Silvia vinnur að bók um sögu íslensks pappírs sem fyrirhugað er að komi út á næsta ári og hún skrifar einnig grein um pappírssögu Íslands í ráðstefnurit sem kemur út í lok þessa árs. „Íslensk handrit eru stór og mikilvægur hluti íslensks menningararfs. Það eru til um 20.000 íslensk handrit en einungis 750 eru úr skinni, hin eru skrifuð á pappír sem við vitum ekki hvaðan kemur því engin pappírsmylla var til á Íslandi. Þess vegna er ég að skoða hvar og hvenær pappírinn var framleiddur. Svo er ég að byrja á nýju verkefni sem er að rannsaka pappír í 17. aldar handriti og endurvinnslu á pappír í handritum. Pappírssagan er svo óskaplega spennandi að ég vil endilega halda áfram að rannsaka hana.“ ■

Silvia er að skrifa sögu pappírs á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ráðstefna um pappír

Í dag hefst tveggja daga ráðstefna á vegum rannsóknarverkefnanna Paper Trails (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum) og Heimsins hnoss (Hugvísindasvið Háskóla Íslands) í samstarfi við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðminjasafn Íslands. Á ráðstefnunni verður sjónum beint að pappír frá ýmsum hliðum – framleiðslu, notkun vatnsmerkja, verslun, pappírsskorti, notkun pappírs í handrit, prentaðar bækur og skjöl svo nokkuð sé nefnt.

Ráðstefnan verður haldin í fyrirlestrasölum Þjóðarbókhlöðu og Þjóðminjasafns Íslands. Á ráðstefnunni á föstudeginum er fjallað sérstaklega um íslenskan pappír klukkan 14.00-15.30. Meðal fyrirlesara er Silvia Hufnagel.

> Ég er að rannsaka vatnsmerki og pappírssögu, en vatnsmerki eru hluti af pappírssögu.

Líf og fjör í Gerðarsafni

kolbrunb@frettabladid.is

Einkasýning Hönnu Dísar Whitehead, Snúningur, verður opnuð í dag, fimmtudaginn 5. maí, í Gerðarsafni klukkan 16. Á sýningunni verða gerðar tilraunir til að búa til húsgögn úr því sem áður var ílát, blanda saman nýjum aðferðum á fyrri hugmyndir og fá sömu sjónrænu efnistilfinningu út úr ólíkum efnivið.

Klukkan 18.15 verða Bergur Ebbi rithöfundur, Páll Haukur og Fritz Hendrik IV myndlistarmenn með leiðsögn og listamannaspjall í tengslum við verk þeirra á sýningunni Stöðufundur í Gerðarsafni.

Laugardaginn 7. maí býður Hanna Dís Whitehead upp á skemmtilega listsmiðju fyrir börn þar sem unnið verður að munsturgerð. Smiðjan er frá 13–15 og hentar öllum börnum frá 5 ára aldri og fjölskyldum þeirra. Hanna Dís verður síðan á sunnudag klukkan 14 með leiðsögn um sýninguna Snúningur og fjallar um vinnuferli sitt og tildrög sýningarinnar. Leiðsögninni lýkur með listsmiðju fyrir fullorðna þar sem þátttakendum gefst tækifæri til að grípa í alls konar efnivið! ■

Hanna Dís býr til húsgögn úr því sem áður var ílát. MYND/AÐSEND

Innan rammans á Hjalteyri

kolbrunb@frettabladid.is

Myndlistarsýningin Innan rammans/Inside the Frame verður opnuð í Verksmiðjunni á Hjalteyri, laugardaginn 7. maí klukkan 14, með verkum listakonunnar Michaelu Grill.

Í verkum sínum endurskapar listakonan myndir af því sem fyrir augu ber á göngu um náttúruna en ekki af raunveruleikanum heldur frekar könnun á yfirborði, litaframvindu og hreyfirannsóknum. Í heimsfaraldri voru ferðalög ekki möguleg svo hún fór að vinna með fundið kvikmyndaefni, til að stækka og draga ákveðin atvik út úr flæði, einkum í tengslum við smásjármyndir. Þessi nýjustu verk vinnur hún í samstarfi við tónlistarkonuna Sophie Trudeau.

Michaela, sem býr og starfar í Montreal, stundaði nám í Vínarborg, Glasgow og London (Goldsmith College). Hún hefur gert ýmis kvikmynda- og vídeóverk, innsetningar og myndgjörninga/varpanir. Vídeóverk hennar hafa verið sýnd á yfir 150 hátíðum um allan heim. ■

Michaela Grill sýnir verk á Hjalteyri. MYND/AÐSEND

> Í verkum sínum endurskapar listakonan myndir af því sem fyrir augu ber á göngu um náttúruna.

Fullt hús af lífi

Það er alltaf nóg um að vera í Borgarleikhúsinu. Finndu sýningu við þitt hæfi og bókaðu sæti. Við hlökkum til að taka á móti þér!

Fjölbreytt úrval sýninga á næstunni

Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is

Fréttablaðið á Eurovision

Nína Richter og Ingunn Lára Kristjánsdóttir

Forma skal hár á meðan heitt er

Fyrsti hluti ferðasögu Nínu og Ingunnar hefst með þessum orðum. Flogið er til Ítalíu aðfaranótt sunnudags. Undirbúningur í fullum gangi, beggja vegna hafs. Það þarf að huga að ýmsu, en við þurfum að taka með okkur græjur og svo þurfum við líka að grípa með okkur straujárn, sléttujárn og krullujárn. Hin kvenlega reynsla er að nota alls konar járn til að forma ýmist hár eða textíl.

Í dag stíga hinar íslensku Systur á svið á seinni æfingu fyrir fyrra úrslitakvöldið á þriðjudaginn. Þær fóru í hárgreiðslu í gær og þurftu að sofa með hárið formað í alla nótt, enda enginn tími á sjálfum keppnisdeginum til að vinna hár frá grunni.

Fyrri æfingin gekk eins og í sögu en aðrir keppendur hafa kvartað undan tæknivanda á sviði.

Við Ingunn höfum bókað bílaleigubíl og húsnæði í miðborg Tórínó, í Airbnb-íbúð skammt frá Egypska safninu. Við erum líka búnar að bóka mokdýrt PCR-próf til að sýna fram á fulla heilsu á landamærunum, ásamt öðrum gagnaskilum sem heimsfaraldri tengjast.

Við lendum í tískuborginni Mílanó um hánótt og ætlum því að sofa í einhvers konar upplýstum nestisboxum með lás og ljósi á flugvellinum, þangað til bílaleigan verður opnuð og við ökum til Tórínó. Nestisboxin voru nokkuð sem Ingunn bókaði, Nínu til armæðu, enda vill hin síðarnefnda eingöngu dvelja á hótelum, í anda Önnu Delvey.

Við höfum verið í góðu sambandi við íslenska hópinn og kunnum Felix Bergssyni miklar þakkir fyrir, en hann kom líka í þáttinn okkar, Júró með Nínu og Ingunni, og útskýrði fyrir grænjöxlunum hvernig ætti að haga sér í Júróvisjónborg. Það var lexía sem ekki veitti af, enda erum við báðar að sækja keppnina í fyrsta sinn. ■

Fylgist með á Hringbraut, á samfélagsmiðlum og á frettabladid.is

Íslenskar Harry Potter-bækur boðnar fyrir háar upphæðir

Bækurnar um galdrastrákinn Harry Potter njóta enn mikilla vinsælda. Íslenskar frumútgáfur hafa verið boðnar til sölu erlendis á tugi og jafnvel hundruð þúsunda króna.

tsh@frettabladid.is

Harry Potter og viskusteinninn var gefin út af Bjarti árið 1999 með tveimur mismunandi kápum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Frumútgáfur íslenskra þýðinga Harry Potter-bókanna eru boðnar til sölu á erlendum vefsíðum fyrir hátt í 1.000 Bandaríkjadali, andvirði rúmra 130.000 íslenskra króna. Á Amazon má til að mynda finna fyrstu íslensku útgáfu fyrstu bókar seríunnar, Harry Potter og viskusteinninn, sem gefin var út af Bjarti, til sölu fyrir 999 Bandaríkjadali og á eBay má finna sömu útgáfu til sölu fyrir 996 dali.

Athygli vekur þó að ekki er um að ræða allra fyrstu prentun útgáfunnar frá 1999, sem innihélt kápumynd eftir Guðjón Ketilsson, en sú er mun fágætari og var aðeins prentuð í 1.500 eintökum til að byrja með. Snæbjörn Arngrímsson, fyrrverandi útgefandi hjá Bjarti, segist hafa heyrt af því að útgáfan sé nokkuð eftirsótt.

„Maður heyrir þetta alltaf en ég lagði ekkert svona sérstakan trúnað á að þetta væri sérstaklega eftirsótt. Í þessu fyrsta upplagi kom bókin bara út í 1.500 eintökum og það sem ég held að fólk átti sig ekki alveg á er að það er stafsetningarvilla á forsíðunni. Það er svolítið fyndið," segir Snæbjörn og hlær.

Vísar hann þar í að á fyrstu prentun Bjarts af Harry Potter og viskusteininum er nafn höfundar ritað Joanna Rowling, en ekki J.K. Rowling eins og hún er iðulega kölluð. Var þetta leiðrétt strax í annarri prentun og því ljóst að þessi fyrsta prentun er nokkuð sjaldgæf.

Metin á 5.000 til 30.000 krónur

Ari Gísli Bragason, sem rekur fornbókabúðina Bókina á Klapparstíg, segist sjálfur ekki hafa lagt sig fram við að ná fyrstu útgáfum Harry Potter-bókanna. Þá telur hann að áðurnefnd verðlagning utanlands gæti verið nokkurt ofmat.

„Ég myndi skrá hana inn á svona 15 til 30.000 krónur, ekki spurning. Ef það væri gott eintak með kápunni og ef það væri alveg fyrsta prent. Fólk áttar sig ekki alveg á að kíkja hvort það sé ekki örugglega fyrsta prentun," segir Ari og bætir við að önnur eða þriðja prentun fyrstu útgáfu séu ekki jafn verðmætar.

Auglýsing frá Bjarti í tilefni útgáfu fyrstu Harry Potter-bókarinnar 1999. MYND/BJARTUR

Stu Ness, sem rekur fornbókabúðina Fróða á Akureyri ásamt manni sínum, Ren Gates, er þó aðeins hóflegri í verðlagningu. Í Fróða er upprunalegt eintak af fyrstu útgáfu Harry Potter og viskusteininum, með stafsetningarvillunni í nafni höfundar boðið til sölu á 5.000 krónur.

„Þegar kemur að útgáfu eins og þessari, sem er ekki mjög algeng, þá verður maður eiginlega bara að horfa til þess hvað annað fólk er að gera. Við gerum samanburð til að reyna að fá hugmynd um verðið miðað við hvað fólk er tilbúið að borga," segir Stu og bætir því við að sumum lesendum sé alveg sama um hvort um fyrstu útgáfu sé að ræða á meðan aðrir safni Harry Potter-bókunum á mörgum mismunandi tungumálum.

Stu Ness, hjá Fróða

Snæbjörn Arngrímsson, útgefandi

Ari Gísli Bragason, hjá Bókinni

> Þegar við gáfum út bókina á sínum tíma var hún ekki svona svakalega stór. Þetta er bara allt annar tími.
>
> Snæbjörn Arngrímsson

Aðrir tímar

Snæbjörn Arngrímsson keypti útgáfuréttinn að Harry Potter skömmu eftir að fyrsta bókin kom út í Bretlandi árið 1997 en tvö ár liðu þó þar til bókin kom út á íslensku, meðal annars vegna þess að þeim sem átti upprunalega að þýða bókina féll verkið úr hendi.

„Þegar við gáfum út bókina á sínum tíma þá var hún ekki svona svakalega stór. Þetta er bara allt annar tími. Það var ekki þetta svakalega hæp og internetið var ekki orðið svona almenningseign," segir hann.

Harry Potter varð svo auðvitað, eins og allir þekkja, eitt mesta útgáfuundur bókmenntasögunnar og breytti Bjarti, sem þá stóð nokkuð höllum fæti, yfir í stöndugt útgáfufyrirtæki. „Og reddaði peningamálum mínum og fjölskyldunnar," segir Snæbjörn. ■

Sjá nánar á Frettabladid.is

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 5.-8. maí

Kinda-fillet

2.924 kr/kg

~~3.899 kr/kg~~



Nauta ribeye-steikur

3.989 kr/kg

~~5.699 kr/kg~~

Avókadó
2 stk., forþroskuð

374 kr/pk

~~499 kr/pk~~

Léttreyktar grísakótilettur, úrbeinaðar og hunangsgljáðar

1.959 kr/kg

~~2.799 kr/kg~~

Kryddað lambalæri
Gott á grillið

1.481 kr/kg

~~1.949 kr/kg~~

Brunch pylsur
600 g

599 kr/pk

~~999 kr/pk~~

Cocospread
Violife, 150 g

337 kr/stk

~~449 kr/stk~~

Apple Cider
New Nordic, 30 töflur

1.574 kr/pk

~~2.099 kr/pk~~

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÍÞRÓTTAVIKAN
MEÐ BENNA BÓ
FÖSTUDAGA KL. 19.00
OG AFTUR KL. 21.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótunum.

HRINGBRAUT

Dress and success er yfirskrift fyrirlesturs Lindu Bjargar Árnadóttur á HönnunarMars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Trúnaðarbrestur eftir hrun tengdur tísku bankafólks

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Lindu Bjargar Árnadóttur má ætla að trúnaðarbrestur hafi orðið innan bankageirans við þá aðila sem klæddust sama fatnaði fyrir og eftir hrun.

ninarichter@frettabladid.is

Linda Björg Árnadóttir er fatahönnuður og dósent í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Hún heldur fyrirlestur á HönnunarMars þar sem hún kynnir fyrsta hluta doktorsverkefnis í félagsfræði við Háskóla Íslands, þar sem hún rannsakar félagsfræði tísku. Fyrirlesturinn fer fram í Petersensvítunni klukkan 17 á morgun.

Tíska sem tæki til miðlunar

Fyrsti hluti verkefnisins, af fjórum, fjallar um fatnað og velgengni í íslenska bankakerfinu. Þar rannsakar Linda Björg hvernig tíska er notuð sem tæki til að miðla upplýsingum á borð við stöðu, sjálfsmynd og framsækni – en einnig til að skapa ný tækifæri og innleiða breytingar.

Linda Björg á að baki 30 ár í fatahönnun og er því öllum hnútum kunnug. „Félagsfræði tísku er stór partur af félagsfræðinni. Ég er eini Íslendingurinn sem fer þessa leið," segir Linda Björg og bendir á að í Bretlandi megi til að mynda finna marga tískufélagsfræðinga. „Kannski er það áberandi þar, bæði út af stéttaskiptingunni og líka af því að Bretar eru mjög góðir í tísku," segir hún.

Tíska sem tungumál

Linda Björg segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á félagsfræði tísku. „Þegar við erum að klæða okkur erum við að tala saman," segir hún

> **Einn staður þar sem ekkert breytist er kirkjan. Fatnaður í trúarbrögðum breytist ekki neitt af því að þar eru engar nýjar hugmyndir.**
>
> Linda Björg Árnadóttir

og vísar í bókina The Language of Fashion eftir franska heimspekinginn Roland Barthes. „Þar sem hann heldur því fram að tíska sé bara tungumál eins og hvert annað tungumál. Þar séu setningar, upphrópunarmerki og málsgreinar," segir hún.

„Ég fór til Parísar í fatahönnunarnám eftir nám í textílhönnun hér á landi. Það tók mig mörg ár að fatta að tíska sem fyrirbæri er eitthvað sem þróaðist með borgarsamfélaginu," segir Linda Björg.

„Það er tvennt sem veldur því að tíska verður til. Það er annars vegar franska byltingin og hins vegar iðnbyltingin. Í framhaldi af því þróast borgarsamfélagið mjög hratt og borgin. Það er þannig talið að tíska sé bein afleiðing borgarsamfélagsins. Þegar við erum svona nálægt hvert öðru, og sjáum hvert annað svona mikið," segir hún.

Vildi búa til tískuvísitölu

Linda Björg segir það hafa tekið hana dágóðan tíma að finna hvar hún ætti heima í fræðaheiminum. Hún kveðst ekki hafa áttað sig á því til að byrja með hversu mikið væri til eftir félagsfræðinga um tískufyrirbærið. Hún kveðst hafa fyrst tekið önn í menningarfræðinni en síðan hafi hún fattað að hennar rannsóknarefni ætti frekar heima í félagsfræðinni.

„Ég vildi mæla tísku, búa til einhvers konar tískuvísitölu," segir hún glettin. „Í rauninni hefur verkefnið þróast aðeins frá því."

Upphaflega stefndi Linda Björg að viðtalsrannsókn, í tengslum við námskeið sem hún sótti. „Ég tók viðtöl við bankakonurnar, því að ef tískan er tungumál, hvað eru þær þá að segja með sínum klæðnaði? Síðan varð sú rannsókn stærri og það var margt áhugavert sem kom út úr henni."

Tískutengdur trúnaðarbrestur

Hún bætir við að um sé að ræða sjáanlegan mun á klæðnaði bankafólks fyrir og eftir hrun. Ein af niðurstöðunum sé að tískutengdur trúnaðarbrestur hafi orðið í framhaldinu.

„Það varð ákveðinn trúnaðarbrestur innan bankageirans við þá aðila sem ekki föttuðu hvað hafði gerst, og héldu áfram að klæða sig eins og ekkert hefði í skorist."

Linda Björg segir að ef eitthvað breytist innan samfélagsins, á borð við hugmyndir um jafnrétti, þá verði fötin að breytast. „Einn staður þar sem ekkert breytist er kirkjan. Fatnaður í trúarbrögðum breytist ekki neitt af því að þar eru engar nýjar hugmyndir," segir hún.

Næst segist Linda Björg ætla að skoða listakonur, undir formerkjum eins rannsóknar. „Þar er verið að segja aðra hluti. En rauði þráðurinn í gegnum allt er að ef þú ert ekki sannfærandi og það er ekki í samræmi við þig, þá er þér ekki að takast vel upp," segir hún. ■

Uppselt á uppistand Trevor Noah

ninarichter@frettabladid.is

Uppistandarinn og þáttastjórnandinn Trevor Noah verður með uppistand í Laugardalshöll á föstudag og uppselt er á viðburðinn. Um síðustu helgi skemmti hann gestum á heiðurskvöldverði Hvíta hússins. Hann var einnig kynnir á Grammy-verðlaununum í apríl.

Frá 2015 hefur Noah stjórnað bandarískra spjallþættinum The Daily Show á Comedy Central.

Sjálfsævisaga Trevor Noah, Born a Crime, kom út árið 2016. Hún sló í gegn og náði fyrsta sæti á metsölulistum.

Trevor Noah sló ígegn sem kynnir á Grammy-verðlaununum. MYND/GETTY

Trevor Noah er fæddur í Suður-Afríku árið 1984. Móðir hans er suðurafrísk og faðir hans er hvítur af Evrópuættum. Samband þeirra var ólöglegt á tímum aðskilnaðarstefnunnar og þurftu þau að halda því leyndu. Sú reynsla er áberandi í uppistandinu, þar sem Trevor deilir meðal annars sögum úr æsku.

Trevor Noah gekk í skóla í Jóhannesarborg en flutti til Bandaríkjanna árið 2011. Hann talar sjö tungumál og kveðst vera róttækur í hugsun en ekki róttækur í pólitík, og skilgreinir sig hvorki til hægri né vinstri í bandarískum stjórnmálum. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

NÝTT

Sirius

Sirius
Barðn súkkulaði
MEÐ NÚGGATÍN MÖNDLUM
OG SJÁVARSALTI

Sirius
Doré karamellusúkkulaði
100 g

...fyrir hið ljúfa líf

Ógleymanlegar stundir með ómótstæðilegu
eðal súkkulaði fyrir hið ljúfa líf.

NÓI SÍRÍUS

cocoa HORIZONS

VORAR

TAXI

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

EKKI MISSA AF
ÞESSU
REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

Nature's **REST LUXURY** heilsurúm með C&J stillanlegum botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Rest Luxury er frábær heilsudýna með 18 cm háum pokagormum umvafið af hitasprengdum svampi. Gormakerfið er gert úr tvíhertu stáli með mikinn og góðan stuðning. Natures Rest Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf/stíf. Natures Rest Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Sérlega vönduð gormadýna.

Nature's Bedding

CONFIDENCE IN TEXTILES
Tested for harmful substances

90x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni.
193.900 kr.

156.380 kr.

160x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni.
375.800 kr.

303.083 kr.

CANNES hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með skammel. Grátt, saddle, eða rautt leður/PVC.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **161.219 kr.**

AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skammel. Ýmsir litir PVC.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **161.219 kr.**

BERMUDA

Útisófasett og borð. 210 x 210 x 80 cm.
Hægt að raða upp á marga vegu.

Fullt verð: 179.990 kr.

Nú **145.162 kr.**

AUSTIN sófi

3ja sæta rafdrifinn sjónvarpssófi. 198 x 95 x 98 cm.

Fullt verð: 299.900 kr.

Nú **241.869 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

TFREE

AF ÖLLUM VÖRUM*
LÝKUR Á LAUGARDAG

BOGGIE sófi

3ja sæta sófi í bleiku Toro áklæði. 186 x 77 x 85 cm.

Fullt verð: 119.900 kr.

Nú **96.699 kr.**

Nature's **SUPREME** heilsurúm með Classic botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Supreme er frábær heilsudýna. Gormakerfið er mýkra við axlasvæði, millistíft við miðjusvæði en stífara við neðra baksvæði. Convouled svampur (egglaga) er í efsta lagi dýnunnar sem gefur virkilega góðan stuðning og aðlögun. Einnig gefur lögunin á svampinum meira loftflæði sem auðveldar þér allar hreyfingar og snúning. Mismunandi svamplög gefa Natures Supreme frábæra mýkt.

Nature's Bedding

CONFIDENCE IN TEXTILES
Tested for harmful substances

90x200 cm rúm með Classic botni.
104.900 kr.

84.602 kr.

180x200 cm rúm með Classicbotni.
164.900 kr.

132.992 kr.

HOUSTON hornsófi

Fallegur sófi í Kentucky koníakslituðu Bonded leðri. Hægra eða vinstra horn. 275 x 210 cx 85 cm.

Fullt verð: 249.900 kr.

Nú **201.544 kr.**

LICATA hornsófi

Glæsilegur hornsófi í Kentucky koníakslituðu bonded leðri. 226 x 226 x 82 cm.

Fullt verð: 269.900 kr.

Nú **217.674 kr.**

* **Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Sigraðu innkaupin
með appinu
netto

Bakþankar

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Til glöggvunar

Okkur bárust viðurstyggilegar fréttir frá Bandaríkjunum í vikunni. Ég óttast að hérlendis sé að fara af stað íhaldssemisbylgja áþekk þeirri bandarísku, það liggur eitthvað illa lyktandi í loftinu. Af því tilefni hef ég lítið að segja, en finnst ágætt að nota þennan vettvang minn til góðs og þýddi þekkt slagorð sem ég vil birta til glöggvunar:

Það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna það er er ekki hlutverk karla að setja lög á líkama kvenna. ■

PARTÝBÚÐIN
Fermingar-skraut
Faxafeni 11,
108 Reykjavík
www.partybudin.is
PARTÝBÚÐIN